Reglugerð nr. 789/1999 um styrk kolmónoxíðs og fallryks í andrúmslofti, reglugerð nr. 790/1999 um brennisteinsdíoxíð og svifryk í andrúmslofti, reglugerð nr. 792/1999 um blý í andrúmslofti og reglugerð nr. 793/1999 um köfnunarefnisdíoxíð í andrúmslofti falla úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. apríl 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

9. apríl 2002 Nr. 289

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., nr. 574/1991, með síðari breytingum.

1. gr.

63. gr. orðist svo:

Umsækjandi um viðbótarvottorð, sem hefur ekki heimilisfesti hér á landi, skal hafa umboðsmann, búsettan á EES-svæðinu, sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því er varðar umsóknina. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal fært í einkaleyfaskrá.

2. gr.

69. gr. orðist svo:

Hafi umsækjandi ekki heimilisfesti hér á landi skal hann hafa umboðsmann, búsettan á EES-svæðinu, sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því er varðar umsóknina. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal fært í einkaleyfaskrá.

3. gr.

73. gr. orðist svo:

Frestur skv. 34. gr. einkaleyfalaga rennur út samtímis fresti vegna yfirfærslu skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 69. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. apríl 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Nr. 290 9. apríl 2002

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir, nr. 575/1991, með síðari breytingum.

1. gr.

30. gr. orðist svo:

Hafi umsækjandi ekki heimilisfesti hér á landi skal hann hafa umboðsmann, búsettan á EES-svæðinu, sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því er varðar umsóknina. Umsækjandi, sem búsettur er hér á landi, má hafa umboðsmann. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal fært í einkaleyfaskrá.

2. gr.

5. tölul. 1. mgr. 42. gr. orðist svo:

5) Nafn og heimilisfang umboðsmanns er ekki gefið upp.

3. gr.

Auglýsing þessi sem sett er með heimild í 69. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, sbr. 42. gr. reglugerðar nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. apríl 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Stjórnartíðindi B 48, nr. 288–290. Útgáfudagur 11. apríl 2002.

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 – 2002

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 114/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli vegna innflutnings á hvítkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			kg	%	kr./kg
0704.9001	Hvítkál	15.04. - 30.06.02	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. apríl 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

11. apríl 2002 Nr. 292

REGLUR

um veitingu leyfa til fornleifarannsókna.

1. gr.

Fornleifavernd ríkisins fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna.

2. gr.

Þeir, sem hug hafa á að stunda fornleifarannsóknir, skulu sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins. Stofnunin fjallar um leyfisumsóknir og veitir leyfi eða hafnar umsókn.

Gutenberg

3. gr.

Umsókn skal skila inn á þar til gerðum eyðublöðum sem fást hjá Fornleifavernd ríkisins.

Í umsóknunum skal eftirfarandi koma fram:

1. Nafn umsækjanda (forstöðumanns rannsókna).
2. Heimilisfang.
3. Staða og menntun (æviatriði, menntun, prófgráður og ritaskrá, ljósrit prófskírteina skulu fylgja).
4. Stofnun.
5. Aðrir fornleifafræðingar, sem starfa munu við rannsóknina á vettvangi (æviatriði og menntun), aðrir sérfræðingar, sem vinna að rannsókninni (nöfn og núverandi vinnustaður), og fyrirhugaður fjöldi annarra starfsmanna.
6. Rannsóknarstaður (bæjarland, sveitarfélag, landshluti). Lýsa skal rannsóknarstað sem nákvæmast, legu hans og stærð. Tilgreina skal landeiganda og ábúanda (leigutaka) sé því að skipta. Sé land í einkaeign skal skriflegt leyfi eiganda og umráðamanns, ef við á, vera fengið, nema ákvæði 2. mgr. 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 eigi við.
7. Tilgangur rannsókna.
8. Rannsóknaráætlun. Lýsa skal aðgerðum og skráningu. Gerð skal grein fyrir tímaáætlun vettvangsrannsókna, áætluðum upphafs- og lokadegi og tímaáætlun annarra úrvinnslurannsókna.
9. Forvarsla forngripa. Tilgreina skal forverði, sem taka munu að sér forvörslu forngripa sem kunna að finnast, nöfn þeirra, heimilisföng og símanúmer.
10. Fjármögnun rannsókna. Tilgreina skal þá, sem leggja fram fé til rannsóknanna: vettvangsrannsókna, forvörslu og annarra úrvinnslurannsókna. Auk nafna þeirra, sem fjármagna, skulu fylgja heimilisföng þeirra og símanúmer. Fylgja skal ítarleg kostnaðaráætlun rannsóknanna.
11. Sé sótt um leyfi til framhalds fyrri rannsókna, skal fylgja umsókninni ítarleg skýrsla um stöðu rannsókna og jafnframt breytt rannsókna- og kostnaðaráætlun, ef nauðsyn krefur vegna niðurstöðu þeirra rannsókna sem þegar hafa farið fram. Þá skal fylgja áætlun um útgáfu.

4. gr.

Skilmálar leyfis til fornleifarannsókna eru eftirfarandi:

Leyfi til fornleifarannsókna er veitt af Fornleifavernd ríkisins í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga nr. 107/2001. Fornleifaverndin getur sett skilyrði um forkönnun með tilraunagrefti.

Leyfi til fornleifarannsókna er ekki framseljanlegt og skulu rannsóknirnar fara fram undir beinni stjórn og eftirliti fornleifafræðings þess sem það er veitt, á vettvangi, enda er hann persónulega ábyrgur fyrir þeim.

Stjórnandi fornleifarannsóknar verður að hafa minnst þriggja mánaða uppgraftarreynslu á Íslandi.

Leyfi til fornleifarannsókna gildir í eitt ár frá útgáfudegi.

Vettvangsrannsóknir utan húss skulu fara fram við bestu mögulegar aðstæður, svo að menningarverðmæti liggi ekki að þarflausu undir skemmdum vegna veðurs. Æskilegur tími utanhússrannsókna er frá júníbyrjun til septemberloka.

Sýna skal starfsmönnum Fornleifaverndar ríkisins öll gögn og gripi rannsóknar æski þeir þess við eftirlit.

Við vettvangsrannsóknir skal fara fram ítarleg skráning og ljósmyndun á jarðlögum, mannvistarlögum og forngripum, sem í ljós koma. Hvert atriði skal hljóta auðkenni eða

númer við skráningu. Gera skal forngripaskrá yfir alla fundna forngripi á vettvangi, geta fundartíma, nákvæms fundarstaðar og lýsa helstu einkennum hvers forngrips.

Öll frumgögn vettvangsrannsókna, svo sem dagbækur, skrár, ljósmyndir og teikningar í geymsluhæfu formi, skal afhenda Fornleifavernd ríkisins til varðveislu, með skrá yfir fjölda þeirra. Leyfishafi heldur afritum hjá sér. Alla fundna forngripi skal afhenda forvarða og skráða ásamt forngripaskrá. Gögn og gripi ásamt stuttri yfirlitsskýrslu um gang rannsóknanna á leyfistímanum skal afhenda innan árs. Ef forvarsla gripa tekur lengri tíma skal gerð grein fyrir því við afhendingu annars efnis og afhenda gripina þegar forvörslu þeirra lýkur.

Gripir og sýni skulu afhent Þjóðminjasafni Íslands og varðveitt þar eða hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni skv. ákvörðun þjóðminjavarðar.

Að lokinni vettvangsrannsókn hvers árs skal skila inn til fornleifaverndar eyðublaði þar sem fram koma grunnupplýsingar um gang rannsóknarinnar það árið. Fornleifavernd ríkisins mun gefa út yfirlit yfir fornleifarannsóknir hvers árs sem byggir á þessum upplýsingum.

Endurnýjun rannsóknarleyfis er háð afhendingu gagna og gripa frá fyrra leyfistímabili. Þó skal tekið tillit til þarfa rannsakenda á gögnum og gripum vegna samhengis og endanlegrar útvinnslu rannsóknar.

Leyfishafi skal birta niðurstöður rannsóknar innan fimm ára frá afhendingu gagna og gripa. Þó er heimilt að framlengja ofangreindan frest ef fullnægjandi ástæður eru fyrir hendi að mati Fornleifaverndar ríkisins. Senda skal Fornleifavernd ríkisins endurgjaldslaust tvö eintök af öllu efni, svo sem bókum og greinum í blöðum og tímaritum, sem leyfishafi birtir um rannsóknina.

Leyfishafi skal eiga fyrsta útgáfurétt um gögn og gripi í fimm ár frá lokum vettvangsrannsóknar. Eftir þann tíma skal efnið vera aðgengilegt öðrum vísinda- og fræðimönnum til rannsóknar og útgáfu.

Leyfishafi skuldbindur sig til að ganga vel frá rannsóknarstað milli ára og að rannsókn lokinni. Skal frágangur miða að því að varðveita sem best það, sem eftir er af minjum og að minjastaðurinn sé snyrtilegur í hvívetna.

Vakin er athygli á 18. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 um að allir forngripir (þ.e. lausar fornminjar, einstakir hlutir, 100 ára og eldri) eru eign íslenska ríkisins. Enn fremur á 2. gr. og 4. gr. laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 105/2001 um að eigi megi flyta úr landi muni og gripi, sem eru eldri en 100 ára, nema með leyfi safnaráðs.

Fari leyfishafi ekki að greindum skilmálum eða ákvæðum þjóðminjalaga að mati Fornleifaverndar ríkisins áskilur stofnunin sér rétt til að afturkalla leyfið þegar í stað og krefjast afhendingar gagna til Fornleifaverndar ríkisins og gripa til Þjóðminjasafns Íslands. Það sama gildir ef í ljós kemur að ekki er faglega staðið að rannsóknunum að mati eftirlitsmanna Fornleifaverndar ríkisins og vinnubrögð eru slík að hætta er á að heimildagildi fornleifanna glatist.

5. gr.

Reglur þessar eru settar af Fornleifavernd ríkisins með vísan til 15. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 og öðlast þegar gildi.

Fornleifavernd ríkisins, 11. apríl 2002.

Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður.

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 2002

Nr. 293 918 5. apríl 2002

REGLUGERÐ

um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum.

I. KAFLI
Skilgreiningar og almenn ákvæði.

1. gr.
Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð og hugtök merkingu sem hér segir:

a. *Varnarsamningurinn*: Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins frá 5. maí 1951 og viðbætir við hann um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra frá 8. maí 1951 sem veitt var lagagildi með lögum nr. 110/1951.

b. *Varnarsvæði*: Landsvæði það sem íslensk stjórnvöld hafa lagt til varna landsins og lýst hefur verið samningssvæði samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins og utanríkisráðherra fer með yfirstjórn á, sbr. ákvæði laga nr. 106/1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl. og ákvæði 10. tölul. 14. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969.

c. *Varnarstöð*: Varnarstöð Atlantshafsbandalagsins á Keflavíkurflugvelli, þ.e. svæði Flotastöðvar Bandaríkjanna innan öryggisgirðingar Atlantshafsbandalagsins auk þess hluta flugstöðvar sem er utan girðingar, samanber fylgiskjal með reglugerð þessari.

d. *Varnarliðið*: Liðsmenn í varnarstöð Atlantshafsbandalagsins á Keflavíkurflugvelli úr herliði Bandaríkjanna og starfslið sem herliðinu fylgir og er í þjónustu þess, enda hafi menn þessir hvorki ríkisfang né fasta búsetu á Íslandi, heldur dveljist þar vegna framkvæmdar varnarsamningsins, og skyldulið þeirra. Til varnarliðsins teljast einnig liðsmenn herafla annarra aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins sem uppfylla sömu skilyrði.

e. *Leyfishafar*: Íslenskir ríkisborgarar og aðrir þeir, sem ekki eru á ábyrgð varnarliðsins, sem hafa fengið útgefna aðgangsheimild að varnarstöðinni af sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli.

2. gr.
Afmörkun gildissviðs.

Reglugerð þessi gildir einvörðungu um íslenska borgara og aðra þá sem ekki eru á ábyrgð varnarliðsins. Ekkert ákvæði reglugerðar þessarar skal túlka þannig að það haggi við skuldbindingum íslenska ríkisins eða takmarki heimildir varnarliðsins til aðgangs, umferðar og löggæslu á varnarsvæðunum samkvæmt varnarsamningnum, einkum 10. tölul. 2. gr. viðbætis við hann og afleiddum samningum, einkum samningi um löggæslu á varnarsvæðunum frá 25. febrúar 1988.

Ekkert ákvæði reglugerðar þessarar skal túlka á þann veg að það torveldi að varnarsvæðin séu nýtt til varna landsins og Norður-Atlantshafssvæðisins í samræmi við ákvæði varnarsamningsins og Norður-Atlantshafssamningsins.

Gutenberg

Ekkert ákvæði reglugerðar þessarar skal túlka á þann veg að það takmarki heimildir sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli til að grípa til nauðsynlegra aðgerða, þegar aðrir en varnarliðsmenn og þeir sem varnarliðið ber ábyrgð á eiga í hlut, til að takmarka aðgang að varnarsvæðunum eða umferð um þau vegna hlutverks varnarsvæðanna, öryggissjónarmiða eða ef allsherjarregla krefst þess.

3. gr.

Almenn ákvæði um aðgang og dvöl á varnarsvæðum.

Íslenskum starfsmönnum og öðrum, sem eru ekki á ábyrgð varnarliðsins, er því aðeins heimilt að ferðast um og dvelja á varnarsvæðunum að þeir eigi þangað lögmæt erindi. Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli úrskurðar um hvort aðgangur skuli heimilaður.

Ákvæðum reglugerðar þessarar um aðgangsheimildir verður ekki beitt gagnvart flugliðum og flugfarþegum á eðlilegri leið þeirra til og frá loftfari á Keflavíkurflugvelli, enda beri þeir á sér gildar ferðaheimildir sem umráðamaður loftfars eða umboðsmaður hans gefur út.

Skylt er að hlíta boðum og bönnum íslenskra yfirvalda og varnarliðsins innan varnarsvæðanna, eftir því sem við á, sbr. 10. tölul. 2. gr. viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra og ákvæði samnings um löggæslu á varnarsvæðunum frá 25. febrúar 1988.

Skylt er, að því er varðar umferð og umgengni um varnarsvæðin, að virða sérstöðu svæðanna sem varnarsvæða og hlíta fyrirmælum sem lúta að öryggismálum.

Óheimilt er að valda ónæði eða háreysti á varnarsvæðunum, sem raskar næturró manna, eða hafa í frammi ósæmilega háttsemi. Þá er óheimilt að áreita aðra á almannafæri eða láta falla niðrandi orð um þjóðerni, kynþátt, trúarbrögð, hörundslit eða kynferði.

Uppþot, áflog eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri á varnarsvæðunum og mönnum er óheimilt að þyrpast þar saman eða viðhafa háttsemi sem truflar umferð eða veldur öðrum óþægindum.

II. KAFLI
Aðgangsheimildir að varnarstöðinni.

4. gr.

Aðgangstakmarkanir og flokkun aðgangsheimilda.

Íslenskum starfsmönnum og öðrum sem eru ekki á ábyrgð varnarliðsins er því aðeins heimilt að ferðast um eða dvelja á svæði varnarstöðvarinnar að þeir eigi þangað lögmæt erindi og hafi gilda aðgangsheimild sem sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli gefur út.

Aðgangsheimildir greinast í almenn leyfi og skammtímaleyfi. Almenn leyfi eru veitt mönnum sem eiga reglubundin erindi á svæði varnarstöðvarinnar um lengri tíma. Skammtímaleyfi eru veitt einstaklingum og hópum sem eiga afmörkuð erindi inn á svæðið.

5. gr.

Útgáfa, takmörkun og afturköllun leyfa og skyldur leyfishafa.

Almenn leyfi skal gefa út til tiltekins tíma. Takmarka má leyfi við tiltekna vikudaga og tilgreindan hluta sólarhringsins. Almennt leyfi skal bundið ákveðnu starfi eða starfsemi og er leyfishafa einungis heimilt að nýta leyfið í þeim tilgangi. Láti leyfishafi af því starfi eða leggi niður þá starfsemi fellur leyfið úr gildi.

Leyfishafar skulu kynna sér ákvæði reglugerðar þessarar áður en aðgangsheimild er útgefin, undirrita yfirlýsingu þar að lútandi og skuldbinda sig til að hlíta ákvæðum reglugerðarinnar.

Heimilt er að afturkalla leyfi tímabundið eða að fullu og öllu fyrirvaralaust ef brýna nauðsyn ber til að vernda öryggishagsmuni ríkisins, grundvallaröryggi í starfsemi varnarliðsins eða liðsmanna þess, almannahagsmuni eða allsherjarreglu á svæði varnarstöðvarinnar með þeim hætti, svo og ef grunur leikur á um að leyfishafi hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi.

III. KAFLI
Flokkun, útgáfa og notkun aðgangsskírteina að varnarstöðinni.

6. gr.
Afmörkun varnarstöðvarinnar.

Aðgangsheimildir að varnarstöðinni flokkast eftir svæðum sem hér segir, samanber fylgiskjal með reglugerð þessari:

Flugstöð Leifs Eiríkssonar ásamt þjónustusvæði (svæði 1):

1a Áningarsvæði, landgangshús og landgangur í flugstöð.
1b Farangursskáli og flughlöð.
1c Önnur athafna- og þjónustusvæði innan öryggis- og tollsvæðis með aðkomuleið um öryggishlið á þjónustusvæði.
1d Flugbrautir og flugvélaakbrautir samkvæmt nánari ákvörðun flugvallarstjóra.

Flotastöð varnarliðsins (svæði 2):

Athafnasvæði varnarliðsins, verktaka þess og annarra stofnana með starfsemi þar og íbúðasvæði varnarliðsins.

Bannsvæði (svæði 3):

3a Bannsvæði af öryggisástæðum.
3b Bannsvæði af öryggisástæðum sem varnarliðið skilgreinir sérstaklega.

7. gr.
Útgáfa aðgangsskírteina.

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli gefur út skírteini því til sönnunar að aðgangsheimild hafi verið veitt að svæði varnarstöðvarinnar fyrir íslenska ríkisborgara og aðra þá sem ekki eru á ábyrgð varnarliðsins.

8. gr.
Útgáfa skammtímaskírteina.

Sýslumaður gefur út skammtímaskírteini, sem veita aðgang að svæði 1a, svæði 2 og svæði 3a, fyrir einstaka menn eða hópa sem eiga afmörkuð erindi inn á viðkomandi svæði. Flugvallarstjóri gefur úr skammtímaskírteini sem veita aðgang að svæði 1b, 1c og 1d. Sýslumanni er einnig heimilt að gefa út skammtímaskírteini fyrir starfsmenn í vinnuflokkum sem er ætlað að vinna í skamman tíma innan varnarstöðvarinnar. Flokkstjóri slíks vinnuflokks skal þó jafnan vera með almennt aðgangsskírteini og bera ábyrgð á starfsmönnum sínum.

9. gr.
Útgáfa almennra skírteina.

Sýslumaður gefur út skírteini, sem veita aðgang að svæðum 1, 2 eða 3a, til lengri tíma fyrir þá menn sem fá almenn aðgangsleyfi. Um er að ræða íslenska starfsmenn varnarliðsins, starfsmenn fyrirtækja, sem hafa með höndum starfsemi innan varnarstöðvarinnar, og aðra þá sem eiga reglubundin erindi inn á svæði varnarstöðvarinnar. Gildistími slíkra skírteina fyrir fastráðna starfsmenn skal vera þrjú ár. Skírteini fyrir aðra starfsmenn skulu gilda út ráðningartíma viðkomandi starfsmanns, en í öllu falli ekki lengur en eitt ár.

10. gr.

Gerð almennra skírteina fyrir svæði 1.

Í skírteinum sem veita aðgang að svæði 1, samkvæmt reglum þessum, skulu vera nafn leyfishafa, ljósmynd af honum, kennitala hans, nafn vinnuveitanda, gildistími og stimpill og undirritun sýslumanns og áletrunin „*Keflavíkurflugvöllur*“.

Gildissvæði skírteinanna eru auðkennd með mismunandi grunnlitum og litatáknum sem hér segir:

Grunnlitir:

a) Hvítur. Fyrir starfsmenn sem starfa í og við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
b) Grænn. Fyrir þá erlenda stjórnarerindreka og þá starfsmenn skrifstofu forseta Íslands, forsætisráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins, sem þurfa starfs síns vegna að hafa aðgang að áningarsvæði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, og fyrir framkvæmdastjóra Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Gestir geta verið í fylgd handhafa þessara skírteina án sérstakrar aðgangsheimildar, að fengnu leyfi vakthafandi löggæslufulltrúa, en skulu bera sérstök bráðabirgðaaðgangsskírteini sé þess óskað. Leyfishafi er ávallt ábyrgur fyrir fylgdarmönnum sínum.
c) Dökkblár. Fyrir þá starfsmenn utanríkisráðuneytisins, sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli og flugvallarstjóra sem stjórna öryggismálum á varnarsvæðunum. Aðgangur handhafa þeirra er ótakmarkaður og er þeim heimilt að hafa með sér gesti án sérstakrar aðgangsheimildar.

Litatákn:

Á skírteininu skal vera ferningur sem greinist í fernt með línum sem dregnar eru horna á milli. Hver þríhyrndur flötur innan ferningsins táknar tiltekin svæði í eða við Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sbr. 6. gr. hér að framan.

a) Gulur: Svæði 1a.
b) Rauður: Svæði 1b.
c) Grænn: Svæði 1c.
d) Brúnn: Svæði 1d.

11. gr.

Gerð almennra skírteina fyrir svæði 2 og svæði 3a.

Skírteini, sem veita aðgang að svæði 2 og svæði 3a, skulu auðkennd með orðunum „*Keflavíkurflugvöllur – varnarstöð*“. Á skírteinunum skal vera merki varnarstöðvarinnar á framhlið, nafn og kennitala leyfishafa, nafn vinnuveitanda hans og gildistími skírteinisins. Á bakhlið skal vera stimpill og undirritun sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli.

Varnarliðið gefur út sams konar skírteini fyrir liðsmenn varnarliðsins og þá, sem eru á ábyrgð þess, sbr. ákvæði 4. gr., þar sem stimpill og undirritun yfirmanns varnarstöðvarinnar eru á bakhlið skírteinisins.

Í samræmi við samninga milli Íslands og Bandaríkjanna getur sýslumaður ákveðið, án fyrirvara, að skírteini, sem veita aðgang að svæðum 2 og 3a, veiti einnig aðgang að svæði 1.

12. gr.

Umsókn um skírteini.

Umsókn um skírteini skal vera á þar til gerðu eyðublaði sem skal liggja frammi á skrifstofum sýslumannsembættisins og flugvallarstjóra. Vinnuveitendur skulu sækja um skírteini fyrir starfsmenn sína.

Til að fá útgefin hvít skírteini fyrir svæði 1 skal afla samþykkis flugvallarstjóra. Leita skal álits flugvallarstjóra vegna útgáfu grænna skírteina fyrir svæði 1.

13. gr.

Gjaldtaka fyrir útgáfu skírteina.

Umsækjandi um skírteini skal greiða gjald til sýslumanns til að standa straum af kostnaði við útgáfu skírteinisins og umsýslu tengdri skírteinaútgáfu. Ákvæði um flokkun og fjárhæð gjaldtöku skulu sett í sérstakri gjaldskrá.

14. gr.

Skil skírteina.

Skírteini er eign sýslumannsembættisins og skal því skilað þegar gildistími þess er útrunninn, það hefur verið afturkallað eða leyfishafi er hættur þeim störfum eða hefur lagt niður þá starfsemi sem var ástæða útgáfu skírteinisins. Notkun útrunninna skírteina er bönnuð.

Glatist skírteini skal það þegar tilkynnt sýslumanni og umsókn fyllt út að nýju, ef gefa þarf út nýtt skírteini.

15. gr.

Notkun skírteina.

Leyfishafa ber ávallt að bera á sér skírteini um aðgangsheimild innan varnarstöðvarinnar og framvísa því sé þess krafist af lögbærum fulltrúum yfirvalda eða varnarliðsins svo og af eftirlitsmönnum mannvirkja. Sýslumaður getur ákveðið að tilteknum hópum leyfishafa eða þeim öllum sé, á tilteknum svæðum eða tilteknum tímum, skylt að bera skírteini á sér þannig að þau séu sýnileg. Ákvörðun um slíkt skal kynna með greinilegum hætti. Notkun skírteina í blóra við ákvæði reglugerðarinnar skal sæta viðurlögum.

IV. KAFLI
Viðurlög.

16. gr.

Viðurlög.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 82/2000 um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, 141. gr. loftferðalaga nr. 60/1998 og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir skal brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum og allt að þrefaldri sektarupphæð við ítrekað brot. Samhliða er sýslumanni heimilt að ákveða að svipta leyfishafa aðgangsheimild að varnarstöð tímabundið, eða að fullu og öllu við ítrekað brot. Sýslumanni er heimilt að skilorðsbinda sviptingu á þann veg að framkvæmd hennar frestast haldi leyfishafi skilorð í tvö ár og falli niður að þeim tíma liðnum. Sérlega alvarleg brot sæta frekari sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Séu skilyrði fyrir veitingu aðgangsheimildar ekki lengur fyrir hendi eða ef leyfishafi hefur brotið gegn ákvæðum reglugerðar þessarar getur sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli svipt leyfishafa aðgangsheimild tímabundið, eða að fullu og öllu við ítrekað brot. Ákvörðun um sviptingu skal rökstödd og leyfishafa skal gefinn kostur á að neyta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin. Sýslumaður getur, ef þörf er á eðli máls samkvæmt, afturkallað tímabundið aðgangsheimild leyfishafa að svæði varnarstöðvarinnar meðan á meðferð máls stendur.

Kæra má ákvörðun um sviptingu leyfis til utanríkisráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun er tekin.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.
17. gr.
Gildistaka og brottfall.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 82/2000 um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, 1. mgr. 70. gr. loftferðalaga nr. 60/1998, sbr. reglugerð fyrir Keflavíkurflugvöll nr. 254/1973 um umferð, öryggi o.fl. og lögum nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir, sbr. einnig lög nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, lög nr. 106/1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl. og ákvæði 10. tölul. 14. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 81/1990 um takmörkun umferðar og dvalar á svæði Keflavíkurflugvallar og reglur frá 27. febrúar 1990 settar á grundvelli hennar.

Ákvæði til bráðabirgða.


Aðgangsskírteini, sem eru gefin út með heimild í reglugerð nr. 81/1990 og veita aðgang að svæðum 2 og 3a, skulu halda gildi sínu til 1. ágúst 2002. Önnur aðgangsskírteini, sem gefin hafa verið út með heimild í eldri reglugerð, skulu gilda til 1. desember 2002.

Utanríkisráðuneytinu, 5. apríl 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir H. Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.


SKÝRINGAR
SVÆÐI 1a
Aðflugsmörk, landgangshús og landgangur í flugstöð.
SVÆÐI 1b
Farangursskáli og flugstöð.
SVÆÐI 1c
Athafna- og þjónustusvæði innan öryggis- og tollsvæðis.
SVÆÐI 1d
Flugbrautir og flugvéla-akbrautir
SVÆÐI 2
Athafnasvæði varnarliðsins.
SVÆÐI 3
Bannsvæði.
VERKFRÆÐISTOFA NJARÐVÍKUR ehf
Febrúar 2002
Keflavík
Njarðvík
Ósar
Hafnir
Fylgiskjal.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Rannsóknar- og vísindasjóðinn COR.

1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Rannsóknar- og vísindasjóðurinn COR. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Bjarni Torfason, kt. 280351-2299, Bergstaðastræti 79, 101 Reykjavík og Elsa Friðrika Eðvarðsdóttir, kt. 191254-3259, Bergstaðastræti 79, 101 Reykjavík.

3. gr.

Stofneign sjóðsins er samtals kr. 570.000 -krónur fimmhundruðogsjötíuþúsund- og bera stofnendur engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjóðsins umfram stofnframlag sitt. Ekki er heimilt að skerða stofnframlag sjóðsins en heimilt er að ráðstafa öllum tekjum sjóðsins í þágu yfirlýstra markmiða sjóðsins.

Tekjur sjóðsins skulu vera framlög utanaðkomandi aðila, hvers konar styrktarfé, gjafir, vaxtatekjur og önnur framlög sem veitt er viðtöku eða aflað.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir á sviði hjartaskurðlækninga, m.a. með endurmenntun, tækjakaupum, rannsóknar- og ferðastyrkjum. Einnig er heimilt að ráðstafa tekjum sjóðsins í greiðslur vegna aðkeyptrar vinnu og þjónustu í þágu rannsókna.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 3 mönnum kosnum á aðalfundi, sem halda skal eftir að ársuppgjör sjóðsins liggur fyrir, til eins árs í senn. Stjórn sjóðsins skal í fyrsta sinn kosin á stofnfundi sjóðsins.

Einungis stofnendur sjóðsins eða lögerfingjar þeirra sameiginlega skulu hafa heimild til að kjósa stjórn sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins tekur allar ákvarðanir um rekstur sjóðsins og hvernig markmiðum hans sé best náð. Í því skyni skal stjórn sjóðsins setja sér sérstakar starfsreglur er kveða nánar á um verkaskiptingu stjórnarmanna og hvernig markmiðum sjóðsins verði best náð.

Stjórnin metur hvort þörf er fyrir ráðningu sérstaks starfsmanns og annast um ráðningu hans ef þörf er á slíkum starfsmanni.

Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðarbók um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar. Stjórnunarkostnaður skal allur greiðast af fjármunum sjóðsins.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera frá 1. janúar til 31. desember. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar, viðurkenndar reikingsskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum eða endurskoðunarfélagi.

Reikningar sjóðsins skulu eigi síðar en 30. júní ár hvert sendir ríkisendurskoðun, í samræmi við ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt

staðfestri skipulagsskrá. Einnig skulu endurskoðaðir reikningar sjóðsins sendir forstjóra Landspítala-háskólasjúkrahúss.

8. gr.

Allar breytingar á skipulagsskrá sjóðsins skulu vera samþykktar af öllum stjórnarmönnum.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu allar eigur hans renna til stofnana eða samtaka sem vinna að rannsóknum á sviði hjartaskurðlækninga, en ef ekki finnst slík stofnun eða samtök skulu eigur sjóðsins renna til Hjartaverndar.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi skal staðfest af dómsmálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Framangreint staðfest af stofnendum sjóðsins, Bjarna Torfasyni og Elsu Friðriku Eðvarðsdóttur, í Reykjavík þann 1. mars 2002.

Stjórnarmenn kosnir í fyrsta sinn við stofnun sjóðsins:

Bjarni Torfason, kt. 280351-2299, Bergstaðastræti 79, 101 Reykjavík.

Elsa Friðrika Eðvarðsdóttir, kt. 191254-3299, Bergstaðastræti 79, 101 Reykjavík.

Eðvarð Jón Bjarnason, kt. 011276-3189, Ásvallagötu 3, 101 Reykjavík.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. mars 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

Nr. 295 3. apríl 2002

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Þverár í Borgarfirði.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Þverár í Borgarfirði. Heimili þess og varnarþing er í þeirri þinghá þar sem formaður félagsins á búsetu á hverjum tíma.

2. gr.

Hlutverk félagsins er að gera lax- og silungsveiði sem arðbærasta á félagssvæðinu. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að selja árnar á leigu til stangveiða, en koma í veg fyrir allar aðrar veiðiaðferðir í þeim, nema nauðsynlega netaveiði til þess að ná í klaklax.

Þá hyggst félagið stunda fiskirækt, eftir því sem við á, til að auka arðsemi ánna.

3. gr.

Félagsmenn eru allir þeir, sem rétt eiga til veiði í Þverá (Stóru-Þverá), Örnólfsdalsá, Kjararárá, Litlu-Þverá, Króksvatnsá, Lambá, Langavatns- og Skjaldartjarnarkvíslum. Þessar jarðir eiga veiðirétt í ánum: Neðranes, Efranes, Kaðalstaðir I, Kaðalstaðir II, Lundar, Lundar II, Steinar, Gunnlaugsstaðir, Guðnabakki, Sleggjulækur, Ásbjarnarstaðir, Selhagi, Síðumúli, Sámsstaðir, Gilsbakki, Örnólfsdalur, Helgavatn, Norðtunga, Arnbjargarlækur, Hjarðarholt, Bakkakot, Stafholtsveggir, Hamraendar, Högnastaðir, Kvíar I, Kvíar II, Hermundarstaðir, Lundur, Sigmundarstaðir, Grjót, Höfði og Hamar.

4. gr.

Takmörk félagssvæðisins að neðan eru þar sem straumlína Þverár sameinast straumlínu Hvítár og að ofan við upptök Skjaldartjarnarkvíslar og Langavatnskvíslar, við Lambárfoss, við Króksvatnsárfoss og við Kambsfoss í Litlu-Þverá.

5. gr.

Veiði öll skal óheimil í vatnsföllum þeim, er samþykktin nær til, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Skal fram tekið í veiðileyfi, að eigi sé heimilt að nota önnur veiðitæki en stöng, til hve langs tíma leyfið sé veitt og á hvaða svæði árinnar það heimili að veiða.

6. gr.

Aðalfundur kýs árlega þrjá menn í stjórn félagsins og einn til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema lögleg forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn félagsins í þrjú ár samfleytt.

7. gr.

Félagsstjórnin annast útleigu ánna til einstakra manna eða félaga að fengnu samþykki félagsfundar, þó aldrei fyrir lengri tíma í einu en 10 ár. Í slíkum samningi skal jafnan fram tekið, með hve mörgum stöngum megi veiða samtímis á hinu leigða veiðisvæði og önnur skilyrði fyrir veiðinni.

8. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún hefur og eftirlit með því, að samþykktum félagsins sé hlýtt og má ráða mann sér til aðstoðar til þess að hafa eftirlit með veiðinni o.fl. Formaður félagsstjórnarinnar kemur fram fyrir félagsins hönd út á við og hefur yfirumsjón með störfum þess og öllum fjárreiðum. Á fundum stjórnarinnar ræður afl atkvæða. Stjórnarfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað og tveir stjórnarmenn eru mættir.

9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en í júní ár hvert. Um skilyrði fyrir lögmæti funda fer eftir ákvæðum laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Um atkvæðisrétt félagsmanna fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári.

Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Auk stjórnar kýs aðalfundur tvo skoðunarmenn félagsreikninga til eins árs í senn. Hann kveður og á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

Á fundi skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn.

10. gr.

Aukafund heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ef 1/4 félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram til úrskurðar.

12. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt gildandi arðskrá.

Rétt er félagsmanni að krefjast endurskoðunar á arðskrá á átta ára fresti. Einnig er félagsmanni, sem telur gengið á hlut sinn með arðskrá, rétt að krefjast yfirmats. Um gerð arðskrár fer samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

Arði félagsins skal skipt svo fljótt sem verða má.

13. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema 2/3 félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna. Nú verður breyting á samþykkt eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

14. gr.

Félaginu má slíta ef 2/3 hlutar félagsmanna samþykkja það, enda sé það þá heimilt að lögum. Eignum félagsins eða skuldum, sem þá kunna að verða, skal jafnað niður samkvæmt arðskrá.

15. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

16. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er út gildi felld samþykkt fyrir Veiðifélag Þverár í Borgarfirði nr. 202/1942.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. apríl 2002.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um búsetu fatlaðra.

1. gr.

Fatlaðir skulu eiga kost á að búa þannig að sem best henti hverjum og einum miðað við óskir hins fatlaða, aðstæður og þörf á þjónustu.

Um er að ræða eftirfarandi kosti:

A. Íbúðir.
B. Íbúðir með sameiginlegri aðstöðu.
C. Sambýli.
D. Áfangastaði.
E. Vistheimili.
F. Heimili fyrir börn.

Ef rekstraraðili er annar en ríkið skal starfsemin vera á grundvelli þjónustusamnings við félagsmálaráðuneytið sem taki til reksturs á húsnæðinu og þeirrar þjónustu sem veitt er.

2. gr.

Íbúðir með sameiginlegri aðstöðu.

Með íbúðum með sameiginlegri aðstöðu er átt við íbúðir í fjöleignarhúsi, eða íbúðir á tilteknu svæði, með sameiginlegri aðstöðu. Með sameiginlegri aðstöðu er átt við rými þar sem starfsmenn geta haft aðstöðu og eftir atvikum einnig með eldhúsi, sjúkrabaði o.fl. sem íbúar eiga aðgang að.

Sameiginleg aðstaða er rekin á vegum rekstraraðila, þ.e. leiga, eftir því sem við á, rafmagn, hiti og annar rekstur.

3. gr.

Sambýli.

Sambýli eru heimili fámennra hópa fatlaðra, að jafnaði 18 ára og eldri, sem halda heimili saman gegnum heimilissjóð, sbr. 4. gr., og þarfnast að jafnaði nærveru starfsmanns.

Eigi skulu vera fleiri en sex íbúar á hverju sambýli og skulu þeir hver um sig eiga kost á einkarými ásamt snyrtiaðstöðu ef kostur er. Öll sambýli sem byggð eru eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu vera með snyrtiaðstöðu í einkarými.

Í húsnæði sem keypt er undir sambýli eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu herbergi ekki vera minni en 10 m^2.

Á sambýlum skal fjöldi starfsmanna ráðast af mati á þjónustuþörf íbúanna.

4. gr.

Launakostnaður starfsmanna sambýla greiðist af rekstraraðila. Jafnframt greiðir rekstraraðili fæðisfé starfsmanna og rennur það í heimilissjóð sambýlisins.

Annar rekstrarkostnaður greiðist af íbúum sambýlisins, annars vegar með greiðslu í sérstakan heimilissjóð og hins vegar með húsaleigu.

Heimilissjóður skal standa undir sameiginlegum útgjöldum íbúanna, þ.e. fæðiskostnaði, rafmagns- og hitakostnaði, kaupum á heimilistryggingu, afnotagjöldum af síma, sjónvarpi og útvarpi, eðlilegu viðhaldi húsbúnaðar, svo og öðru sem tilheyrir venjulegu heimilishaldi, þó ekki rekstri bíls. Jafnframt skal heimilissjóðurinn standa undir kostnaði af viðhaldi á læsingum, vatnskrönum, raftenglum og öðru smálegu. Gerður skal samningur við hvern og einn íbúa um greiðslu í heimilissjóð. Framlag hvers íbúa í heimilissjóð skal að hámarki nema 55% af örorkulífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka eða jafngildi þess.

Gerður skal húsaleigusamningur við hvern og einn íbúa sambýlisins um þann hluta sambýlisins sem hann hefur afnot af. Um samninginn gilda ákvæði húsaleigulaga. Um leigufjárhæð fer sem hér segir:

	Leiga á mánuði
Herbergi minna en 10 m^2	11.000 kr.
Herbergi 10–14 m^2	13.000 kr.
Herbergi stærra en 14 m^2	15.000 kr.
Herbergi með snyrtingu	18.000 kr.
Ígildi 2ja herberga íbúðar	23.000 kr.

Fjárhæð húsaleigu er endurskoðuð í janúarmánuði ár hvert og tekið mið af bótum almannatrygginga eða vísitölu neysluverðs eftir því sem er fötluðum hagstæðara.

Um rétt íbúa sambýla til húsaleigubóta fer eftir lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, sbr. lög nr. 52/2001.

Samanlagt framlag íbúa til heimilissjóðs og húsaleigu, að teknu tilliti til húsaleigubóta, nemi þó ekki hærri fjárhæð en 80% af örorkulífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka eða jafngildi þess.

5. gr.

Áfangastaðir.

Með áfangastað er átt við dvalarstað fyrir fatlaða þar sem þeim er gefinn kostur á að búa tímabundið eftir að þeir hafa dvalið á stofnun og til að undirbúa sjálfstætt líf.

Ákvæði 4. gr. gilda að öðru leyti um áfangastaði.

6. gr.

Vistheimili.

Með vistheimili er átt við sólarhringsstofnanir fyrir fatlað fólk, 18 ára og eldra, þar sem fólkið á heimili og fær nauðsynlega þjónustu.

Rekstrarkostnaður greiðist allur úr ríkissjóði og fá heimilismenn vasapeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

7. gr.

Heimili fyrir börn.

Börn á aldrinum 0–18 ára sem vegna fötlunar sinnar geta ekki búið í foreldrahúsum skulu eiga kost á dvöl á sérstökum heimilum fyrir börn. Skilyrði slíkrar dvalar er að hún sé í þágu barns og að ósk foreldra/forsjáraðila og að leitað hafi verið allra leiða til að styðja og styrkja fjölskyldu barns til að annast það heima.

Foreldrar fara með forsjá barns sem dvelst á heimilinu, sbr. barnalög. Umönnun og uppeldi, sem veitt er á heimilinu, skal fara fram í samráði við foreldra barns eftir því sem kostur er. Um leið og barn fer til dvalar á heimilið skal gengið frá skriflegu samkomulagi við foreldra barns um tilhögun dvalarinnar og tengsl barns við foreldra. Skal þar m.a. kveðið á um samvistir foreldra og barns, bæði á heimilinu og á heimili foreldra, svo og stuðning foreldra við barnið, eins og í veikindum þess.

Starfsmönnum heimilisins er skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við foreldra eftir því sem kostur er.

8. gr.

Þjónusta við fatlaða.

Þjónusta við fatlaða skal ávallt veitt með þeim hætti að hún efli sjálfstæði þeirra og færni.

Fatlaðir sem búa í íbúðum eða íbúð með sameiginlegri aðstöðu eiga rétt á utanaðkomandi aðstoð:

A. Heimaþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Hversu mikil þjónusta er veitt fer eftir mati á þjónustuþörf annars vegar og reglum viðkomandi sveitarfélags hins vegar.

B. Frekari liðveislu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Frekari liðveisla er viðbótarþjónusta við þá lögbundnu almennu þjónustu sem fötluðum stendur til boða, svo sem félagsleg heimaþjónusta og heimahjúkrun, og kemur einungis til álita að réttur til slíkrar þjónustu hafi verið fullnýttur. Með frekari liðveislu er átt við aðstoð við fatlað fólk sem býr ekki á sambýli eða stofnun enda sé ljóst að hinn fatlaði þurfi á aðstoðinni að halda m.a. til að komast hjá því að búa á sambýli eða stofnun. Þjónustan er að jafnaði einungis veitt fötluðum 18 ára og eldri. Hversu mikil þjónusta er veitt fer eftir mati á þörf, röðun í forgang á svæðinu og því fjármagni sem veitt er til málaflokksins af hálfu ríkisins.

Jafnframt geta fatlaðir átt rétt á almennri liðveislu samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélags.

Um heimahjúkrun vísast til laga um heilbrigðisþjónustu. Aðstoð tengist einstaklingum og þörf þeirra á hverjum tíma.

9. gr.

Á sambýlum og vistheimilum skal fötluðum veitt sú þjónusta sem nauðsynleg er til að efla sjálfstæði þeirra og færni. Skal íbúunum veitt leiðsögn eftir þörfum og kappkostað að hafa þá með í ráðum um allt er varðar einkahagi þeirra og heimilishagi.

Íbúar á áfangastað fá félagslega hæfingu, stuðning og ráðgjöf.

Heimili fyrir börn skulu tryggja börnum þroskavænleg uppeldisskilyrði og nauðsynlega umönnun. Leitast skal við að þau fái notið þjálfunar og tómstunda utan heimilis svo sem frekast er kostur.

10. gr.

Ákvörðun um búsetu og þjónustu.

Umsókn um búsetu í íbúð með sameiginlegri aðstöðu, sambýli, vistheimili, heimili fyrir börn og áfangastað skal send til viðkomandi svæðisskrifstofu. Umsókn er því aðeins gild að hún komi frá hinum fatlaða eða forráðamanni hans.

Svæðisskrifstofa skal sjá um að þörf hins fatlaða fyrir þjónustu sé metin áður en búseta er ákveðin. Skal við matið haft samráð við greiningar- og ráðgjafaraðila.

Sé viðkomandi búsetuúrræði á vegum svæðisskrifstofu tekur svæðisskrifstofa ákvörðun um vistun í samráði við hinn fatlaða og væntanlegt sambýlisfólk hans.

Sé búsetuúrræði á vegum annars aðila en svæðisskrifstofu, þ.e. sveitarfélags, félagasamtaka eða sjálfseignarstofnunar, skal leita samþykkis þess aðila áður en ákvörðun um vistun er tekin í samráði við hinn fatlaða og væntanlegt sambýlisfólk hans.

11. gr.

Verði ágreiningur um afgreiðslu umsóknar um búsetu skv. 10. gr. skal málið sent svæðisráði sem fjallar um það mál.

12. gr.

Rekstur og ábyrgð á starfsemi stofnana og heimila fatlaðra og varsla einkafjármuna íbúa.

Rekstraraðili heimilis eða stofnunar, eða starfsmaður í umboði hans, ber ábyrgð á starfsemi heimila og stofnana skv. B–F-lið 1. gr., þ.e. starfsmannahaldi, innra starfi og samskiptum við aðra aðila, svo sem aðstandendur, vinnustaði, skóla og dagvist.

Í þeim tilvikum þar sem hinn fatlaði getur ekki séð um meðferð einkafjármuna eða hún hefur ekki verið falin öðrum aðila gildir eftirfarandi tilhögun:

A. *Sambýli og áfangastaðir.*

Rekstraraðili, eða starfsmaður í umboði hans, ber ábyrgð á vörslu þeirra einkafjármuna íbúa sem renna eiga til reksturs heimilisins, þ.e. húsaleigu, sameiginlegs heimilissjóðs, svo og til persónulegra þarfa íbúa.

Rekstraraðili skal fela tilteknum starfsmanni sambýla og áfangastaða að halda bókhald um fjárframlag íbúa til húsaleigu og heimilissjóð og er ábyrgur gagnvart íbúum eða umboðsmönnum þeirra um meðferð rekstrarfjármuna.

Greiðslur til einkaneyslu, utan heimilissjóðs og húsaleigu, skulu færðar sérstaklega.

B. *Vistheimili.*

Um ábyrgð á vörslu vasapeninga og færslur fer eftir A-lið 3. mgr.

Ákvæði A-liðar 2. mgr. getur jafnframt átt við um íbúðir með sameiginlegri aðstöðu.

Gerður skal samningur milli rekstraraðila og íbúa um vörslu og meðferð einkafjármuna þeirra samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og með hliðsjón af 3. gr. laga, nr. 52/2001, um breytingu á lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997, öðlast gildi 1. október 2002. Frá sama tíma er úr gildi fallin reglugerð um búsetu fatlaðra, nr. 555/1994.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. apríl 2002.

Páll Pétursson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

Nr. 297 16. apríl 2002

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 62, 25. janúar 2002, um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð 2002.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 62, 25. janúar 2002, um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð 2002.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. apríl 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um starfsemi radíóáhugamanna.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi nær til starfsemi radíóáhugamanna á sviði þráðlausra fjarskipta og kveður á um réttindi þeirra og skyldur.

2. gr.
Orðskýringar.

Radíóáhugamannaþjónusta: Þráðlaus fjarskiptaþjónusta sem hefur að tilgangi eigin þjálfun, samskipti á ljósvakanum og tæknilegar athuganir sem radíóáhugamenn annast, þ.e. einstaklingar sem fengið hafa til þess heimild. Þjónustan er eingöngu í þágu einstaklinga og má ekki nota til fjárhagslegs ávinnings.

Radíóáhugamannaþjónusta um gervitungl: Þráðlaus fjarskiptaþjónusta sem notar gervitungl í sama tilgangi og önnur radíóáhugamannaþjónusta.

CEPT: Conference Européenne des Administrations des Postes et des Telecommunications, samtök stjórnvalda á sviði pósts og fjarskipta í Evrópu.

ITU: International Telecommunication Union, Alþjóðasamband fjarskiptamála.

Kallmerki: Röð tákna sem gerir kleift að bera kennsl á einstakan leyfishafa.

3. gr.
Leyfi radíóáhugamanna.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfi radíóáhugamanna að fengnum umsóknum. Stofnunin skal leita umsagnar félagsins Íslenskir radíóamatörar áður en leyfi er gefið út.

Íslenskir ríkisborgarar geta sótt um leyfi radíóáhugamanna og sömuleiðis erlendir ríkisborgarar sem dvelja hér á landi langdvölum. Erlendir ríkisborgarar geta einnig sótt um leyfi samkvæmt 9. gr., þegar við á.

Leyfi radíóáhugamanna skulu aðgreind í G-, N- og T-leyfi. Áður en leyfi er gefið út skal umsækjandi standast próf sem staðfestir hæfni hans til að starfa sem radíóáhugamaður á sviði þráðlausra fjarskipta og rafeindatækni. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að taka gilt sem prófvottorð fyrir G-leyfi skírteini loftskeytamanns.

Umsækjendur um leyfi radíóáhugamanna sem ekki hafa náð 15 ára aldri verða að leggja fram með leyfisumsókn samþykki forráðamanns sem jafnframt skal gangast undir ábyrgð um að farið verði að reglum.

4. gr.
Heimildir radíóáhugamanna.

Radíóáhugamönnum er heimilt að stunda fjarskipti í þeim tíðnisviðum sem talin eru upp í viðauka í samræmi við tegund leyfis. Um það hvaða tíðnisvið má nota fyrir sendingar radíóáhugamanna um gervitungl vísast til alþjóðaradíóreglugerðarinnar. Fyrir hvert tíðnisvið er sýnt hámarksafl sendis og mesta leyfilega bandbreidd. Í sérstökum tilfellum getur Póst- og fjarskiptastofnun veitt tímabundna heimild til notkunar meira afls. N-leyfishafar mega eingöngu nota útsendingaraðferðirnar ómótað Morse (A1A) og tíðnihliðrunarlyklun (F1B) á tíðnum fyrir neðan 30 MHz, en að öðru leyti eru útsendingaraðferðir sem rúmast innan hámarksbandbreiddar í viðkomandi tíðnisviði leyfilegar. Radíóáhugamönnum er heimilt að setja saman búnað fyrir þráðlaus fjarskipti í eigin þágu og þurfa ekki gerðarsamþykki fyrir slíkum búnaði. Búnað radíóáhugamanna má ekki nota í öðrum tilgangi en

þessar reglur kveða á um. Radíóáhugamönnum er einnig heimilt að tengja hvers kyns loftnet við búnað sinn. Póst- og fjarskiptastofnun getur sett takmarkanir á stefnumögnun loftneta eða útgeislað afl ef ljóst er að hætta sé á að annar fjarskiptabúnaður, þ.m.t. útvarpsviðtæki, yfirstýrist af sendingu radíóáhugamanns. Einnig getur stofnunin sett takmarkanir á útgeislað afl ef sýnt þykir að heilsu manna geti stafað hætta af útgeisluðu afli.

Radíóáhugamönnum sem fengið hafa G-, eða T-leyfi er heimilt að veita lærlingum aðgang að stöð sinni. Leyfishafa er skylt að hafa í einu og öllu umsjón með þátttöku lærlingsins. Áður en leyfishafi heimilar lærlingi að nota búnað sinn skal hann tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun formlega um nafn lærlingsins og hversu lengi fyrirhugað er að lærlingnum verði veittur aðgangur að búnaði leyfishafa.

5. gr.

Próf og prófkröfur.

Póst- og fjarskiptastofnun heldur próf fyrir radíóáhugamenn að jafnaði að vori og hausti. Væntanlegir þátttakendur skulu tilkynna sig til Póst- og fjarskiptastofnunar annaðhvort skriflega eða með tölvupósti eigi síðar en viku fyrir próf en próf falla niður ef fyrirhuguð þátttaka réttlætir ekki að þau séu haldin. Póst- og fjarskiptastofnun getur falið samtökum radíóáhugamanna að hafa umsjón með prófum og taka þátt í gerð prófgagna. Stofnunin getur einnig falið samtökum radíóáhugamanna að annast próf enda sé tilnefndur ábyrgðarmaður af hálfu samtakanna. Samtök radíóáhugamanna bera sjálf kostnað af þátttöku sinni í prófhaldi.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út ef þess er óskað prófskírteini sem eru í samræmi við tilmæli CEPT 61-02 (Harmonised Amateur Radio Examination Certificate, HAREC). Prófkröfur taka mið af sömu tilmælum eftir því sem við á og eru eftirfarandi:

a) N-próf
   1. Grunnatriði í rafmagns- og radíófræði.
   2. Innlendar og alþjóðlegar reglur og aðferðir í viðskiptum.
   3. Helstu atriði í lögum um fjarskipti og reglugerð um radíóáhugamenn.
   4. Viðtaka og sending Morse merkja með hraða eigi minni en 25 bókstafir á mínútu í formi bók- og tölustafaruna. Tímalengd skal vera minnst 3 mínútur og leyfðar villur í sendingu eru mest 5 þar af ein óleiðrétt. Leyfðar eru mest 4 villur í móttöku. Prófað skal með handlykli.

b) G-próf
   1. Tækni:
      Raf-, rafsegul- og radíófræði.
      Íhlutir.
      Rásir.
      Viðtæki.
      Sendar.
      Loftnet og sendilínur.
      Útbreiðsla rafsegulbylgna.
      Mælingar.
      Truflanir og truflanavernd.
      Öryggismál í sambandi við rafmagn.
   2. Innlendar og alþjóðlegar reglur um viðskipti og aðferðir:
      Stöfun með orðum.
      Q-skammstafanir.
      Skammstafanir sem eru notaðar í viðskiptum.
      Alþjóðleg neyðarmerki, neyðarköll og fjarskipti í náttúruhamförum.

Kallmerki.
Skipulag alþjóðlegu radíóáhugamannasamtakanna (IARU) á tíðnisviðum radíóáhugamanna.

3. Innlendar og alþjóðlegar reglur um þráðlaus fjarskipti áhugamanna:
Radíóreglugerð ITU.
Reglur CEPT.
Innlend löggjöf, reglugerðir og leyfisskilyrði.

4. Sending og móttaka Morse-merkja með sömu reglu og gildir fyrir N-próf.

c) T-próf
Sömu prófkröfur og til G-prófs að undanteknum kröfum um Morse-próf.

Póst- og fjarskiptastofnun setur nánari reglur um efni til prófs í samræmi við tilmæli CEPT.

Próf önnur en Morse-próf skulu vera skrifleg en heimilt er að bregða út af því er aðstæður réttlæta. Póst- og fjarskiptastofnun skipar prófdómara nema samtökum radíóáhugamanna hafi verið falið að annast próf.

6. gr.
Lagnir og tækjabúnaður.

Radíóáhugamenn skulu ganga úr skugga um að allar lagnir sem tengja búnað þeirra við rafmagnsnetið, svo og búnaðurinn sjálfur, samræmist opinberum reglum um raforkuvirki. Spenna á rásum í heimasmíðuðum búnaði N-leyfishafa skal ekki vera hærri en 50 volt.

Allur sendibúnaður leyfishafa skal hafa tíðnistöðugleika í samræmi við kröfur alþjóðaradíóreglugerðarinnar. Óæskileg útgeislun skal einnig vera takmörkuð við ákvæði alþjóðaradíóreglugerðarinnar.

7. gr.
Staðsetning búnaðar.

Í leyfisbréfi skal koma fram hver sé notkunarstaður búnaðar leyfishafa nema þegar um far- eða burðarstöð er að ræða. Tilkynna skal Póst- og fjarskiptastofnun þegar í stað um nýtt aðsetur leyfishafa. Leyfishöfum er heimilt að flytja búnað sinn tímabundið á annan stað. Leyfishafar geta fengið heimild til reksturs sameiginlegrar stöðvar. Ábyrgðarmaður slíkrar stöðvar eða samtök radíóáhugamanna skulu senda Póst- og fjarskiptastofnun umsókn þar að lútandi. Stofnunin getur áskilið að rekstur slíkrar stöðvar sé undir eftirliti ábyrgðarmanns eða samtakanna.

8. gr.
Kallmerki.

Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar leyfishöfum kallmerki sem nota skal í öllum viðskiptum. Íslensk kallmerki hefjast á bókstöfunum TF en á eftir fylgir tölustafur sem gefur til kynna landshlutann þar sem leyfishafi er staðsettur og síðan einn til þrír bókstafir sem eru einstaklingsbundnir. Forðast skal að úthluta sömu bókstafaröð í mismunandi landshlutum. Kallmerki N-leyfishafa skal enda á þremur bókstöfum og er síðasti stafurinn alltaf N. Kallmerki T-leyfishafa skal enda á þremur bókstöfum og er síðasti stafurinn alltaf T. Póst- og fjarskiptastofnun getur úthlutað sérstöku kallmerki vegna reksturs sameiginlegrar stöðvar jafnvel þó að þeir sem að slíkum rekstri standa hafi sitt eigið kallmerki.

Lærlingar hjá leyfishafa skulu nota kallmerki hans að viðbættu skástriki og bókstafnum Q og til viðbótar tölustaf sem gefur til kynna röð lærlingsins hjá viðkomandi leyfishafa.

Leyfishafar sem nota far- eða burðarstöðvar skulu bæta aftan við kallmerki sitt skástriki og bókstafnum M eða P eftir því hvort um far- eða burðarstöð er að ræða. Þegar

leyfishafi notar búnað sinn tímabundið á nýjum stað skal hann bæta við kallmerki sitt skástriki og tölustaf sem gefur til kynna svæðið sem hann er fluttur til.

Radíóáhugamenn með erlend réttindi sem starfrækja búnað sinn hér á landi í samræmi við 2. mgr. 9. gr. skulu skeyta bókstöfunum TF ásamt skástriki framan við kallmerki sem þeim hefur verið úthlutað í heimalandi sínu. Aðrir radíóáhugamenn með erlend réttindi sem fá tímabundið leyfi hér á landi skulu skeyta skástriki og bókstöfunum TF aftan við kallmerki sem þeim hefur verið úthlutað í heimalandi sínu.

Leyfishafar skulu auðkenna sendingar með kallmerki sínu hvort sem um Morse eða tal er að ræða. Kallmerkið skal gefa upp sem fyrst eftir byrjun sendingar og alltaf í lok hennar.

9. gr.

Leyfi radíóáhugamanna með erlend réttindi.

Radíóáhugamenn með erlend réttindi geta starfað hér á landi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Þeir sem dvelja skamman tíma hér á landi og hafa aflað sér CEPT leyfisbréfs radíóáhugamanns í heimalandi sínu geta starfrækt far- eða burðarstöð í samræmi við leyfisbréfið í allt að þrjá mánuði. Heimildin til að starfrækja búnaðinn á Íslandi gildir þó ekki lengur en leyfisbréfið. Radíóáhugamönnum með erlend réttindi sem uppfylla ákvæði þessarar málsgreinar er einnig heimilt að starfrækja búnað íslenskra radíóáhugamanna innan marka leyfis síns.

Radíóáhugamenn sem dvelja hér lengur en þrjá mánuði og geta framvísað samræmdu prófskírteini, sbr. 5. gr., geta sótt um íslenskt leyfi og sömuleiðis aðrir radíóáhugamenn með erlend réttindi sem Póst- og fjarskiptastofnun telur fullnægjandi.

10. gr.

Innihald viðskipta.

Viðskipti radíóáhugamanna skulu beinast að því að auka þekkingu á eðli og útbreiðslu þráðlausra fjarskipta og til þess að auka skilning manna á milli. Ekki eru takmarkanir á innihaldi fjarskipta að öðru leyti en því að óheimilt er að veita þriðja aðila fjarskiptaþjónustu gegn beinni eða óbeinni greiðslu eða senda auglýsingar, áróður og skemmtiefni, þ.m.t. hljómlist. Óheimilt er að nota dulmál við sendingar. Þegar um er að ræða sendingu á staðrænum upplýsingum skal nota aðgengilegar samskiptareglur.

Radíóáhugamenn sem hafa leyfi til þráðlausra fjarskipta skulu án endurgreiðslu aðstoða stjórnvöld og almenning við að koma tilkynningum um alvarleg slys, náttúruhamfarir eða annað hættuástand til réttra neyðar- og björgunaraðila. Sending gabbmerkja er stranglega bönnuð og getur varðað leyfissviptingu.

Radíóáhugamenn skulu virða ákvæði 43. gr. laga um fjarskipti um þagnarskyldu.

11. gr.

Dagbók.

Mælt er með því að radíóáhugamenn haldi dagbók yfir viðskipti sín t.d. í tölvutæku formi. Eftirlitsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunar skal framvísuð dagbók leyfishafa ef grunur leikur á um að truflun hafi hlotist af starfsemi leyfishafa eða að ákvæði leyfisbréfs hafi verið brotin.

12. gr.

Aðstoð við eftirlit.

Radíóáhugamenn skulu eftir mætti aðstoða eftirlitsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar við leit að truflunum sem taldar eru stafa frá stöðvum radíóáhugamanna, m.a. með því að

aðstoða við miðun á truflanavaldi. Slík aðstoð skal vera endurgjaldslaus nema um annað hafi verið samið fyrirfram.

13. gr.
Aðgangur eftirlitsmanna.

Eftirlitsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunar skal heimilaður aðgangur að búnaði radíóáhugamanna sem fellur undir ákvæði þessarar reglugerðar í því skyni að kanna hvort hann samræmist reglugerðinni. Leiki á grunur um að búnaður radíóáhugamanns valdi truflunum á annarri fjarskiptastarfsemi skal hann veita eftirlitsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunar aðstoð við að stöðva truflanirnar.

14. gr.
Niðurfelling leyfa.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að undangenginni rannsókn að fella leyfi radíóáhugamanns úr gildi ef um alvarlegt brot á ákvæðum leyfisbréfs, laga um fjarskipti eða þessarar reglugerðar er að ræða.

15. gr.
Leyfisgjöld.

Fyrir leyfisbréf greiðist samkvæmt gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar. Leyfið tekur ekki gildi fyrr en að gjaldið hefur verið innt af hendi. Sama gjald greiðist fyrir samræmt prófskírteini.

16. gr.
Fjarskipti á hættutímum.

Á ófriðartíma getur samgönguráðherra samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar mælt fyrir um stöðvun fjarskipta sem teljast hættuleg öryggi ríkisins.

17. gr.
Lög og reglur.

Radíóáhugamönnum ber að haga starfsemi sinni í samræmi við lög um fjarskipti og reglugerðir og reglur sem settar eru með heimild í lögunum.

18. gr.
Viðurlög.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 107/1999.

19. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 59. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 staðfestist hér með til að öðlast gildi nú þegar. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni nr. 625/1981 ásamt seinni breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 5. apríl 2002.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI

Tíðnisvið radíóáhugamanna, sendiafl og bandbreidd.

Tíðnisvið	Forgangs-flokkur	N-leyfi	G-leyfi	T-leyfi	Bandbreidd
135,7-137,8 kHz	2		100		1 kHz
1.810-1.850 kHz	1	100	1000		6 kHz
1.900-2.000 kHz	2	10	10		6 kHz
3.500-3.800 kHz	1	100	1000		6 kHz
7.000-7.100 kHz	1	100	1000		6 kHz
10.100-10.150 kHz	2	100	1000		1 kHz
14.000-14.350 kHz	1	100	1000		6 kHz
18.068-18.168 kHz	1	100	1000		6 kHz
21.000-21.450 kHz	1	100	1000		6 kHz
24.890-24.990 kHz	1	100	1000		6 kHz
28.000-29.700 kHz	1	100	1000		18 kHz
50-52 MHz	2	25	100	100	18 kHz
144 -146 MHz	1	25	500	500	18 kHz
430-440 MHz	1		500	500	30 kHz
1.240-1.300 MHz	2		100	100	20 MHz
2.300-2.450 MHz	2		100	100	20 MHz
5.650-5.850 MHz	2		100	100	20 MHz
10-10,5 GHz	2		100	100	50 MHz
24-24,05 GHz	1		100	100	50 MHz
24,05-24,25 GHz	2		100	100	50 MHz
47-47,2 GHz	1		100	100	50 MHz
76-77,5 GHz	2		100	100	100 MHz
77,5-78 GHz	1		100	100	100 MHz
78-81 GHz	2		100	100	100 MHz
122,25-123 GHz	2		100	100	40 MHz
134-136 GHz	1		100	100	100 MHz
136-141 GHz	2		100	100	100 MHz
241-248 GHz	2		100	100	100 MHz
248-250 GHz	1		100	100	100 MHz

Ath. Sendiaflið er toppgildi aflsins (PEP), þ.e. hæsta meðalafl sem sendirinn gefur frá sér á hverri peróðu RF-merkisins í 50/300/600 ohma endurkastslaust álag.

Forgangsflokkur nr. 1 merkir að radíóáhugamenn eigi forgang að tíðnisviðinu, ef til vill með öðrum notendum. Forgangsflokkur nr. 2 merkir að radíóáhugamenn megi ekki trufla aðra notendur í sama tíðnisviði sem eru í 1. forgangsflokki og að radíóáhugamenn njóta ekki verndar gegn truflunum frá þeim.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 713, 6. október 2000 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Færeyjum.

1. gr.

Í 1. gr. auglýsingarinnar breytist dagsetningin: „1. febrúar 2002“ í dagsetninguna: 1. febrúar 2003.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. apríl 2002.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

10. apríl 2002 Nr. 300

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 714, 6. október 2000 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Noregi.

1. gr.

Í 1. gr. auglýsingarinnar breytist dagsetningin: „1. febrúar 2002“ í dagsetninguna: 1. febrúar 2003.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. apríl 2002.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

2. apríl 2002 Nr. 301

AUGLÝSING

um sameiningu Reykjahrepps og Húsavíkurkaupstaðar.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 7. mars 2002 staðfest sameiningu Reykjahrepps og Húsavíkurkaupstaðar í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga í eitt sveitarfélag skal taka gildi 9. júní 2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum tveimur sveitarfélögum.

Íbúar beggja sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum tveimur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosning sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags skal fara fram þann 25. maí 2002, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara þannig að bæjarstjórn Húsavíkur kýs tvo fulltrúa og tvo til vara og hreppsnefnd Reykjahrepps einn og einn til vara. Undirkjörstjórnir þær sem kosnar voru á Húsavík og kjörstjórn sem kosin var í Reykjahreppi í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Samhliða sveitarstjórnarkosningum verður kosið um nafn hins sameinaða sveitarfélags samkvæmt tillögu sameiningarnefndar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. apríl 2002.

Páll Pétursson.

Hermann Sæmundsson.

Nr. 302 5. apríl 2002

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í Kerengi í landi Miðengis, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Kerengi í landi Miðengis, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 838/2001 um deiliskipulag frístundabyggðar í Kerhrauni í landi Miðengis, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 5. apríl 2002.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Hvaleyrarvatn og Höfðaskógur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. apríl 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin varðar svæði við Hvaleyrarvatn og Höfðaskóg þar sem opið svæði/almennt grænt svæði og íbúðarsvæði til síðari nota verður opið svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. apríl 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Höfðaskógur – Hvaleyrarvatn", Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 18. september 2001 breytingu á deiliskipulagi „Höfðaskógur – Hvaleyrarvatn", Hafnarfirði.

Breytingin felst í að svæðið umhverfis Hvaleyrarvatn er skipulagt með ýmissi útivistaraðstöðu og ræktunarstöð auk þess sem legu útivistarvegar er breytt, nýir byggingareitir afmarkaðir o.fl.

Farið var með tillöguna samkv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 3. apríl 2002.

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag svæðis milli norðurhafnar og miðhafnar á Húsavík.

Húsavíkurbær hefur samþykkt deiliskipulag svæðis milli norðurhafnar og miðhafnar á Húsavík. Í deiliskipulaginu eru skilgreind lóðamörk tveggja iðnaðarlóða, stærð þeirra og leyfilegt nýtingarhlutfall og sýnd breytt lega strandvegar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Húsavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Húsavík, 26. mars 2002.

Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi Þingeyinga.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Sjávargötu 11, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 26. mars 2002 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Sjávargötu 11 í Bessastaðahreppi frá skipulagi Sjávargötu, dags. 15. október 1993. Breytingin felst í stækkun byggingarreits á lóðinni.

Skipulagsuppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 4. apríl 2002.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í landi Ásgarðs, Grímsnes- og Grafningshreppi, vegna dæluhúss Orkuveitu Reykjavíkur.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt breytingu á deiliskipulagi í landi Ásgarðs, Grímsnes- og Grafningshreppi, vegna dæluhúss Orkuveitu Reykjavíkur.

Breyting deiliskipulagsins tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 15. apríl 2002.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skipsbúnað nr. 988/2000.

1. gr.

Í 2. gr. c-lið, d-lið og n-lið fellur niður tilvísun í 1. janúar 1999 og í staðinn kemur 1. janúar 2001.

2. gr.

Við 3. mgr. 5. gr. bætist eftirfarandi setning:

Svo á einnig við um búnað sem talinn er upp sem „nýr liður" undir dálknum „heiti" í viðauka A.1.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 1. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1993 og með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2001/53/EB frá 10. júlí 2001 um breytingu á tilskipun 96/98/EB frá 20. desember 1996, um búnað um borð í skipum sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun nr. 6/2002.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 2002.

Samgönguráðuneytinu, 16. apríl 2002.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

9. apríl 2002 Nr. 309

AUGLÝSING

um ökutækjatryggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 84/1998, er ákveðið að vátryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 1.278 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 227 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 32/1998, er ákveðið að vátryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og vátryggingartaka samkvæmt 1.-3. mgr. 92. gr. skuli vera 96 millj. kr.

3. gr.

Samkvæmt heimild í 4. málsl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar, nr. 556 29. desember 1993, sbr. reglugerð nr. 309/1999, er ákveðið að hámark eigin áhættu vátryggingartaka samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 112.000 kr. fyrir einstakling og 240.000 kr. fyrir rekstraraðila, svo og að hámark eigin áhættu samkvæmt 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 40.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatryggingar, nr. 279 28. mars 2001.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. apríl 2002.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 – 2002

18. apríl 2002 945 Nr. 310

GJALDSKRÁ

vegna kostnaðar við gerð bindandi álita í skattamálum.

1. gr.

Til að mæta þeim kostnaði sem fjármálaráðherra og ríkisskattstjóri hafa af gerð bindandi álita í skattamálum skal hver sá sem óskar eftir áliti greiða gjald eftir því sem kveðið er á um í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Þegar beiðni um bindandi álit er lögð fram skal greiða grunngjald kr. 50.000. Að auki skal greiða 4000 kr. viðbótargjald fyrir hverja vinnustund við gerð bindandi álits umfram 10 vinnustundir áður en álitið er látið uppi.

3. gr.

Heimilt er að endurgreiða grunngjald ef álitsbeiðandi dregur beiðni sína um bindandi álit til baka áður en vinna hefst við gerð álitsins. Ennfremur er heimilt að endurgreiða allt að helming grunngjaldsins ef beiðni um bindandi álit er vísað frá án þess að þörf sé á sérstökum rökstuðningi. Að öðru leyti gilda ákvæði 2. gr. um frávísanir.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 7. gr. laga nr. 91/1998 um bindandi álit í skattamálum, með síðari breytingum, og 4. mgr. 117. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 18. apríl 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Erla Þ. Pétursdóttir.

Stjórnartíðindi B 51, nr. 310. Útgáfudagur 18. apríl 2002.

B 62
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 – 2002

Nr. 311 946 16. apríl 2002

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. n bætist við ný grein, 2. gr. o, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2001 frá 13. júlí 2001 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1324/2001 frá 29. júní 2001 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1617/93 varðandi samráð um fargjöld og úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Framangreind EB-gerð felur í sér breytingu á 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1617/93, sbr. reglugerðir nr. 375/1994 og 693/1996, auk reglugerðar dagsettrar í dag, í B-deild Stjórnartíðinda.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á 11. lið b í XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB (ákvörðunin í tölublaði nr. 47/2001, bls. 10). EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 16. apríl 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Gutenberg

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1324/2001
frá 29. júní 2001
um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1617/93 varðandi samráð um fargjöld og úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3976/87 frá 14. desember 1987 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða á sviði flutninga í lofti [1], eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 2. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð [2],

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samninga og yfirburðastöðu á sviði flutninga í lofti,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1617/93 [3], eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1083/1999 [4], veitti framkvæmdastjórnin hópundanþágu, meðal annars fyrir samráð um gjaldskrár fyrir farþega og farangur þeirra í áætlunarflugi og úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum og gerð flugvallaráætlunar. Sú reglugerð gildir til 30. júní 2001.

2. Framkvæmdastjórnin hefur átt frumkvæði að samráði um hvort hópundanþágunni fyrir samráð um fargjöld skuli haldið í sinni núverandi mynd. Því samráði mun ljúka fyrir árslok 2001. Í framhaldi af þessu samráði mun framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu um nýja hópundanþágu eða hefja sérstaka málsmeðferð. Því ber að framlengja gildandi hópundanþágu fyrir samráð um fargjöld um eitt ár.

3. Ástæðurnar, sem gefnar voru 1993 fyrir veitingu hópundanþágu fyrir samninga og samstilltar aðgerðir varðandi úthlutun afgreiðslutíma og gerð flugvallaráætlunar um flugþjónustu milli flugvalla í bandalaginu, eru enn í fullu gildi. Það er því við hæfi að framlengja þessa hópundanþágu. Til að gefa kost á aðlögun hópundanþágunnar þegar fyrirhugaðar breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum [5] verða samþykktar skal leyfa framlengingu um þrjú ár.

4. Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 1617/93 í samræmi við þetta.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1617/93 komi eftirfarandi í stað annarrar málsgreinar:

„Hún gildir til 30. júní 2002 að því er varðar undanþágu fyrir samráð um gjaldskrár fyrir farþega og farangur þeirra og til 30. júní 2004 að því er varðar undanþágu fyrir úthlutun afgreiðslutíma og gerð flugvallaráætlunar."

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 2001.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Mario MONTI
framkvæmdastjóri.

---

(1) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1987, bls. 9.
(2) Stjtíð. EB C 107, 7.4.2001, bls. 4.
(3) Stjtíð. EB L 155, 26.6.1993, bls. 18.
(4) Stjtíð. EB L 131, 27.5.1999, bls. 27.
(5) Stjtíð. EB L 14, 22.1.1993, bls. 1.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. m bætist við ný grein, 2. gr. n, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/1999 frá 25. júní 1999 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1083/1999 frá 26. maí 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1617/93 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða varðandi sameiginlega áætlunargerð og samræmda ferðaáætlun, sameiginlegan rekstur, samráð um fargjöld og farmgjöld í áætlunarflugi og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Framangreind EB-gerð felur í sér breytingu á nokkrum greinum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1617/93, sbr. reglugerðir nr. 375/1994 og 693/1996 í B-deild Stjórnartíðinda.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á 11. lið b í XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB (tölublað nr. 54/2000, bls. 268-270). EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 16. apríl 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1083/1999

frá 26. maí 1999

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1617/93 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða varðandi sameiginlega áætlunargerð og samræmda ferðaáætlun, sameiginlegan rekstur, samráð um fargjöld og farmgjöld í áætlunarflugi og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3976/87 frá 14. desember 1987 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða á sviði flutninga í lofti [1], eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 3. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð [2],

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu á sviði flutninga í lofti,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3976/87 er framkvæmdastjórninni heimilt að beita 3. mgr. 81. gr., áður 3. mgr. 85. gr. sáttmálans, með reglugerð gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða er varða flutninga í lofti sem falla undir 1. mgr. 81. gr. og taka meðal annars til sameiginlegrar áætlanagerðar og samræmdra ferðaáætlana á flugleiðum, samráðs um gjaldskrá fyrir farþega og farangur og farmflutning í áætlunarflugi, sameiginlegs reksturs í áætlunarflugi á nýjum leiðum þar sem annir eru minni og úthlutunar afgreiðslutíma á flugvöllum og flugvallaráætlunar.

2) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1617/93 [3], eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1523/96 [4], veitti framkvæmdastjórnin flokkaundanþágu fyrir framangreind efnissvið. Sú reglugerð gilti til 30. júní 1998.

3) Framkvæmdastjórnin hóf viðamikla rannsókn fyrir 30. júní 1998 með það að markmiði að ákvarða að hve miklu leyti rétt er að veita undanþágur fyrir þau fjögur efnissvið flutninga í lofti sem falla undir reglugerð (EBE) nr. 1617/93. Hlutaðeigandi atvinnurekendur voru beðnir að gera úttekt á þeirri starfsemi sem þeir stunda nú á hverju hinna fjögurra efnissviða sem falla undir reglugerðina og veita upplýsingar um hvort ný fyrirtæki eigi möguleika á að hasla sér völl á markaðnum.

4) Draga má þá ályktun af fyrirliggjandi niðurstöðum rannsóknarinnar og samráði við atvinnurekendur að ekki sé ráðlegt að framlengja flokkaundanþáguna vegna samninga um sameiginlega áætlunargerð og samræmdar ferðaáætlanir og samninga um sameiginlegan rekstur. Þessi ályktun er dregin á grundvelli þeirrar niðurstöðu að samningarnir, einkum ef um er að ræða bandalög, fela í sér víðtæka viðskiptasamvinnu, til að mynda tvíhliða samráð um gjaldskrár, sem ekki er unnt að veita undanþágu fyrir samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1617/93. Því er ekki rétt að framlengja gildistíma reglugerðar (EBE) nr. 1617/93 að því er varðar þessi tvö efnissvið, með fyrirvara um að fyrirtæki gætu mögulega notið undanþágu ein og sér samkvæmt 3. mgr. 81. gr.

5) Ekki reyndist unnt að ljúka rannsóknum á samningum og samstilltum aðgerðum varðandi samráð um gjaldskrár fyrir farþega og farangur þeirra í áætlunarflugi og úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum í tæka tíð til að samþykkja og birta nýja reglugerð fyrir 30. júní 1998.

6) Til að tryggja réttaröryggi hlutaðeigandi fyrirtækja og til þess að unnt sé að draga ályktanir af niðurstöðum yfirstandandi rannsókna með það í huga að samþykkja nýja reglugerð eigi síðar en 30. júní 2001 er rétt að framlengja gildistíma ákvæða reglugerðar (EBE) nr. 1617/93 um samráð um gjaldskrá fyrir farþega með farangur og úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum til þess dags.

7) Breyta ber reglugerð (EBE) nr. 1617/93 af þessum sökum.

([1]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1987, bls. 9.
([2]) Stjtíð. EB C 369, 28.11.1998, bls. 2.
([3]) Stjtíð. EB L 155, 26.6.1993, bls. 18.
([4]) Stjtíð. EB L 190, 31.7.1996, bls. 11.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1617/93 er breytt sem hér segir:

1. fyrsti og annar undirliður í 1. gr. falli niður;
2. 2. og 3. gr. falli niður;
3. ii-liður í 6. gr. falli niður;
4. í stað „30. júní 1998“ í 7. gr. komi „30. júní 2001“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Hún kemur til framkvæmda 1. júlí 1998.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. maí 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT
framkvæmdastjóri.

GJALDSKRÁ

Póst- og fjarskiptastofnunar.

Virðisaukaskattur er ekki innifalinn í upphæðunum.

1. gr.

Leyfisbréf fyrir búnað fyrir þráðlaus fjarskipti.

Leyfisbréf fyrir notkun búnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti eru gefin út af Póst- og fjarskiptastofnun þegar hann er tekin í notkun, við eigendaskipti og við allar breytingar á búnaði. Sjá 14. gr. um búnað sem er leyfisskyldur.

		kr.
1.1	Leyfisbréf skipa og flugvéla með milli-/stuttbylgjustöð	4.400
1.2	Leyfisbréf skipa og flugvéla án milli-/stuttbylgjustöðvar	2.200
1.3	Leyfisbréf fastastöðva á landi með sértíðnum og sendiafli yfir 100 w	7.500
1.4	Leyfisbréf fastastöðva á landi með sértíðnum og sendiafli minna en 100 w	3.750
1.5	Leyfisbréf farstöðva á landi með almennar tíðnir eða sértíðnir, þ.m.t. stöðvar með skipa-, flugvéla- og gervitunglatíðnum	2.200
1.6	Leyfisbréf jarðstöðva sem geisla meira en 50 dBW og eru ekki hluti af innviðum almennra fjarskiptaneta	4.750
1.7	Leyfisbréf jarðstöðva sem eru hluti af almennum fjarskiptanetum	9.500
1.8	Leyfisbréf fyrir útvarpssenda	9.500
1.9	Leyfisbréf fyrir fastasambönd sem ekki eru hluti almennra fjarskiptaneta	4.750

Leyfisbréf eru ekki gefin út fyrir öðrum fastastöðvum í almennum fjarskiptanetum enda séu tæknilegir eiginleikar stöðvanna í samræmi við reglur sem Póst- og fjarskiptastofnun getur sett.

2. gr.

Skoðunargjald fyrir radíótæki í skipum og flugvélum.

		kr.
2.1	Skoðunargjald fyrir radíótæki í skipum og flugvélum með milli-/stutt-bylgju	25.000
2.2	Skoðunargjald fyrir radíótæki í skipum og flugvélum án milli-/stutt-bylgju	16.000
2.3	Aukaskoðun radíótækja skv. 2.1	15.000
2.4	Aukaskoðun radíótækja skv. 2.2	9.600

3. gr.

Árlegt starfrækslugjald fyrir radíótæki í skipum, flugvélum og fyrir landstöðvar.

		kr.
3.1	Starfrækslugjald vegna radíótækja í skipum og flugvélum	4.000
3.2	Starfrækslugjald fyrir smábáta og flugvélar sem eingöngu eru búin metra-bylgju	2.000
3.3	Starfrækslugjald fyrir fastastöðvar í landi (móðurstöðvar) með sértíðnum	4.000
3.4	Starfrækslugjald fyrir farstöðvar í landi, þ.m.t. stöðvar með almennar skipa-, flugvéla- og gervitunglatíðnir	2.200
3.5	Starfrækslugjald fyrir farstöðvar í landi með sértíðnum:	
3.5.1	Tveggja tíðni rásir	2.400
3.5.2	Einnar tíðni rásir	1.800
3.5.3	Sítónn á einnar tíðni rásum	1.080
3.6	Starfrækslugjald fyrir talstöðvar með skammtímaleyfi, gildir lengst í 6 mánuði	1.500
3.7	Starfrækslugjald fyrir jarðstöðvar sem geisla meira en 50 dBW og eru ekki hluti af innviðum almennra fjarskiptaneta	25.000
3.8	Starfrækslugjald fyrir jarðstöðvar sem eru hluti almennra fjarskiptaneta	40.000

Björgunarsveitum sem eru meðlimir landssamtaka björgunarsveita er veittur 75% afsláttur af gjöldum samkvæmt 3.5.1 og 3.5.2 en krefjast má að gögn um aðild séu lögð fram.

4. gr.

Árleg starfrækslugjöld fyrir fastasambönd.

		kr.
4.1	Radíóleiðir á metra- og örbylgju með 1-4 talrása flutningsgetu	5.000
4.2	Radíóleiðir á metra- og örbylgju með 5-29 talrása flutningsgetu	12.000
4.3	Radíóleiðir á metra- og örbylgju með 30-119 talrása flutningsgetu	24.000
4.4	Radíóleiðir á örbylgju með 120 talrása flutningsgetu og yfir	40.000
4.5	Radíóleiðir á örbylgju með einni sjónvarpsrás	36.000
4.6	Radíóleiðir á metra- og örbylgju með flutningsgetu allt að 2 Mb/s	24.000
4.7	Radíóleiðir á örbylgju með flutningsgetu 2-7,9 Mb/s	27.000
4.8	Radíóleiðir á örbylgju með flutningsgetu 8-44 Mb/s	35.000
4.9	Radíóleiðir á örbylgju með flutningsgetu 45 Mb/s og yfir	50.000

5. gr.
Árlegt starfrækslugjald fyrir senda í farsímanetum.

		kr.
5.1	Fyrir hverja talrás eða jafngildi hennar í sendi í farsímanetum	2.700

6. gr.
Árlegt starfrækslugjald fyrir senda í Tetra netum.

		kr.
6.1	Fyrir hverja burðarbylgju í sendi í móðurstöð í Tetra neti	3.000

7. gr.
Árlegt starfrækslugjald fyrir almenn boðkerfi.

		kr.
7.1	Fyrir hvern sendi í boðkerfi	15.000

8. gr.
Árlegt starfrækslugjald fyrir þráðlaus notendakerfi á örbylgju, þ.m.t. á 10,7-12,5 GHz.

		kr.
8.1	Fyrir hvert MHz sem heimilað er að nota alls staðar á landinu	15.000
8.2	Fyrir hvert MHz sem heimilað er að nota á höfuðborgarsvæðinu	9.000
8.3	Fyrir hvert MHz sem heimilað er að nota á einstökum stöðum annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu	1.000

9. gr.
Árleg starfrækslugjöld fyrir strandarstöðvasenda og senda í flugþjónustu.

		kr.
9.1	Fyrir senda á tíðnum yfir 30 MHz	5.000
9.2	Fyrir senda á tíðnum 30 MHz og lægri	15.000

10. gr.
Árleg starfrækslugjöld fyrir útvarpssenda.

		kr.
10.1	Sjónvarpssendar á Suðvesturlandi með sendiafl 1 kW eða meira	260.000
10.2	Sjónvarpssendar á Suðvesturlandi með sendiafl 100-999 W	180.000
10.3	Sjónvarpssendar á Suðvesturlandi með sendiafl undir 100 W	110.000
10.4	Sjónvarpssendar annars staðar en á Suðvesturlandi með sendiafl 1 kW eða meira	56.000
10.5	Sjónvarpssendar annars staðar en á Suðvesturlandi með sendiafl 100-999 W	36.000
10.6	Sjónvarpssendar annars staðar en á Suðvesturlandi með sendiafl undir 100 W	20.000
	Starfrækslugjald fellur niður fyrir sjónvarpssenda með sendiafl minna en 2 W sem þjóna svæði með færri en 100 íbúum. Starfrækslugjöld skv. 10.1-10.6 gilda einnig fyrir senda í tíðnisviðinu 2,5-2,7 GHz.	
10.7	Hljóðvarpssendar á Suðvesturlandi með sendiafl 1 kW eða meira	72.000
10.8	Hljóðvarpssendar á Suðvesturlandi með sendiafl 100-999 W	45.000
10.9	Hljóðvarpssendar á Suðvesturlandi með sendiafl undir 100 W	31.000
10.10	Hljóðvarpssendar annars staðar en á Suðvesturlandi með sendiafl 1 kW eða meira	11.000

10.11	Hljóðvarpssendar annars staðar en á Suðvesturlandi með sendiafl 100-999 W	8.000
10.12	Hljóðvarpssendar annars staðar en á Suðvesturlandi með sendiafl undir 100 W	6.200
10.13	Gjald fyrir tímabundið leyfi fyrir hljóðvarpssendi, lengsti tími 4 vikur	7.000

Starfrækslugjald fellur niður fyrir hljóðvarpssenda með sendiafl minna en 2 W sem þjóna svæði með færri en 100 íbúum.

Með Suðvesturlandi er hér átt við svæðið frá Suðurnesjum til Akraness.

11. gr.

Leyfisbréf og skírteini fyrir einstaklinga.

		kr.
11.1	Leyfisbréf radíóáhugamanna	2.500
11.2	Leyfisbréf nýliða í hópi radíóáhugamanna (gildir í 2 ár)	1.750
11.3	Bráðabirgðaleyfi erlendra radíóáhugamanna	1.900
11.4	Skírteini loftskeytamanna (gildir í 5 ár)	2.500
11.5	Skírteini talstöðvavarða (gildir í 5 ár)	2.500
11.6	Rannsóknarleyfi	30.000

12. gr.

Númeragjald.

		kr.
12.1	Árlegt gjald fyrir hvert 7 eða 9 tölustafa talsímanúmer sem er úthlutað til fjarskiptafyrirtækja	5
12.2	Árlegt gjald fyrir 4 tölustafa stuttnúmer	200.000
12.3	Árlegt gjald fyrir 3 tölustafa stuttnúmer	1.000.000

13. gr.

Ýmis gjöld.

		kr.
13.1	Mælitækjaleiga á klst.	3.900
13.2	Innsiglisgjald, sbr. 12. tl. 14. gr.	4.800

Fyrir aðra þjónustu skal greiða samkvæmt útseldum taxta fyrir viðkomandi starfsmann.

14. gr.

Almenn ákvæði og skilmálar.

1. Eigandi sendibúnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti skal senda Póst- og fjarskiptastofnun skriflega umsókn um leyfi til notkunar hans ásamt nauðsynlegum upplýsingum um búnaðinn og tilgang notkunar. Sendar sem eru leyfisskyldir eru:
   - Allir sendar sem ákveða þarf tíðni fyrir í hverju tilfelli, þ.m.t. útvarpssendar, talstöðvar á metra- og desimetrabylgju, sendar fyrir fastasambönd og jarðstöðvar.
   - Fjarskiptabúnaður í skipum, loftförum og öðrum farartækjum, sbr. 47. gr. laga um fjarskipti.

   Sendar sem ekki eru leyfisskyldir eru:
   - Notendabúnaður í almennri fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. farsímar og Tetra talstöðvar.
   - Almenningstalstöðvar í viðurkenndum tíðnisviðum, þ.m.t. 27 MHz.
   - Lágaflsbúnaður í sérstökum tíðnisviðum fyrir ákveðna notkun, t.d. fjarstýringar, sjá lista á vefsíðu Póst- og fjarskiptastofnunar, www.pfs.is.

   Tæknilegir eiginleikar senda sem ekki eru leyfisskyldir verða að vera í samræmi við reglur sem Póst- og fjarskiptastofnun kann að setja.

2. Verði leyfi veitt gefur Póst- og fjarskiptastofnun út leyfisbréf þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, tíðni, tæknieiginleikum búnaðarins, leyfistíma o.fl. Fyrir hvert leyfi greiðist leyfisbréfagjald samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjaldið gjaldfellur við afhendingu leyfisbréfs. Vanræki eigandi búnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti að sækja um leyfisbréf skal honum engu að síður skylt að greiða leyfisbréfagjald, jafnvel þó að hann hafi ekki búnaðinn lengur undir höndum þegar hann er krafinn um greiðslu.
3. Búnaður fyrir þráðlaus fjarskipti í flugvélum, skipum og bátum með þilfari skal skoðaður einu sinni á ári af Póst- og fjarskiptastofnun eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir eða af öðrum sem stofnunin hefur falið eða heimilað að skoða. Eigendum annars leyfisskylds sendibúnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti er heimilt að koma með hann til skoðunar.
4. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi eigandi eða stöðvarvörður fyrir hans hönd sjá um að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi svo að prófa megi búnaðinn. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t.d. við skoðun gúmbjörgunarbáta og þ.u.l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi aukakostnað sem af því kann að leiða. Sé einhverra ástæðna vegna þörf fyrir aukaskoðun, greiðist fyrir hana samkvæmt 2.3 eða 2.4 gr. að viðbættum ferðakostnaði.
5. Leyfishafa sendibúnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti á almennum fjarskiptatíðnum ber að sjá um að enginn starfræki leyfisskyldan búnað nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og fjarskiptastofnun sem heimilar honum starfrækslu slíks búnaðar. Búnaðurinn er þó alltaf undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hans á ábyrgð þeirra. Leyfisbréf skal ávallt vera fyrir hendi í farartæki því sem leyfisbréfið miðast við.
6. Gildistími nýliðaleyfis radíóáhugamanna er 2 ár, gildistími bráðabirgðaleyfis erlendra radíóáhugamanna er 6 mánuðir og gildistími skírteina loftskeytamanna og talsímavarða er 5 ár. Skammtímaleyfi fyrir talstöðvar gildir lengst í 6 mánuði og skammtímaleyfi fyrir hljóðvarpssenda í 4 vikur.
7. Gjalddagi árlegra gjalda er 15. mars og eindagi 1. apríl. Gjaldið skal sá greiða sem skráður er eigandi á gjalddaga. Leyfishafi sem selur þráðlausan sendibúnað ber ábyrgð á því að tilkynna eigendaskipti. Tilkynning um eigendaskipti skal undirrituð af seljanda og kaupanda. Eyðublöð eru á vefsíðu Póst- og fjarskiptastofnunar, www.pfs.is. Berist Póst- og fjarskiptastofnun ekki fullnægjandi tilkynning um eigendaskipti ber seljandi áfram ábyrgð á greiðslu gjaldanna.
8. Gjalddagi annarra gjalda skv. gjaldskrá þessari er 15 dögum eftir útsendingu reiknings. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga.
9. Eigandi farartækis ber ábyrgð á sendibúnaði fyrir þráðlaus fjarskipti sem í farartækinu er og er skráður eigandi farartækis á gjalddaga ábyrgur fyrir gjöldum af búnaðinum.
10. Falli gjöld í eindaga ber að greiða dráttarvexti af skuldinni frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.
11. Hafi áfallin gjöld fyrir skoðun sendibúnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti ekki verið greidd á eindaga er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að láta innsigla viðkomandi búnað. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig að nota megi búnaðinn í neyðartilfelli.
12. Hafi sendibúnaður fyrir þráðlaus fjarskipti verið innsiglaður vegna vanskila eða annarra brota skal leyfishafi greiða innsiglisgjald áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsiglunar skal leyfishafi greiða.
13. Leyfi til starfrækslu sendibúnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti má segja upp með minnst mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðarmót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu búnað-

arins. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og fjarskiptastofnunar. Leyfishafi ber ábyrgð á greiðslu gjalda sem falla á fram til þess tíma sem fullnægjandi tilkynning um uppsögn berst Póst- og fjarskiptastofnun.

15. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 11. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 598/1997, frá 20. október 1997.

Samgönguráðuneytinu, 18. apríl 2002.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

18. apríl 2002 Nr. 314

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á kartöfluflögum frá Noregi.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar fjármálaráðherra tollkvóta skv. sérstökum samningi milli Íslands og Noregs, dags. 22. mars 2000, um viðskipti milli landanna og á grundvelli 6. gr. B í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, og í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993. Reglugerð þessi gildir um innflutning á kartöfluflögum frá Noregi og með upprunavottorð þaðan.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	**Vara**	**Tímabil**	**Vörumagn kg**	**Verðtollur %**	**Magntollur kr./kg**
	Kartöflur	01.01.02-31.12.02	15.000	0	0
2005.2002	Sneiddar eða skornar.				
2005.2003	Nasl svo sem skífur, skrúfur, hringir, keilur, stangir o.þ.h., þó ekki úr kartöflumjöli.				

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvóta er úthlutað skv. auglýsingu fjármálaráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Tollkvóta er úthlutað í einu lagi. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal láta hlutkesti ráða úthlutun tollkvóta vörunnar.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt XIV. kafla tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 6. mgr. 6. gr. B tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2002.

Fjármálaráðuneytinu, 18. apríl 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jóna Björk Guðnadóttir.

Nr. 315 15. apríl 2002

AUGLÝSING

um minniháttar breytingu á deiliskipulagi á Þingeyri, Ísafjarðarbæ.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæ hefur samþykkt minniháttar breytingu á deiliskipulagi á Þingeyri. Breytingin tekur til lóðanna nr. 17, 19, 21 og 23 við Hafnarstræti og felur í sér að lóðamörk og byggingareitir þessara lóða breytast.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 15. apríl 2002.

Stefán Brynjólfsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

Nr. 316 18. apríl 2002

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Hæðargarðsvatn í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 4. febrúar 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð við Hæðargarðsvatn í Skaftárhreppi.

Deiliskipulagsuppdráttur með breytingu hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 6. júní 1999.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skaftárhreppi, 18. apríl 2002.

Ólafía Jakobsdóttir sveitarstjóri Skaftárhrepps.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 915 29. nóvember 2000.

1. gr.

18. gr. breytist þannig:
Við lið 18.10 (17) bætist: Liður 18.10 (15) vísar frá 6. febrúar 2002 til tilskipunar 2001/1/EB um breytingu á tilskipun 70/220/EBE.

2. gr.

Viðauki III breytist þannig:
Undir ***Bifreiðar og eftirvagnar:***
Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 70/220/EBE bætist: 2001/1/EB.

3. gr.

Viðauki IV breytist þannig:
Undir ***Bifreiðar og eftirvagnar:***

a. Við 3. tölul. (tilskipun 70/220/EBE) bætist ný lína:

		2001/1/EB	L035 06.02.01	*** 133/2001; 6, 24.01.2002

b. Við 34. tölul. (tilskipun 78/316/EBE) bætist í reitinn „EES-birting“:
*** 133/2001; 6, 24.01.2002.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af I. og II. kafla II. viðauka við EES-samninginn, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. apríl 2002.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson.

27. mars 2002 Nr. 318

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Djúpárhrepps, Holta- og Landsveitar og Rangárvallahrepps.

Með vísan til 2. mgr. 91. gr. og 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 27. mars 2002 staðfest sameiningu Djúpárhrepps, Holta- og Landsveitar og Rangárvallahrepps, í umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli, í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga í eitt sveitarfélag skal taka gildi 9. júní 2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum þremur sveitarfélögum.

Íbúar hinna þriggja sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum þremur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosning sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags skal fara fram þann 25. maí 2002, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar þrjár kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Samhliða sveitarstjórnarkosningum verður gerð skoðanakönnun um nafn hins sameinaða sveitarfélags samkvæmt tillögum samstarfsnefndar sem áður skal auglýsa eftir hugmyndum að nafni. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. mars 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

Nr. 319 17. apríl 2002

REGLUR

um breytingu (9) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 94. gr. reglnanna í XIII. kafla um viðskipta- og hagfræðideild bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Til M.A.-prófs í viðskiptafræði og í hagfræði og í skyldum greinum.

2. gr.

Þriðji og fjórði málsliður 3. mgr. 94. gr. reglnanna breytast og verða svohljóðandi:

Til M.S./M.A.-prófs er krafist 45 eininga hið minnsta. Nánari reglur um M.S./M.A.-nám, en fram koma í þessum kafla skulu staðfestar af háskólaráði sbr. ákvæði 68. gr. þessara reglna.

3. gr.

Heiti 97. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

M.S.- og M.A.-nám.

Aftan við 97. gr. reglnanna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Skipan M.A.-námsins miðast við þrjú misseri. Nám til M.A.-prófs er 45 einingar hið minnsta, þar af eru 30 einingar í námskeiðum og 15 einingar ritgerð. Nemendur sem vilja ljúka 60 einingum M.A.-prófi eiga kost á 30 einingum ritgerð eða geta óskað eftir heimild til að ljúka 45 einingum í námskeiðum. Skorir setja nánari reglur um inntökuskilyrði, námsleiðir og námskröfur.

4. gr.

Þriðji málsliður 2. mgr. 99. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:
Ritgerð í M.S./M.A.-námi vegur 15 eða 30 einingar.

5. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 99. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:
Umsjónarkennari og prófdómari gefa einkunn fyrir M.S./M.A.-ritgerðir.
Þá breytist fyrsti málsliður 5. mgr. 100. gr. reglnanna og verður svohljóðandi:
Stúdent í námi til M.S./M.A.-prófs skal hafa lokið prófi eigi síðar en þremur árum eftir skráningu í námið.

6. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 17. apríl 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

17. apríl 2002 Nr. 320

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hólmavíkurhrepps og Kirkjubólshrepps.

Með vísan til 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 17. apríl 2002 staðfest sameiningu Hólmavíkurhrepps og Kirkjubólshrepps, í umdæmi sýslumannsins á Hólmavík, í eitt sveitarfélag, í samræmi við tillögur nefndar sem skipuð var á grundvelli 89. gr. sömu laga og að fenginni umsögn sveitarstjórna viðkomandi sveitarfélaga.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga í eitt sveitarfélag skal taka gildi 9. júní 2002.

Hið nýja sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum sveitarfélögum.

Íbúar sveitarfélaganna tveggja skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra sveitarfélögunum tveimur skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 25. maí 2002, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Kjósa skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

60. gr.
Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjórn er heimilt að endurskoða fjárhagsáætlun. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu í sveitarstjórn, enda hafi breytingartillögur verið sendar sveitarstjórnarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

61. gr.
Þriggja ára áætlun.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins og skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

62. gr.
Miklar fjárfestingar.

Hyggist sveitarstjórn ráðast í fjárfestingar og áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í henni nemur hærri fjárhæð en fjórðungi skatttekna yfirstandandi reikningsárs

er skylt að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlunina, væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs á fyrirhuguðum verktíma og áætlun um árlegan rekstrarkostnað fyrir sveitarsjóð, sé um hann að ræða. Jafnframt skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmdin samræmist þriggja ára áætlun sveitarfélagsins.

63. gr.

Skil fjárhagsáætlunar og þriggja ára áætlunar.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 60. gr.

64. gr.

Afgreiðsla ársreikninga.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu fyrir lok aprílmánaðar. Sveitarstjórn skal taka til umfjöllunar álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningi skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

VII. KAFLI
Afbrigði og breytingar á samþykkt.

65. gr.

Afbrigði frá samþykkt.

Afbrigði frá samþykkt þessari getur sveitarstjórn gert í einstökum tilfellum þegar nauðsyn ber til ef meirihluti sveitarstjórnarmanna samþykkir það.

66. gr.

Breytingar á samþykkt.

Til að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í sveitarstjórn, samþykki meirihluta greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar og fundarsköp sveitarstjórnar, nr. 467/1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. apríl 2002.

F. h. r.
Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

2. maí 2002 1041 Nr. 345

GJALDSKRÁ

fyrir dóma á hrossakynbótasýningum.

1. gr.

Gjöld fyrir dóma á hrossakynbótasýningum skulu vera sem hér segir:

Gjald til Bændasamtaka Íslands á hvert hross:	kr.	924
Gjald til búnaðarsambands sem er sýningaraðili á hvert hross:	kr.	2.289
Gjald fyrir vallaraðstöðu á hvert hross:	kr.	1.000
Gjald vegna reksturs tækja á hvert hross:	kr.	221

Hér er um hámarksgjöld að ræða en einstök búnaðarsambönd geta ákveðið lægri gjaldtöku.

2. gr.

Á gjöld skv. 1. gr. leggst virðisaukaskattur, 24,5%.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir dóma á hrossakynbótasýningum 1999 nr. 491/1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. maí 2002.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

6. maí 2002 Nr. 346

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 631, 16. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.

1. gr.

Í stað: „1. maí“ í 3. mgr. 3. gr. komi: 31. maí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. maí 2002.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 347 6. maí 2002

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 718, 11. október 2000, um síldveiðar með vörpu.

1. gr.

Í stað: „1. maí“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 31. maí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. maí 2002.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 348 7. maí 2002

REGLUGERÐ

um úthlutun aflahlutdeildar og aflamarks í norsk-íslenskri síld.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til úthlutunar aflahlutdeildar á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum, hvort sem er innan eða utan íslenskrar lögsögu.

Á árinu 2002 er íslenskum skipum heimilt að veiða 132.080 lestir af síld og skal Fiskistofa skipta því heildarmagni milli þeirra á grundvelli aflahlutdeildar, sbr. 2. gr.

2. gr.

Hverju íslensku fiskiskipi skal úthlutað aflahlutdeild í síld og skal hún reiknuð í hlutfalli við aflareynslu þeirra við veiðar á norsk-íslenskri síld á almanaksárunum 1994-2001, að báðum árum meðtöldum. Við útreikning á aflahlutdeild hvers fiskiskips skal leggja til grundvallar upplýsingar úr aflaupplýsingakerfinu Lóðs. Hafi skip komið í stað skips sem áunnið hefur sér aflareynslu, sbr. b-lið 2. gr. laga nr. 38, 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum skal það skip er í staðinn kemur njóta þeirrar aflareynslu. Hafi skip sem aflareynsla er bundin við horfið úr rekstri þegar úthlutun á sér stað, er síð-

Gutenberg

asta eiganda skipsins áður en það hvarf úr rekstri heimilt að ákveða á hvaða skip sú aflahlutdeild skuli skráð.

Fiskistofa skal við útgáfu reglugerðar þessarar úthluta 80% af leyfilegum heildarafla, sbr. 2. mgr. 1. gr. Jafnframt skulu útgerðum skipanna kynntar forsendur úthlutunarinnar og skulu þær hafa frest til 15. maí 2002 til að koma athugasemdum sínum á framfæri við Fiskistofu. Fiskistofa skal hafa lokið endanlegri úthlutun aflahlutdeilda og aflamarks eigi síðar en 24. maí 2002.

3. gr.

Um veiðar á síld gilda að öðru leyti ákvæði reglugerða um veiðar íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum og um veiðieftirlit á samningsvæði NEAFC.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. maí 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

29. apríl 2002 Nr. 349

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1267 (1999) um aðgerðir gegn liðsmönnum stjórnar talibana í Afganistan og nr. 1333 (2000) um aðgerðir gegn talibönum í Afganistan og hryðjuverkasveitum sem hafa aðsetur í Afganistan, sbr. og ályktanir öryggisráðsins nr. 1388 (2002) og 1390 (2002) um ástandið í Afganistan.

Með vísan til 3. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1267 (1999) frá 15. október 1999 um aðgerðir gegn liðsmönnum stjórnar talibana í Afganistan og nr. 1333 (2000) frá 19. desember 2000 um aðgerðir gegn talibönum í Afganistan og hryðjuverkasveitum sem hafa aðsetur í Afganistan og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum sem og erlendum ríkisborgurum og lögaðilum, sem dvelja á Íslandi eða hafa þar starfsemi, er óheimil með beinum eða óbeinum hætti hvers kyns sala á vopnum, vopnabúnaði og íðefninu ediksýruanhýdríði til aðila sem dvelja eða starfa á þeim landsvæðum í Afganistan sem lúta stjórn talibana. Hið sama gildir um hvers konar milligöngu þar um eða að stuðla að því með öðrum hætti að vopn og vopnabúnaður berist í hendur þessara aðila sem og um vörur sem nota má til viðhalds og framleiðslu á vopnum og vopnabúnaði.

2. Íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum sem og erlendum ríkisborgurum og lögaðilum, sem dvelja á Íslandi eða hafa þar starfsemi, er óheimilt með beinum eða óbeinum hætti að

veita ráðgjöf, tækniaðstoð eða aðra fyrirgreiðslu án tillits til þess hvort gagngjald komi fyrir eða ekki í tengslum við herþjálfun, hernaðaraðstoð eða annars konar starfsemi sem ætla má að hafi hernaðarlegan tilgang á svæðum þeim í Afganistan sem lúta stjórn talibana.

3. Óheimilt er að nota loftför og skip skrásett á Íslandi til að flytja vörur sem um getur í 1. tl. til svæða í Afganistan sem lúta stjórn talibana. Að sama skapi er óheimilt að flytja slíkar vörur um íslenskt yfirráðasvæði.

4. Einstaklingum og lögaðilum er skylt að stöðva eða koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutning, þar með talið afhendingu fjár og fjárverðmæta, úttektir, millifærslu sem og viðskipti með hvers konar fjárhagsleg verðmæti eða ígildi þeirra til þeirra einstaklinga, félaga eða stofnana sem tilgreindir eru í viðauka við auglýsingu þessa, umboðsmanna þeirra eða einstaklinga sem starfa með einhverjum hætti á þeirra vegum og að koma í veg fyrir að þeir aðilar sem tilgreindir eru í viðauka við auglýsingu þessa fái slíkar greiðslur í hendur eða geti nýtt þær með öðrum hætti.

5. Þeim einstaklingum sem nefndir eru í viðauka við auglýsingu þessa er enn fremur óheimilt að dvelja hér á landi eða hafa hér viðkomu.

Hver sá sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 776/2001 frá 15. október 2001.

Utanríkisráðuneytinu, 29. apríl 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

VIÐAUKI

I. Liðsmenn Talibana í Afganistan:

Einstaklingar:

1. Mullah Mohammad Rabbani, forseti stjórnarráðs, formaður ráðherraráðs;
2. Mullah Hadji Mohammad Hassan, fyrsti varamaður, ráðherraráð, héraðsstjóri, Kandahar;
3. Maulavi Abdul Kabir, annar varamaður, ráðherraráð, héraðsstjóri, Nangahar, yfirmaður Austursvæðis;
4. Mullah Mohammed Omar, trúarleiðtogi (Ámir ul Mumineen´), Afganistan;
5. Mullah Mohammad Tahre Anwari, stjórnsýslufulltrúi;
6. Maulawi Sayyed Haqqan, ráðherra stjórnsýslumála;
7. Maulavi Abdul Latif Mansur, landbúnaðaráðherra;
8. Mullah Shams-ur-Rahman, varalandbúnaðarráðherra;
9. Maulavi Attiqullah Akhund, varalandbúnaðarráðherra;
10. Maulavi Abdul Ghafoor, varalandbúnaðarráðherra;
11. Akhtar Mohammad Mansour, flugmála- og samgönguráðherra;
12. Hadji Tahis, varaflugmálaráðherra;

13. Mullah Mohammad Naim, varaflugmálaráðherra;
14. Hidayatullah Abu Turab, varaflugmálaráðherra;
15. Mullah Yar Mohammad Rahimi, samgönguráðherra;
16. Mullah Haji Alla Dad Tayeb, varasamgönguráðherra;
17. Maulavi Abdul Razaq, viðskiptaráðherra;
18. Maulavi Faiz Mohammad Faizan, varaviðskiptaráðherra;
19. Maulavi Nik Mohammad, varaviðskiptaráðherra;
20. Mullah Matiullah, tollafulltrúi, Kabul;
21. Maulavi Dadullah Akhund, ráðherra byggingamála;
22. Mullah Hadji Ubaidullah Akhund, varnarmálaráðherra;
23. Mullah Fazel M. Mazloom, staðgengill yfirmanns herráðs;
24. Mullah Baradar, varavarnarmálaráðherra;
25. Mullah Abdul Rauf, yfirmaður miðherja;
26. Mullah Amir Khan Motaqi, menntamálaráðherra;
27. Mullah Mohammad Nasim Hanafi, varamenntamálaráðherra;
28. Maulavi S. Ahmed Shahidkhel, varamenntamálaráðherra;
29. Mullah Abdul Wasay Aghajan Motasem, fjármálaráðherra;
30. Mullah Arefullah Aref, varafjármálaráðherra;
31. Mullah Haji M. Ahmadi, stjórnarformaður Da Afghanistan Bank;
32. Abdul Wakil Mutawakil, utanríkisráðherra;
33. Abdul Rahman Zahed, varautanríkisráðherra;
34. Mullah Abdul Jalil, varautanríkisráðherra;
35. Dr. Abdul Satar Paktis, protokolldeild utanríkisráðuneytisins;
36. Maulavi Faiz, upplýsingadeild utanríkisráðuneytisins;
37. Shams-us-Safa Aminzai, fjölmiðlamiðstöð utanríkisráðuneytisins;
38. Maulavi Abdul Baqi, ræðismáladeild utanríkisráðuneytisins;
39. M. Jawaz Waziri, deild utanríkisráðuneytisins fyrir málefni Sameinuðu þjóðanna;
40. Maulavi Djallalouddine Haqani, landamæraráðherra;
41. Maulavi Abdul Hakim Monib, varalandamæraráðherra;
42. Alhaj M. Ibrahim Omari, varalandamæraráðherra;
43. Qari Din Mohammad, framhaldsmenntunarráðherra;
44. Maulavi Hamidullah Nomani, háttsettur embættismaður í framhaldsmenntunarráðuneyti;
45. Zabihullah Hamidi, varaframhaldsmenntunarráðherra;
46. Maulavi Arsalan Rahmani, varaframhaldsmenntunarráðherra;
47. Maulavi Qudratullah Jamal, upplýsingamálaráðherra;
48. Mullah Abdul Baqi, varaupplýsinga- og menningarmálaráðherra;
49. Maulavi Abdul Rahman Ahmad Hottak, varaupplýsinga- og menningarmálaráðherra;
50. Maulavi Rahimullah Zurmati, varaupplýsinga- (útgáfu-) og menningarmálaráðherra;
51. Abdulhai Motmaen, upplýsinga- og menningarmálaskrifstofa, Kandahar;
52. Maulavi Mohammad Yaqoub, yfirmaður BIA;
53. Mullah Abdul Razaq, innanríkisráðherra;
54. Mullah Abdul Samad Khaksar, varainnanríkis(öryggis)ráðherra;
55. Mohammad Sharif, varainnanríkisráðherra;
56. Maulavi Noor Jalal, varainnanríkisráðherra (rekstur);
57. Maulavi Saed M. Azim Agha, vegabréfa- og vegabréfsáritanadeild;
58. Mullah Nooruddin Turabi, dómsmálaráðherra;
59. Maulavi Jalaluddine Shinwari, varadómsmálaráðherra;
60. Alhaj Mullah Mohammad Essa Akhund, námu- og iðnaðarmálaráðherra;
61. Maulavi Sayeedur Rahman Haqani, vararáðherra námu- og iðnaðarmála;
62. Mullah Abdul Salam Zaief, vararáðherra námu- og iðnaðarmála;

63. Maulavi Mohammad Azam Elmi, vararáðherra námu- og iðnaðarmála;
64. Qari Din Mohammad Hanif, skipulagsmálaráðherra;
65. Maulavi Ezatullah, varaskipulagsmálaráðherra;
66. Maulavi M. Musa Hottak, varaskipulagsmálaráðherra;
67. Mullah Mohammad Abbas Akhund, heilbrigðisráðherra;
68. Sher Abbas Stanekzai, varaheilbrigðisráðherra;
69. Maulavi Mohammadullah Mati, ráðherra opinberra framkvæmda;
70. Maulavi Rostam Nuristani, vararáðherra opinberra framkvæmda;
71. Hadji Molla Atiqullah, vararáðherra opinberra framkvæmda;
72. Maulavi Najibullah Haqqani, vararáðherra opinberra framkvæmda;
73. Maulavi Sayyed Ghiassouddine Agha, ráðherra pílagríma- og trúmála;
74. Maulavi Moslim Haqqani, vararáðherra pílagríma- og trúmála;
75. Maulavi Qalamudin Momand, vararáðherra pílagrímamála;
76. Maulavi Abdul Raqib Takhari, ráðherra mála er varða endurkomu til Afganistan;
77. Ramatullah Wahidyar, vararáðherra mála er varða píslarvotta og endurkomu til Afganistan;
78. Mohammad Sediq Akhundzada, vararáðherra mála er varða píslarvotta og endurkomu til Afganistan;
79. Maulavi Mohammad Wali, ráðherra glæpa- og siðferðismála;
80. Maulavi Mohammad Salim Haqqani, vararáðherra glæpa- og siðferðismála;
81. Maulavi Sayed Esmatullah Asem, vararáðherra glæpa- og siðferðismála;
82. Qari Ahmadulla, öryggismálaráðherra;
83. Maulavi Abdul-Haq-Wasseq, varaöryggismálaráðherra;
84. Maulavi Ehsanullah, varaöryggismálaráðherra;
85. Mullah Habibullah Reshad, yfirmaður rannsóknaskrifstofu;
86. Mullah Ahmed Jan Akhund, ráðherra vatns- og rafmagnsveitumála;
87. Eng. Mohammad Homayoon, vararáðherra vatns- og rafmagnsveitumála;
88. Maulavi Saiduddine Sayyed, vararáðherra atvinnu- og félagsmála;
89. Maulavi Abdul Jabbar, héraðsstjóri, Bamiyan;
90. Maulavi Nurullah Nuri, héraðsstjóri, Balkh, yfirmaður Norðursvæðis;
91. Muhammad Islam, héraðsstjóri, Bamiyan;
92. Mullah Janan, héraðsstjóri, Fariab;
93. Mullah Dost Mohammad, héraðsstjóri, Ghazni;
94. Maulavi Khair Mohammad Khairkhwah, héraðsstjóri, Heart;
95. Maulavi Abdul Bari, héraðsstjóri, Helmand;
96. Maulavi Walijan, héraðsstjóri, Jawzjan;
97. Mullah M. Hasan Rahmani, héraðsstjóri, Kandahar;
98. Mullah Manan Nyazi, héraðsstjóri, Kabul;
99. Maulavi A. Wahed Shafiq, varahéraðsstjóri, Kabul;
100. Alhaj Mullah Sadudin Sayed, borgarstjóri, Kabul;
101. Maulavi Shafiqullah Mohammadi, héraðsstjóri, Khost;
102. Maulavi Nazar Mohammad, héraðsstjóri, Kunduz;
103. M. Eshaq, héraðsstjóri, Laghman;
104. Maulavi Zia-ur-Rahman Madani, héraðsstjóri, Logar;
105. Maulavi Hamsudin, héraðsstjóri, Wardak (Maidan);
106. Maulavi A. Kabir, héraðsstjóri, Nangarhar;
107. Mullah M. Rasul, héraðsstjóri, Nimroz;
108. Maulavi Tawana, héraðsstjóri, Paktia;
109. Mullah M. Shafiq, héraðsstjóri, Samangan;
110. Maulavi Aminullah Amin, héraðsstjóri, Saripul;
111. Maulavi Abdulhai Salek, héraðsstjóri, Urouzgan;

112. Maulavi Ahmad Jan, héraðsstjóri, Zabol;
113. Noor Mohammad Saqib, forseti hæstaréttar;
114. Maulavi Sanani, yfirmaður Dar-ul-Efta;
115. Maulavi Samiullah Muazen, fulltrúi yfirréttar;
116. Maulavi Shahabuddin Delawar, fulltrúi yfirréttar;
117. Abdul Rahman Agha, forseti herréttar;
118. Mullah Mustasead, yfirmaður vísindastofnunar;
119. Maulavi Esmatullah Asem, framkvæmdastjóri Rauða hálfmánans í Afganistan;
120. Maulavi Qalamuddin, formaður Ólympíunefndar;
121. Abdul Salam Zaeef, sendiherra Talibana í Pakistan;
122. Abdul Hakim Mujahid, sendierindreki Talibana hjá Sameinuðu þjóðunum;
123. General Rahmatullah Safi, fulltrúi Talibana í Evrópu;
124. Mullah Hamidullah, forstjóri Ariana Afghan Airlines;
125. Alhaj Mullah Sadruddin, borgarstjóri, Kabul;
126. Amir Khan Muttaqi, samningamaður talibana gagnvart Sameinuðu þjóðunum;
127. Jan Mohammad Madani, sendifulltrúi, sendiráði talibana í Abu Dhabi;
128. Shamsalah Kmalzada, annar sendiráðsritari, sendiráði talibana í Abu Dhabi;
129. Azizirahman, þriðji sendiráðsritari, sendiráði talibana í Abu Dhabi;
130. Mawlawi Abdul Manan, viðskiptafulltrúi, sendiráði talibana í Abu Dhabi;
131. Malawi Abdul Wahab, sendifulltrúi talibana í Riyadh.

Liðsmenn talibana í „sendiráði“ talibana í Islamabad:

132. Mullah Abdul Salam Zaeef (sendiherra);
133. Habibullah Fauzi (fyrsti sendiráðsritari / varamaður sendiherra);
134. Mohammad Sohail Shaheen (annar sendiráðsritari);
135. Mohammad Sarwar Siddiqmal (þriðji sendiráðsritari);
136. Mullah Mohammad Zahid (þriðji sendiráðsritari);
137. General Abdul Qadeer (hermálafulltrúi);
138. Maulavi Nazirullah Anafi (viðskiptafulltrúi);
139. Maulavi Abdul Ghafar Qurishi (fulltrúi fyrir mál er varða endurkomu til Afganistan);
140. Mohammad Daud (rekstrarfulltrúi).

Liðsmenn talibana í „aðalræðisskrifstofu“ talibana í Pashawar:

141. Maulavi Najibullah (aðalræðismaður);
142. Qari Abdul Wali (fyrsti sendiráðsritari);
143. Syed Allamuddin (annar sendiráðsritari);
144. Maulavi Akhtar Mohammad (fulltrúi menntamála);
145. Alhaj Maulavi Mohammad Saddiq (viðskiptafulltrúi).

Liðsmenn talibana í „aðalræðisskrifstofu“ talibana í Karachi:

146. Maulavi Rahamatullah Kakazada (aðalræðismaður);
147. Mufti Mohammad Aleem Noorani (fyrsti sendiráðsritari);
148. Haji Abdul Ghafar Shenwary (þriðji sendiráðsritari);
149. Maulavi Gul Ahmad Hakimi (viðskiptafulltrúi).

Liðsmenn talibana í „aðalræðisskrifstofu“ talibana í Quetta:

150. Maulavi Abdullah Murad (aðalræðismaður);
151. Maulavi Abdul Haiy Aazem (fyrsti sendiráðsritari);
152. Maulavi Hamdullah (fulltrúi fyrir mál er varða endurkomu til Afganistan).

Fyrirtæki og stofnanir:

1. De Afghanistan Momtaz Bank

II. Liðsmenn Osama Bin-Laden og Al-Qaida samtakanna:

Einstaklingar:

1. Abd Al-Hadi Al-Iraqi, einnig þekktur sem Abu Abdallah, Abdal Al-Hadi Al-Iraqi;
2. Abdul Rahman Yasin, einnig þekktur sem Taha, Abdul Rahman S.; Taher, Abdul Rahman S.; Yasin, Abdul Rahman Said; Yasin, Aboud. Fæddur 10.04.1960 í Bloomington, Indiana, BNA. SSN 156-92-9858 (BNA), vegabréf nr. 27082171 (BNA), útg. 21.06.1992 í Amman, Jórdaníu; eða vegabréf nr. MO887925 (Írak). Bandarískur ríkisborgari;
3. Abdullah Ahmed Abdullah, einnig þekktur sem Abu Mariam; Al-Masri, Abu Mohamed; Saleh; Afganistan. Fæddur í Egyptalandi 1963. Egypskur ríkisborgari;
4. Abdullkadir, Hussein Mahamud, Florence, Ítalíu;
5. Abu Hafs the Mauritanian, einnig þekktur sem Mahfouz Ould Al-Walid, Khalid Al-Shangiti, Mafouz Walad Al-Walid, Mahamedou Ouid Slahi. Fæddur 01.01.1975;
6. Abu Zubaydah, einnig þekktur sem Abu Zubaida; Abd Al-Hadi Al-Wahab; Zain Al-Abidin Muhahhad Husain; Zain Al-Abidin Muhahhad Husain; Zayn Al-Abidin Muhammad Husayn; Tariq. Fæddur 12.3. 1971 í Riyadh, Sádí Arabíu. Talinn vera ríkisborgari Sádí Arabíu, Palestínu og Jórdaníu. Náinn samstarfsmaður UBL, skipuleggur ferðir hryðjuverkamanna;
7. Aden, Abdirisak, Akaftingebacken 8, 163 67 Spånga, Svíþjóð. Fæddur 01.06.1968;
8. Agha, Haji Abdul Manan, einnig þekktur sem Saiyid, Abd Al-Man, Am, Pakistan;
9. Ahmed Khalfan Ghailani, einnig þekktur sem Ahmed The Tanzanian; Foopie; Fupi; Ahmad, Abu Bakr; Ahmed, A.; Ahmed Abubakar; Ahmed, Abubakar K.; Ahmed, Abubakar Khalfan; Ahmed, Abubakary K.; Ahmed, Ahmed Khalfan; Al Tanzani, Ahmad; Ali, Ahmed Khalfan; Bakr, Abu; Ghailani, Abubakary Khalfan Ahmed; Ghailani, Ahmed; Ghilani, Ahmad Khalafan; Hussein, Mahafudh Abubakar Ahmed Abdallah; Khabar, Abu; Khalfan, Ahmed; Mohamed, Shariff Omar. Fæddur 14.03.1974, eða 13.04.1974, eða 14.04.1974, eða 01.08.1970 í Zanzibar, Tanzaníu. Ríkisborgari Tanzaníu;
10. Ahmed Mohammed Hamed Ali, einnig þekktur sem Abdurehman, Ahmed Mohammed; Abu Fatima; Abu Islam; Abu Khadiijah; Ahmed Hamed; Ahmed The Egyptian; Ahmed, Ahmed; Al-Masri, Ahmad; Al-Surir, abu Islam; Ali, Ahmed Mohammed; Ali, Hamed; Hemed, Ahmed; Shiev, Ahmed; Shuaib, Afganistan. Fæddur 1965 í Egyptalandi, egypskur ríkisborgari;
11. Al-Fawaz, Khalid, einnig þekktur sem Al-Fauwaz, Khaled; Al-Fauwaz, Khaled A.; Al-Fawwaz, Khalid; Al Fawwaz, Khalik; Al-Fawwaz, Khaled; Al Fawwaz, Khaled, 55 Hawarden Hill, Brooke Road, London NW2 7BR, UK. Fæddur 25.08.1962;
12. Al-Hamati, Muhammad, einnig þekktur sem Al-Ahdal, Mohammad Hamdi Sadiq; Al-Makki, Abu Asim, Yemen;
13. Al-Haq Amin, einnig þekktur sem Amin, Muhammad; Ah Haq, Dr. Amin; Ul-Haq, Dr. Amin. Fæddur 1960 í Nangahar í Afganistan. Afganskur ríkisborgari. Samhæfir öryggismál UBL;
14. Ali, Abbas Abdi, Mogadishu, Sómalíu;
15. Ali, Abdi Abdulaziz, Drabantvägen 21, 177 50 Spånga, Svíþjóð. Fæddur 01.01.1955;
16. Ali, Yusaf Ahmed, Hallbybacken 15, 177 70 Spånga, Svíþjóð. Fæddur 20.11.1974;
17. Al-Jadawi, Saqar. Fæddur um 1965. Talinn vera ríkisborgari Jemen og/eða Sádí Arabíu. Aðstoðarmaður UBL;

18. Al-Jaziri, Abu Bakr, Peshawar, Pakistan. Alsírskur ríkisborgari. Tengdur Afghan Support Committee (ASC);
19. Al-Kadr, Ahmad Sa´id, einnig þekktur sem Al-Kanadi, Abu Abd Al-Rahman. Fæddur 01.03.1948 í Kairó, Egyptalandi. Talinn vera egypskur og kanadískur ríkisborgari;
20. Al-Libi, Abd al-Muhsin, einnig þekktur sem Ibrahim Ali Muhammad Abu Bakr. Tengdur Afghan Support Committee (ASC) og Revival of Islamic Herigate Society (RIHS);
21. Al-Masri, Abu Hamza, einnig þekktur sem Al-Misri, Abu Hamza, 9 Alboume Road, Shepherds Bush, London W12 OLW, Bretlandi; 8 Adie Road, Hammersmith, London W6 OPW, Bretlandi. Fæddur 15.04.1958;
22. Al-Qadi, Yasin, einnig þekktur sem Kadi, Shaykh Yassin Abdullah; Kahdi, Yasin, Jedda, Sádí Arabíu;
23. Al-Sharif Sa´d. Fæddur í Sádí Arabíu 1969. Mágur og náinn samstarfsmaður UBL. Talinn hafa yfirumsjón með fjármálum samtaka UBL;
24. Anas Al-Liby, einnig þekktur sem Al-Libi, Anas; Al-Raghie, Nazih; Al-Raghie, Nazih Abdul Hamed; Al-Sabai, Anas. Afganistan. Fæddur 20.03.1964, eða 14.05.1964 í Trípóli, Líbýu. Líbýskur ríkisborgari;
25. Aouadi, Mohamed Ben Belgacem, einnig þekktur sem Aouadi, Mohamed Ben Belkacem, Via A. Masina n. 7, Mílanó, Ítalíu. Codice Fiscale: DAOMMD74T11Z352Z. Fæddur 12.11.1974 í Túnis;
26. Aweys, Dahir Ubeidullahi, via Cipriano Facchinetti 84, Róm, Ítalíu;
27. Aweys, Hassan Dahir, einnig þekktur sem Ali, Sheikh Hassan Dahir Aweys; Awes, Shaykh Hassan Dahir. Fæddur 1935, sómalískur ríkisborgari;
28. Ayman Al-Zawahari, einnig þekktur sem Ahmed Fuad Salim; Aiman Muhammed Rabi Al-Zawahiri. Fæddur 19.06. 1951 í Giza, Egyptalandi. Talinn vera egypskur ríkisborgari. Fyrrverandi foringi í Egyptian Islamic Jihad, nú í nánum tengslum við UBL; vegabréf nr. 1084010 (egypskt), eða nr. 19820215;
29. Ben Heni, Lased, fæddur 02.05.1969 í Líbíu;
30. Bin Marwan Bilal. Fæddur 1947. Háttsettur liðsforingi UBL;
31. Bin Muhammad, Ayadi Chafiq, einnig þekktur sem Ayadi Shafiq, Ben Muhammad; Ayadi Chafik, Ben Muhammad; Aiadi, Ben Muhammad; Aiady, Ben Muhammad; Helene Meyer Ring 10-1415-80809 München, Þýskalandi; 129 Park Road, NW8, London, Englandi; 28 Chausse de Lille, Moscron, Belgíu; Darvingasse 1/2/58-60, Vín, Austurríki; Túnis. Fæddur 21.01.1963 í Safais (Sfax), Túnis;
32. Bouchoucha, Mikhtar, einnig þekktur sem Bushusha, Mokhtar, Via Milano n. 38, Spinadesco (CR), Ítalíu. Codice Fiscale: BCHMHT69R13Z352T. Fæddur 13.10.1969 í Túnis;
33. Charaabi, Tarek, einnig þekktur sem Sharaabi, Tarek, Viale Bligny n. 42, Mílanó, Ítalíu. Codice Fiscale: CHRTRK70C31Z352U. Fæddur 31.03.1970 í Túnis;
34. Darkazanli, Mamoun, Uhlenhorster Weg 34, Hamborg, 22085 Þýskalandi. Fæddur 04.08.1958 í Aleppo, Sýrlandi. Vegabréf (þýskt) nr. 1310636262;
35. Es Sayed, Abdelkader Mahmoud, einnig þekktur sem Es Sayed, Kader, Via del Fosso di Centocelle n. 66, Róm, Ítalíu. Codice Fiscale: SSYBLK62T26Z336L. Fæddur 26.12.1962 í Egyptalandi;
36. Essid, Sami Ben Khemais, Via Dubini n. 3, Gallarate (VA), Ítalíu. Codice Fiscale: SSDSBN68B10Z352F. Fæddur 20.02.1968 í Túnis;
37. Fahid Mohammed Ally Msalam, einnig þekktur sem Al-Kini, Usama; Ally, Fahid Mohammed; Msalam, Fahad Ally; Msalam, Fahid Mohammed Ali; Msalam, Mohammed Ally; Musalaam, Fahid Mohammed Ali; Salem, Fahid Muhamad Ali. Fæddur 19.02.1976 í Mombasa, Keníu; ríkisborgari Keníu;
38. Fazul Abdullah Mohammed, einnig þekktur sem Abdalla, Fazul; Adballah, Fazul;

Aisha, Abu; Al Sudani, Abu Seif; Ali, Fadel Abdallah Mohammed; Fazul, Abdalla; Fazul, Abdallah; Fazul, Abdallah Mohammed; Fazul Haroon; Fazul, Harun; Haroon; Haroun, Fadhil; Harun; Luqman, Abu; Mohammed, Fazul; Mohammed, Fazul Abdilahi; Mohammed, Fouad; Muhamad, Fadil Abdallah. Fæddur 25.08.1972 eða 25.12.1974 eða 25.02.1974 í Moroni, Comros-eyjum, ríkisborgari Comros-eyja eða ríkisborgari Keníu;

39. Hijazi, Riad, einnig þekktur sem Hijazi, Raed M.; Al-Hawen, Abu-Ahmad; Al-Maghribi, Rashid (Marokkómaðurinn); Al-Amriki, Abu-Ahmad (Ameríkumaðurinn); Al-Shahid, Abu-Ahmad, Jórdaníu. Fæddur 1968 í Kaliforníu, BNA. SSN 548-91-5411;
40. Himmat, Ali Ghaleb, via Posero 2, CH-6911 Campione D´Italia, Sviss. Fæddur 16.06.1938 í Damascus, Sýrlandi. Ríkisborgari í Sviss og Túnis;
41. Huber, Albert Friedrich Armand, einnig þekktur sem Huber, Ahmed, Mettmenstetten, Sviss. Fæddur 1927;
42. Hussein, Liban, 925 Washington Street, Dorchester, Massachusetts; 2019 Bank Street, Ontario, Ottawa, Kanada;
43. Ibn Al-Shaykh Al-Libi;
44. Jama, Garad, einnig þekktur sem Nor, Garad K; Wasrsame, Fartune Ahmed, 2100 Bloomington Avenue, Minneapolis, Minnesota; 1806 Riverside Avenue, 2nd floor, Minneapolis, Minnesota. Fæddur 26.06.1974;
45. Jim´ale, Ahmed Nur Ali, einnig þekktur sem Jimale, Ahmed Ali; Jim´ale, Ahmad Nur Ali; Jumale, Ahmed Nur; Jumali, Ahmed Ali, P.O Box 3312, Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum; Mogadishu, Sómalíu;
46. Kahie, Abdullahi Hussein, Bakara Market, Dar Salaam Buildings, Mogadishu, Sómalíu
47. Ladehyanoy, Mufti Rashid Ahmad, einnig þekktur sem Ludhianvi, Mufti Rashid Ahmad; Armad, Mufti Rasheed; Wadehyanoy, Mufti Rashid Ahmad; Karachi, Pakistan;
48. Mahmood, Sultan Bashir-Ud-Din, einnig þekktur sem Mahmood, Sultan Bashiruddin; Mehmood, Dr. Bashir Uddin; Mekmud, Sultan Baishiruddin, Street 13, Wazir Akbar Khan, Kabul, Afganistan. Fæddur 1937 eða 1938 eða 1939 eða 1940 eða 1941 eða 1942 eða 1943 eða 1944 eða 1945. Ríkisborgari Pakistan;
49. Majeed, Abdul, einnig þekktur sem Majeed Chaudhry Abdul; Majid, Abdul. Fæddur 15.04.1939 eða 1938; pakistanskur ríkisborgari;
50. Makhtab Al-Khidamat/ Al Kifah;
51. Mansour, Mohamed, einnig þekktur sem Al-Mansour, Dr. Mohamed, ob. Heslibachstr. 20, Kushnacht, Sviss; Zurich, Sviss. Fæddur 1928 í Egyptalandi eða Sameinuðu arabísku furstadæmunum;
52. Mansour-Fattouh, Zeinab, Zurich, Sviss;
53. Muhammad Atif, einnig þekktur sem Subhi Abu Sitta; Abu Hafs al Masri, Sheik Taysir Abdullah, Mohamed Atef, Abu Hafs Al Masri El Khabir, Taysir. Sennilega fæddur í Alexandríu, Egyptalandi 1944, 1951 eða 1956. Talinn vera egypskur ríkisborgari. Háttsettur liðsforingi hjá UBL;
54. Muhammad Salah, einnig þekktur sem Nasr Fahmi Nasr Hasanayn;
55. Muhsin Musa Matwalli Atwah, einnig þekktur Abdel Rahman; Abdul Rahman; Al-Muhajir, Abdul Rahman; Al-Namer, Mohammed K.A., Afganistan. Fæddur 19.06.1964 í Egyptalandi. Egypskur ríkisborgari;
56. Mustafa Mohamed Fadhil, einnig þekktur sem Al Masri, abd Al Wakil; Al-Nubi, Abu; Ali, Hassan; Anis, Abu; Elbishy, Moustafa Ali; Fadil, Mustafa Muhamad; Fazul, Mustafa; Hussein; Jihad, Abu; Khalid; Man, Nu; Mohammed, Mustafa; Yussrr, Abu. Fæddur 23.06.1976 í Karíó, Egyptalandi. Egypskur ríkisborgari, einnig ríkisborgari Keníu. Kennitala í Keníu 12773667; Serial No. 201735161;

57. Nada, Youssef, einnig þekktur sem Nada, Youssef M.; Nada, Youssef Mustafa, via Arogno 32, 6911 Campione d´Italia, Ítalíu; cia per Arogno 32, CH-6911 Campione d´Italia, Sviss; via Riasc 4, CH-6911 Campione d´Italia I, Sviss. Fæddur 17.05.1931 eða 17.05.1937 í Alexandríu, Egyptalandi;
58. Nasreddin, Ahmed Idris, einnig þekktur sem Nasreddin, Ahmad I.; Nasreddin, Hadj Ahmed; Nasreddine, Ahmed Idriss, Corso Sempione 69, 20149 Mílanó, Ítalíu; 1 via delle Scuole, 6900 Lugano, Sviss; Piazzale Biancamano, Mílanó, Ítalíu; Rue De Cap Spartel, Tangiers, Marokkó. Fiscal Code: NSRDRS29S22Z315Y. Fæddur 22.11.1929 í Adi Ugri, Eþíópíu;
59. Sayf-Al Adl, einnig þekktur sem Said Al-'Adil. Fæddur í Egyptalandi 1963. Talinn vera egypskur ríkisborgari. Ábyrgur fyrir öryggi UBL
60. Shaykh Sai´id, einnig þekktur sem Mustafa Muhammad Ahmad. Fæddur í Egyptalandi;
61. Sheikh Ahmed Salim Swedan, einnig þekktur sem Ahmed The Tall; Ally, Ahmed; Bahamad; Bahamad, Sheik; Bahamadi, Sheikh; Suweidan, Sheikh Ahmad Salem; Swedan, Sheikh; Swedan, Sheikh Ahmed Salem. Fæddur 09.04.1969 eða 09.04.1960 í Mombasa, Keníu. Ríkisborgari Keníu;
62. Tariq Anwar Al-Sayyid Ahmad, einnig þekktur sem Hamdi Ahmad Farag, Amr Al-Fatih Fathi. Fæddur 15.03.1963 í Alexandríu, Egyptalandi;
63. Thirwat Salah shihata, einnig þekktur sem Tarwat Salah Abdallah, Salah Shihata Thirwat, Shahata Thirwat. Fæddur 29.06.1969 í Egyptalandi;
64. Tufail, Mohammed, einnig þekktur sem Tufail, S.M.; Tufail, Sheik Mohammed; pakistanskur ríkisborgari;
65. Usama Bin Laden, einnig þekktur sem Usama Bin Muhammad Bin Awad, Osama Bin Laden (UBL); Abu Abdallah Abd Al-Hakim. Fæddur 30.07.1957 í Jeddah, Sádí Arabíu eða fæddur 28.07.1957 í Yemen. Sviptur ríkisfangi Sádí Arabíu, nú ríkisborgari Afganistan;
66. Uthman, Omar Mahmoud, einnig þekktur sem Al-Filistini, Abu Qatada; Takfiri, Abu Umr; Abu Umar, Abu Omar; Uthman, Al-Samman; Umar, Abu Umar; Uthman, Umar; Abu Ismail, London, Englandi. Fæddur 30.12.1960 eða 13.12.1960;
67. Yuldashev, Tohir, einnig þekktur sem Yuldashev, Takhir, Úsbekistan;
68. Zia, Mohammad, einnig þekktur sem Zia, Ahmad; c/o Ahmed Shah, c/o Painda Mohammad Al-Karim Set, Peshawar, Pakistan; c/l Alam General Store Shop 17, Awami Market, Peshawar, Pakistan; c/o Zahir Sha S/.

Fyrirtæki og stofnanir:

1. Aaran Money Wire Service Inc., 1806 Riverside Avenue, Second floor, Minneapolis, Minnesota;
2. Abu Sayyaf Group, einnig þekkt sem Al Harakat Al Islamiyya;
3. Afghan Support Committee (ASC), einnig þekkt sem Lajnat ul Masa Eidatul Afghania, Mamiat Ayat-ur-Rhas al Islamia, Jamiat Ihya ul Turath al Islamia og Ahya ul Turas. Skrifstofur: Höfuðstöðvar - G.T. Road (sennilega Grand Trunk Road), nálægt Pushtoon Garhi Pabbi, Peshawar, Pakistan; Cheprahar Hadda, Mia Omar Sabaquah School, Jalabad, Afganistan;
4. The Aid Organization Of The Ulema, einnig þekkt sem Al Rashid Trust; Al Rasheed Trust; Al-Rasheed Trust; Al-Rashid Trust, Pakistan
   Heimilsföng Al Rashid Trust:
   - Kitab Ghar, Darul Ifta Wal Irshad, Nazimabad No. 4, Karachi, Pakistan. Sími 6683301; 0300-8209199; fax 662 3814

- 302b-40, Good Earth Court, Opposite Pia Planitarium Block 13a, Gulshan-I Iqbal, Karachi. Sími 4979263
- 617 Clifton Center, Block 5, 6th Floor, Clifton, Karachi. Sími 5872545
- 605 Landmark Plaza, 11 Chundrigar Road, Opposite Jang Building, Karachi, Pakistan. Sími 2623818-19
- Jamia Masjid, Sulaiman Park, Begum Pura, Lahore, Pakistan. Sími 042-6812081;

5. Al Baraka Exchange L.L.C., P.O. Box 3313 Deira Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum; P.O. Box 20066, Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum;
6. Al-Barakaat, Mogadishu, Sómalíu; Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum;
7. Al-Barakaat Bank, Mogadishu, Sómalíu;
8. Al-Barakat Bank of Somalia (Bss), einnig þekkt sem Barakat Bank of Somalia, Mogadishu, Sómalíu; Bossaso, Sómalíu;
9. Al-Barakat Finance Group, Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum; Mogadishu, Sómalíu;
10. Al-Barakat Financial Holding Co. Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum; Mogadishu, Sómalíu;
11. Al-Barakat Global Telecommunications, einnig þekkt sem Barakaat Globetelecompany, P.O. Box 3313, Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum; Mogadishu, Sómalíu; Hargeysa, Sómalíu;
12. Al-Barakat Group of Companies Somalia Limited, einnig þekkt sem Al-Barakat Financial Company, P.O. Box 3313, Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum; Mogadishu, Sómalíu;
13. Al-Barakat International, einnig þekkt sem Baraco Co., Box 2923, Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum;
14. Al-Barakat Investments, P.O. Box 3313, Deira, Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum;
15. Al-Barakaat Wiring Service, 2940 Pillsbury Avenue, Suite 4, Minneapolis, Minnesota 55408;
16. Al-Hamati Sweets Bakeries, Al-Mukallah, Hadhramawt Governorate, Yemen;
17. Al-Haramain Islamic Foundation, Bosníu og Hersegóvínu;
18. Al-Haramain Islamic Foundation, Sómalíu;
19. Al-Itihaad Al-Islamiya/AIAI;
20. Al-Jihad/Egyptian Islamic Movement, einnig þekkt sem Egyptian Al-Jihad, Egyptian Islamic Jihad, Jihad Group, New Jihad;
21. Al-Nur Honey Press Shops, einnig þekkt sem Al-Nur Honey Center, Sanaa, Yemen;
22. Al Taqwa Trade, Property and Industry Company Limited, áður þekkt sem Al Taqwa Trade, Property and Industry, Al Taqwa Trade, Property and Industry Establishment, Himmat Establishment, c/o Asat Trust Reg., Altenbach 8, 9490 Vaduz Fl, Liechtenstein;
23. Al Qa´ida/Islamic Army, einnig þekkt sem „The Base“, Al Qaeda, Islamic Salvation Foundation, The Group for the Preservation of the Holy Sites, The Islamic Army for the Liberation of Holy Places, The World Islamic Front for Jihad Against Jews and Crusaders, Usama Bin Laden Network, Usama Bin Laden Organization;
24. Al Rashid Trust, einnig þekkt sem Al-Rasheed Trust
    Kitas Ghar, Nazimabad 4, Dahgel-Iftah, Karachi, Pakistan. Jamia Majid, Sulalman Park, Melgium Pura, Lahore, Pakistan.
    Office Dha´rbi-M´unin, Opposite Khyber Bank, Abbottabad Road, Manshera, Pakistan.
    Office Dha´rbi-M´unin ZR Brothers, Katcherry Road, Chowk Yadgaar, Peshawar, Pakistan.
    Office Dha´rbi-M´unin, Top Floor, Dr. Dawa Khan Dental Clinic Surgeon, Main Baxae, Mingora, Swat, Pakistan.

Starfsemi í Afganistan: Heart Jalalabad, Kabul, Kandahar, Mazar Sherif. Einnig starfsemi í Kosovo, Tsjésníu;
25. Al-Shifa, Honey Press for Industry and Commerce, P.O. Box 8089, Al-Hasabah, Sanaa, Yemen; By The Shrine Next To The Gas Station, Jamal Street, Ta´ix, Yemen; Al-Arudh Square, Khur Maksar, Aden, Yemen; Al-Nasr Street, Doha, Qatar;
26. Armed Islamic Group, einnig þekkt sem Al Jamm´ah Al-Islamiah Al-Musallah, GIA, Groupement Islamique Armé;
27. Asat Trust Reg., Altenbach 8, 9490 Vaduz Fl, Liechtenstein;
28. Asbat Al-Ansar;
29. Bank Al Taqwa Limited, einnig þekkt sem Al Taqwa Bank; Bank Al Taqwa, P.O. Box N-4877, Nassau, Bahamas; C/O Arthur D. Hanna & Company, 10 Deveauz Street, Nassau, Bahamas;
30. Barakaat Construction Company, P.O. Box 3313, Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum;
31. Barakaat Group of Companies, P.O. Box 3313, Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum; Mogadishu, Sómalíu;
32. Barakaat International, Hallybacken 15, 70 Spånga, Svíþjóð;
33. Barakaat International Foundation, Box 4036, Spånga, Stokkhólmi, Svíþjóð; Rinkebytorget 1, 04 Spånga, Svíþjóð;
34. Barkaat North America, Inc., 925 Washington Street, Dorchester, Massachusetts; 2019 Bank Street, Ottawa, Ontario, Kanada;
35. Barakaat Red Sea Telecommunications, Bossaso, Sómalíu; Nakhiil, Sómalíu; Huruse; Raxmo; Ticis; Kowthar; Noobir; Bubaarag; Gufure; Xuuxuule; Ala Aamin; Guureeye; Najax; Carafaat, Sómalíu;
36. Barakaat Telecomunications Co. Somalia Ltd., P.O. Box 3313, Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum;
37. Barakat Banks and Remittances, Mogadishu, Sómalíu; Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum;
38. Barakaat Boston, 266 Neponset Avenue, Apt. 43, Dorchester, Massachusetts 02122-3224;
39. Barakat Computer Consulting, (BCC), Mogadishu, Sómalíu;
40. Barakat Consulting Group, (BGC), Mogadishu, Sómalíu;
41. Barakat Global Telephone Company, Mogadishu, Sómalíu; Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum;
42. Barakat Enterprise, 1762 Huy Road, Columbus, Ohio;
43. Barakat International Companies (BICO), Mogadishu, Sómalíu; Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum;
44. Barakaat International, Inc., 1929 South 5th Street, Suite 205, Minneapolis, Minnesota
45. Barakat Post Express (BPE), Mogadishu, Sómalíu;
46. Barkat Refreshment Company, Mogadishu, Sómalíu; Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum;
47. Barakat Telecommunications Company Limited, einnig þekkt sem Btelco, Bakara Market, Dar Salaam Buildings, Mogadishu, Sómalíu; Kievitlaan 16, T´veld, Noord-Holland, Hollandi;
48. Barakat Wire Transfer Company, 4419 South Brandon Street, Seattle, Washington, Bandaríkjunum;
49. Barako Trading Company, LLC, P.O. Box 3313, Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum;
50. Baraka Trading Company, P.O. Box 3313, Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum;

51. Global Service International, 1929 5th Street, Suite 204, Minneapolis, Minnesota;
52. Harakat Ul-Mujahidin/HUM, einnig þekkt sem Al-Faran, Al-Hadid, Al-Hadith, Harakat Ul-Ansar, HUA, Harakat Ul-Mujahideen;
53. Heyatul Ulya, Mogadishu, Sómalíu;
54. Islamic Army of Aden;
55. Islamic Movement of Uzbekistan, einnig þekkt sem IMU;
56. Jaish-I-Mohammed, einnig þekkt sem Army of Mohammed, Pakistan;
57. Jam´yah Ta´awun Al-Islamia, einnig þekkt sem Society of Islamic Cooperation; Jam´iyat Al Ta´awun Al Islamiyya; Jit, Kandahar, Afganistan;
58. Libyan Islamic Fighting Group;
59. Mamoun Darkazanli Import-Export Company, einnig þekkt sem Darkazanli Company, Darkazanli Export-Import Sonderposten, Uhlenhorsterweg 34, 11 Hamborg, Þýskalandi;
60. Nada Management Organization Sa, einnig þekkt sem Al Taqwa Management Organization Sa, Viale Stefano Franscini 22, CH-6900 Lugano Ti, Sviss;
61. Parka Trading Company, P.O. Box 3313, Deira, Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum;
62. Rabita Trust, Room 9a, 2nd floor, Wahdat Road, Education Town, Lahore, Pakistan; Wares Colony, Lahore, Pakistan;
63. Red Sea Barakat Company Limited, Mogadishu, Sóamlía; Dubai, Sameinuðu arabísku furstadæmunum;
64. Revival of Islamic Heritage Society (RIHS), einnig þekkt sem Jamiat Ihia Al-Turath Al-Islamiya, Revival of Islamic Society Heritage on the Affrican Continent, Jamia Ihya ul Turath. Skrifstofur: Pakistan og Afganistan. ATH: Gildir aðeins um skrifstofur í Pakistan og Afganistan;
65. Salafist Group for Call and Combat/GSPC, einnig þekkt sem Le Groupe Salafiste Pour La Prediction et le Combat;
66. Somali Internet Company, Mogadishu, Sómalíu;
67. Somali International Relief Organization, 1806 Riverside Avenue, 2nd Floor, Minneapolis, Minnesota, Bandaríkjunum;
68. Somali Network Ab, Hallybybacken 15, 70 Spånga, Svíþjóð;
69. Ummah Tameer E-Nau (Utn), Street 13, Wazir Akbar Khan, Kabul, Afganistan; Pakistan;
70. Wafa Humniterian Organization, einnig þekkt sem Al Wafa, Al Wafa Organization, Wafa Al-Igatha Al-Islmia. Jordan House No. 125, Street 54, Phase II Hayatabad, Peshawar, Pakistan. Skrifstofur í Sádí Arabíu, Kuveit og Sameinuðu arabísku furstadæmunum;
71. Youssef M. Nada, Via Riasc 4, CH-6911 Campione D´Italia I, Sviss;
72. Youssef M. Nada & Co. Gesellschaft M.B.H., Kaertner Ring 2/2/5/22, 1010 Vín, Austurríki.

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 – 2002

10. maí 2002 1055 Nr. 350

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 114/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli vegna innflutnings á sveppum í 2. gr. reglugerðarinnar:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.5100	Sveppir	13.05. - 30.06.02	ótilgr.	0	80

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. maí 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

3. maí 2002 Nr. 351

REGLUGERÐ

um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla.

1. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af útsvarsstofni.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu grunnskólans skulu nema 0,77% af útsvarsstofni. Við skil á staðgreiðslu útsvars samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, skal jafnframt gera Jöfnunarsjóði skil á hlutdeild sjóðsins í staðgreiðslu. Ríkisbókhald skal sjá um útreikning á tekjum þessum og skiptir innheimtri

Gutenberg

staðgreiðslu hvers mánaðar milli ríkis, sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs. Tekjur sjóðsins skulu reiknaðar af þeim stofni sem staðgreiðsla hvers mánaðar er greidd af.

Enn fremur skal Ríkisbókhald sjá um útreikning á hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvari af tekjum sem skattlagðar eru eftir á við álagningu og ekki hefur verið greidd staðgreiðsla af. Í uppgjöri staðgreiðslu sveitarfélaga við álagningu útsvars skal Ríkisbókhald, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, taka tillit til hlutdeildar Jöfnunarsjóðs og gera sjóðnum skil á henni.

2. gr.

Framlög.

Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla skiptast í almenn framlög, framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda, nýbúafræðslu, Skólabúða að Reykjum, Barnaverndarstofu, svo og önnur framlög.

Fyrir hvert fjárhagsár skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gera áætlanir um jöfnunarframlög skv. 1. mgr. Í desember skal senda sveitarfélögum upplýsingar um áætluð jöfnunarframlög næsta árs og greiðsludreifingu þeirra eftir því sem við verður komið. Í lok hvers fjárhagsárs skal fara fram uppgjör á framlögum ársins.

3. gr.

Almenn framlög.

Fjármagn til almennra jöfnunarframlaga skal vera jafnhátt tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. 1. gr. að frádregnum framlögum skv. 4.–8. gr. reglugerðar þessarar, hlutdeild í rekstrarkostnaði Jöfnunarsjóðs og hlut Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. 12. gr. laga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Framlög samkvæmt þessari grein eru ætluð öllum sveitarfélögum nema Reykjavíkurborg.

Við útreikning framlaga samkvæmt þessari grein skal finna útgjaldaþörf hvers sveitarfélags vegna launakostnaðar af kennslu í grunnskólum og annars kostnaðar sem tengdur er flutningi alls rekstrar grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga.

Útreiknuð framlög hvers árs skal leiðrétta þegar endanlegur álagningarstofn útsvars viðkomandi árs liggur fyrir. Leiðréttingin skal fara fram fyrir 31. desember árið á eftir og skal leiðrétting hvers sveitarfélags koma til frádráttar/viðbótar áætluðu almennu jöfnunarframlagi fyrir næsta fjárhagsár eftir leiðréttingardag. Reynist áætlunin lægri en frádráttur er heimilt að taka af öðrum framlögum Jöfnunarsjóðs til að mæta mismuninum.

I. hluti: Reiknuð útgjaldaþörf á grundvelli reiknilíkans.

Reiknilíkaninu er ætlað að lýsa sem best hagkvæmni grunnskólanna miðað við fjölda nemenda í hverjum skóla. Líta má á niðurstöðu reiknilíkansins sem útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda vegna almennrar kennslu. Nemendafjöldi hvers grunnskóla er breyta reiknilíkansins, þ.e. stærð sem hefur breytilegt gildi.

Reiknilíkanið er eftirfarandi:

$Y = 8{,}7613x^{-0{,}2616}$

Útreikningi skal haga með eftirfarandi hætti:

A.

Nemendafjöldi hvers grunnskóla skal settur inn í reiknilíkanið. Niðurstaðan sýnir útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda í viðkomandi grunnskóla. Undantekningar frá þessari reglu skulu vera:

1. Breyta reiknilíkansins skal aldrei taka lægra gildi en sem svarar 22 nemendum fyrir hvern grunnskóla. Á sama hátt skal breytan aldrei taka hærra gildi en sem svarar 550 nemendum fyrir hvern grunnskóla. Grunnskóli með útibú skal reiknaður sem ein heild. Samanlagður nemendafjöldi aðalskólans og útibúsins skal því notaður við útreikning kennslustundafjölda.
2. Rekstraraðilar grunnskóla með færri en 22 nemendur geta óskað eftir því við ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að tekið sé tillit til skólastærðarinnar við útreikning framlaganna. Verði nefndin við beiðninni skal finna útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda hjá viðkomandi skóla á grundvelli vinnureglna sem ráðgjafarnefnd setur.
3. Þar sem fleiri en einn grunnskóli er rekinn í sama sveitarfélagi skal finna útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda samkvæmt reiknilíkaninu fyrir hvern skóla fyrir sig og finna síðan út vegið meðaltal fyrir sveitarfélagið. Það meðaltal skal síðan notað í áframhaldandi útreikningi, sbr. B- og C-lið.
4. Leggi sveitarfélag niður skóla og nemendur hans eru færðir í annan eða aðra skóla geta sveitarfélög sótt um að skólar séu reiknaðir út eins og var fyrir breytingu. Fallist ráðgjafarnefnd á slíkt erindi skal ákvörðunin gilda í fimm ár.

Þar sem reiknilíkanið gefur ávallt niðurstöðu eins og um skóla með 1.–10. bekk væri að ræða skal leiðrétta hana með tilliti til skólagerðar viðkomandi grunnskóla. Niðurstaða reiknilíkansins skal því margfölduð með stuðli sem þannig er fundinn: Meðalvikustundum á hvern árgang grunnskólans er deilt með meðalvikustundum í árgangi hjá heildstæðum skóla. Miða skal við meðalvikustundir samkvæmt ákvæðum grunnskólalaga hverju sinni.

Ef árgangar í efri bekkjum heildstæðra safnskóla eru verulega stærri en í yngri bekkjum skólans er ráðgjafarnefnd heimilt að reikna stuðul skólagerðar út frá vegnum meðalstundum grunnskólans.

Þá skal einnig leiðrétta niðurstöðuna með tilliti til mismunandi meðalgrunnlauna skólastjóra, kennara og leiðbeinenda í grunnskólum þannig að þeir skólar, þar sem meðalgrunnlaun eru umfram meðaltal landsins, fá leiðréttingu til hækkunar en skólar, þar sem meðalgrunnlaunin eru undir meðaltali landsins, fá leiðréttingu til lækkunar. Við þá leiðréttingu skal miða við heildarkjarasamning milli Kennarasambands Íslands annars vegar og launanefndar sveitarfélaga hins vegar eins og hann er hverju sinni. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skal setja nánari vinnureglur um útreikning slíkra leiðréttinga.

B.

1. Finna skal, á grundvelli niðurstaðna í A-lið, útreiknaðan heildarkennslustundafjölda í viðkomandi sveitarfélagi. Byggja skal þann útreikning á fjölda íbúa á grunnskólaaldri er lögheimili hafa í sveitarfélaginu samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá Hagstofu Íslands.
2. Athuga skal í hvaða grunnskóla hver árgangur í sveitarfélagi fer. Fjöldi íbúa sveitarfélags í viðkomandi árgöngum samkvæmt þjóðskrá skulu því næst merktir viðeigandi grunnskóla. Til að finna útreiknaðan heildarkennslustundafjölda í sveitarfélagi skal niðurstaða reiknilíkansins fyrir viðeigandi grunnskóla, sbr. A-lið, margfölduð með fjölda þeirra íbúa er merktir hafa verið þeim grunnskóla. Ef fleiri en einn grunnskóli er í sveitarfélagi, sbr. 3. tölul. 2. mgr. A-liðar, og ekki er hægt að merkja ákveðna árganga viðeigandi skóla skal heildaríbúafjöldi sveitarfélags á grunnskólaaldri samkvæmt þjóðskrá margfaldaður með vegnu meðaltali útreiknaðs kennslustundafjölda á hvern nemanda allra grunnskóla sveitarfélagsins.

C.

1. Þegar útreiknaður kennslustundafjöldi liggur fyrir hjá hverju sveitarfélagi, sbr. A- og B-lið, skal fundið hlutfall útreiknaðs kennslustundafjölda hvers sveitarfélags af samanlögðum útreiknuðum kennslustundafjölda landsins.
2. Við áætlun framlags fyrir viðkomandi fjárhagsár skal áætla útsvarsstofn næstliðins árs fyrir hvert sveitarfélag. Á grundvelli þess skal áætla útsvarstekjur sem renna til sveitarfélaga vegna yfirfærslu alls reksturs grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga.
3. Heildarútgjaldaþörf sveitarfélaga skal fundin þannig: Heildarútsvarstekjur, sbr. 2. tölul. C-liðar, að viðbættri fjárhæð sem ætluð er í almenn framlög samkvæmt grein þessari. Útgjaldaþörf hvers sveitarfélags skal síðan reiknuð þannig: Áðurgreind heildarútgjaldaþörf sveitarfélaga margfölduð með hlutfalli hvers sveitarfélags skv. 1. tölul. C-liðar.

II. hluti: Útreikningur á framlögum.

Heildarútgjaldaþörf hvers sveitarfélags er útgjaldaþörf skv. 3. tölul. C-liðar I. hluta.

Framlög samkvæmt þessari grein skulu fundin með eftirfarandi hætti:

1. Finna skal mismun heildarútgjaldaþarfar hvers sveitarfélags, sbr. 1. mgr., og áætlaðra útsvarstekna, sbr. 2. tölul. C-liðar.
2. Sveitarfélög fá ekki almenn framlög samkvæmt þessari grein ef mismunur er neikvæður eða enginn, sbr. 1. lið. Jákvæður mismunur hjá sveitarfélagi sýnir þörf fyrir almenn framlög.
3. Almenn framlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga samkvæmt grein þessari skulu vera jöfn þeim jákvæða mismun, sbr. 2. lið, margfölduðum með stuðli X/Z.

X=Fjárhæð sem áætluð hefur verið í framlög samkvæmt grein þessari.

Z=Summa jákvæðs mismunar hjá sveitarfélögum, sbr. lið 1.

Heimilt er ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að auka eða minnka vægi áætlaðra útsvarstekna, sbr. 2. tölul. C-liðar, um allt að 5% til að útreiknuð jöfnunarþörf verði sem mest í samræmi við raunverulega jöfnunarþörf.

4. gr.

Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.

A.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal greiða framlög til sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á grunnskólaaldri.

Eftirfarandi tvö skilyrði eru fyrir greiðslu framlaga:

1. Að nemandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu og hafi verið metinn fatlaður af Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, barna- og unglingageðdeild Landspítalans, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands eða Sjónstöð Íslands.
Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. maí 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 384 22. maí 2002

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kirkjumiðstöðina við Vestmannsvatn í Aðaldal, Suður-Þingeyjarsýslu, Þingeyjarprófastsdæmi.

1. gr.

Stofnunin heitir Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn. Hún er sjálfseignarstofnun og rekur á eigin ábyrgð kirkjumiðstöð fyrir ýmsa starfsemi á vegum þjóðkirkjunnar svo sem sumarbúðir ungmenna, mót, námskeið og orlofsdvalir.

Stofnunin yfirtók og eignaðist eignir ÆSK við Vestmannsvatn samkvæmt gjafaafsali dagsett 23. mars 1992.

Eignir þessar voru afhentar skuldlausar og án allra kvaða.

Stofnfé stofnunarinnar var það húsnæði sem eigninni fylgdi.

2. gr.

Starfsemi Kirkjumiðstöðvarinnar miðar að eflingu kirkjulegs starfs og aukinni samvinnu safnaðanna, þannig að þeir fái betur rækt hlutverk sitt við boðun fagnaðarerindisins og þjónustu við samfélagið.

Markmiði þessu hyggst stofnunin ná með því að starfrækja kirkjumiðstöð.

3. gr.

Tekjur Kirkjumiðstöðvarinnar eru framlög einstaklinga, héraðssjóða, félaga og stofnana, svo og tekjur af eigin starfsemi.

4. gr.

Í stjórn stofnunarinnar eru 3 menn og 3 til vara.

Héraðsfundur Þingeyjarprófastsdæmis kýs einn stjórnarmann og einn til vara. Héraðsfundur Eyjafjarðarprófastsdæmis kýs einn stjórnarmann og einn til vara. Kirkjuráð skipar einn stjórnarmann og einn til vara.

Héraðsfundur Þingeyjarprófastsdæmis kýs einn skoðunarmann reikninga og einn til vara.

Héraðsfundur Eyjafjarðarprófastsdæmis kýs einn skoðunarmann reikninga og einn til vara.

Kjörtímabil stjórnar og skoðunarmanna eru tvö ár, og heimilt er að endurkjósa sama einstaklinginn eins oft og vilji er til.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Eftir fyrsta árið skal einn stjórnarmaður dreginn úr á fyrsta fundi nýbyrjaðs árs, og skal þá viðkomandi héraðsfundur eða Kirkjuráð kjósa sér stjórnarmann og varamann hans til setu næstu tvö ár. Þannig er kosið um einn stjórnarmann og varamann hans annað hvort ár og tvo stjórnarmenn og varamenn þeirra hitt árið.

5. gr.

Stjórnin annast rekstur og uppbyggingu Kirkjumiðstöðvarinnar.

Heimilt er stjórninni að ráða sér framkvæmdastjóra, ef þurfa þykir og starfar hann þá undir stjórn og á ábyrgð hennar.

Stjórnin skal árlega skila ársskýrslu, sem lögð skal fyrir héraðsfundi Þingeyjar- og Eyjafjarðarprófastsdæma, svo og fyrir Kirkjuráð.

Með ársskýrslunni skulu fylgja skoðaðir og áritaðir ársreikningar, svo og rekstrar- og framkvæmdaáætlun.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

6. gr.

Núverandi framkvæmdarstjóri skal kalla saman í fyrsta sinn hina nýskipuðu stjórn, eins fljótt og unnt reynist, eftir að þessi skipulagsskrá hefur tekið gildi.

7. gr.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður, skal biskup Íslands ásamt próföstum Þingeyjar- og Eyjafjarðarprófastsdæma sjá svo um, að landið (og þær byggingar sem þar standa) verði afhent landeigendum í Fagranesi og Fagraneskoti, en þeir gáfu ÆSK (Æskulýðssambandi kirkjunnar í Hólastifti) landið árið 1962.

8. gr.

Stjórn Kirkjumiðstöðvarinnar við Vestmannsvatn skal halda gjörðabók þar sem allar ákvarðanir hennar eru færðar svo og framlög aðila.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki Kirkjuráðs og héraðsfunda Þingeyjar- og Eyjafjarðarprófastsdæma, og með staðfestingu kirkjuþings.

10. gr.

Þessi skipulagsskrá kemur í stað skipulagsskrár fyrir Kirkjumiðstöðina við Vestmannsvatn, sem staðfest var af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 30. júlí 1993.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. maí 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

Nr. 385 29. maí 2002

REGLUR

um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands.

Eftirfarandi reglur gilda um viðskipti Seðlabanka Íslands og þeirra lánastofnana sem eiga innstæðu á sérstökum bindireikningi í bankanum skv. reglum þar um:

1. gr.

Viðskiptareikningar og bindireikningar.

Af innstæðu á viðskiptareikningi reiknast dagvextir skv. vaxtatilkynningu Seðlabankans og færast þeir í árslok. Vaxtadagur inn- og útborgana er afgreiðsludagurinn nema sérstaklega sé um annað samið. Bankinn getur án fyrirvara breytt kjörum viðskiptareikninga.

Af innstæðum á bindireikningum reiknast dagvextir. Af meðalinnstæðu á bindireikningi, sem svarar í hverjum mánuði til bindiskyldrar fjárhæðar, greiðast vextir bundinna innstæðna skv. vaxtatilkynningu Seðlabankans og færast mánaðarlega, en af innstæðu umfram þá fjárhæð greiðast vextir viðskiptareikninga, sbr. 1. mgr. hér að ofan, og færast þá í árslok.

Yfirdráttur á viðskiptareikningi er óheimill. Hafi engu að síður orðið óheimill yfirdráttur, t.d. vegna greiðsluuppgjörs, skal hlutaðeigandi lánastofnun án tafar eyða honum með því að fá daglán hjá Seðlabankanum, sbr. 4. gr., og fá lánið vaxtafært með gildistöku þann dag sem yfirdráttur telst hafa myndast og skal sá dagur teljast fyrsti vaxtadagur lánsins. Við slíka færslu greiðist 0,01% gjald fyrir hvern dag sem það er gert. Hlutaðeigandi lánastofnun skal óska eftir fyrirgreiðslunni eigi síðar en kl. 10.30 á fyrsta almennum viðskiptadegi eftir að yfirdráttur myndaðist. Til tryggingar dagláninu skal lánastofnunin setja að veði verðbréf sem hæf eru til endurhverfra viðskipta skv. 3. gr. Bréfin skulu varðveitt í Seðlabankanum.

2. gr.

Innstæðubréf.

Seðlabankinn selur 14 daga og 90 daga innstæðubréf eftir ákvörðun bankastjórnar hverju sinni. Innstæðubréf með 14 daga binditíma verða seld á uppboðum sem verða tilkynnt sérstaklega.

Innstæðubréf með 90 daga binditíma verða seld hverju sinni að ósk kaupanda, en Seðlabankinn getur þó fyrirvaralaust hætt sölu þeirra. Af innstæðubréfum þessum reiknast fastir, eftirágreiddir vextir. Beiðni um kaup þeirra skal berast peningamálasviði bankans og verður hún afgreidd samdægurs ef hún berst fyrir kl. 15.00. Sé afgreiðslu bankans og innlánsstofnana lokað kl. 12.00 skal beiðni um kaup innstæðubréfa berast fyrir kl. 11.30.

3. gr.

Endurhverf verðbréfaviðskipti.

Seðlabankinn efnir að jafnaði til uppboðs á endurhverfum verðbréfasamningum á þriðjudegi í hverri viku. Samningstími endurhverfra viðskipta er 14 dagar. Sé afgreiðsla bankans og innlánsstofnana lokuð á þriðjudegi fer uppboð fram næsta viðskiptadag á eftir, og styttist þá samningstíminn sem því nemur. Sé afgreiðsla bankans og innlánsstofnana lokuð á gjalddaga færist hann til næsta viðskiptadags á eftir, og lengist þá samningstíminn sem því nemur.

Seðlabankinn mun hverju sinni tilkynna þátttakendum um uppboðsskilmála eigi síðar en kl. 10.00 á mánudegi, meðal annars hvort bankinn býðst til að kaupa eða selja verðbréf. Þegar svo stendur á kunna einnig að verða boðin til sölu 14 daga innstæðubréf. Sé afgreiðsla bankans og innlánsstofnana lokuð á mánudegi tilkynnir bankinn um uppboðsskilmála eftir kl. 16.00 síðasta viðskiptadag fyrir uppboðsdag. Ýmist verður um að ræða fastverðsuppboð, þ.e. ávöxtun verður ákveðin fyrirfram, eða verðuppboð, en þá ræðst ávöxtun af tilboðum.

Hæf verðbréf í endurhverfum viðskiptum Seðlabankans eru innstæðubréf bankans, rafrænt skráð spariskírteini ríkissjóðs, ríkisbréf, ríkisvíxlar og skuldabréf sem gefin eru út í íslenskum krónum og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Útgefið markaðsvirði flokks sé yfir 3 ma.kr. og staðfest sé að það magn hafi selst.
2. Útgefandi hafi lánshæfismat frá einhverju þriggja matsfyrirtækja: Standard & Poor's, Moody's eða Fitch og langtímalánshæfiseinkunn A- eða betra miðað við matskerfi Standard & Poor's og Fitch og A3 eða betra hjá Moody's.
3. Bréf með ábyrgð ríkissjóðs séu metin eins og ríkissjóður sé útgefandi.
4. Bréfin séu í viðskiptavakt á Verðbréfaþingi Íslands hf. eða sambærilegri stofnun.
5. Ekki sé um víkjandi skuldabréf að ræða og ekki er heimilt að útgefandi noti eigin bréf í viðskiptum við Seðlabankann.
6. Flokkar sem eru hæfir í endurhverfum viðskiptum samkvæmt viðauka reglna nr. 510 frá 28. júní 2001 verða áfram hæfir í endurhverfum viðskiptum eftir því sem við getur átt.
7. Verðbréfin skulu að jafnaði valin þannig að ekki sé um að ræða bréf með gjalddaga fyrir lok samningstímans.

Séu bréf dregin út á samningstímanum, og óski seljandi eftir því að fá þau afhent, skal hann leggja fram ný hæf verðbréf, og skal þá matsverð þeirra vera a.m.k. jafnhátt og matsverð hinna útdregnu verðbréfa.

Frágangur endurhverfra viðskipta eða sölu 14 daga innstæðubréfa skal fara fram á uppboðsdegi. Ef verðbréf, sem Seðlabankinn er kaupandi að, hafa ekki borist bankanum fyrir kl. 15.00 þann dag þá getur bankinn fellt niður viðskiptin.

Þegar ávöxtun ræðst af tilboðum lánastofnana skal miða við lægstu ávöxtun sem samþykkt er af Seðlabankanum ef um endurhverf verðbréfakaup er að ræða, en hæstu ávöxtun sé um að ræða endurhverfa verðbréfasölu eða sölu innstæðubréfa (hollensk uppboðsaðferð).

Út frá ávöxtun tekinna tilboða skal reiknuð forvaxtaprósenta með tveimur aukastöfum til notkunar við vaxtaútreikning. Þegar F er forvaxtaprósenta, A ávöxtun, d dagafjöldi frá og með kaupdegi að gjalddaga, hattur (^) táknar veldi, stjarna (*) margföldun og skástrik (/) deilingu, gildir þessi jafna:

$$F = [1 - 1/(1+A/100)^(d/360)]*36000/d$$

Seðlabankinn og þeir aðilar, sem gera tilboð sem verða samþykkt, þurfa að gera með sér sérstakan samning hverju sinni þar sem fram kemur m.a.:

a) Lýsing á verðbréfum sem notuð eru í viðskiptunum. Fram komi m.a. heiti bréfanna, eftirstöðvatími svo og upphafs- og lokaverð viðskiptanna sbr. lýsingu hér á eftir. Með lokaverði er átt við endurgreiðsluna, þ.e. þá fjárhæð sem seljandi greiðir kaupanda á endursöludegi. Upphafsverð er lokaverð að frádregnum forvöxtum. Lokaverð er markaðsverð verðbréfanna að frádregnum hundraðshluta sem ræðst af eftirstöðvatíma bréfanna. Frádrag frá markaðsverði verður:

   - 2% af verðbréfum þar sem eftirstöðvatími er styttri en eitt ár.
   - 5% af verðbréfum þar sem eftirstöðvatími er 1 til 5 ár.
   - 7% af verðbréfum þar sem eftirstöðvatími er lengri en 5 ár.

   Ekki skal beitt frádragi þegar Seðlabankinn er seljandi verðbréfa. Með markaðsverði er átt við verð í síðustu viðskiptum á síðasta viðskiptadegi fyrir uppboð á Verðbréfaþingi Íslands hf. hvort sem um er að ræða sölu bankans eða kaup. Sé slíkt verð ekki fyrir hendi skal miða við lægsta kaupverð þann dag.
b) Ákvæði um að kaupandi bréfanna eigi rétt á að selja þau fyrir eigin reikning verði ekki staðið við endurkaup þeirra á lokadegi viðskiptanna.
c) Ákvæði um geymslustað bréfanna, sem getur verið í Seðlabankanum eða hjá seljanda, enda lýsi hann yfir að hann felli sig við eftirlit ytri endurskoðanda með geymslunni.

4. gr.

Daglán.

Seðlabankinn veitir lánastofnun daglán gegn handveði ef hún óskar þess og skal umsókn um slíkt lán berast á sérstöku eyðublaði. Hæf verðbréf til tryggingar dagláni eru þau sömu og gilda til tryggingar í endurhverfum viðskiptum sbr. 3. mgr. 3. gr. Fjárhæð útistandandi daglána skal þó aldrei vera hærri en níutíu hundraðshlutar af markaðsverði handveðsettra verðbréfa skv. 8. mgr. 3. gr. Beiðni um daglán skal berast peningamálasviði Seðlabankans fyrir kl. 17.15, og handveðsetningu skal lokið fyrir kl. 17.45, ef afgreiðsla á að fara fram samdægurs. Sé afgreiðslu bankans og innlánsstofnana lokað kl. 12:00 skal beiðni um daglán berast fyrir kl. 11.30 og handveðsetningu lokið fyrir kl. 12.00. Daglán bera forvexti. Samningstíminn er einn dagur. Sé afgreiðsla bankans og innlánsstofnana lokuð á gjalddaga frestast hann til næsta viðskiptadags. Seðlabankinn skuldar viðskiptareikning lántaka í bankanum fyrir gjaldfallinni fjárhæð dagláns sé innstæða fyrir hendi á hlutaðeigandi viðskiptareikingi á þeirri stundu. Sé innstæða ekki fyrir hendi ber lántaka að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja endurgreiðslu daglánsins. Seðlabankanum er jafnan heimilt að halda í sinni vörslu sem handveði nægjanlegri fjárhæð hæfra verðbréfa til tryggingar teknu dagláni hlutaðeigandi lántaka þar til tryggt er að slíkt lán hafi að fullu verið endurgreitt. Handveð fyrir dagláni sem vaxtafært er með gildistöku þann dag sem yfirdráttur telst hafa myndast og vegna ójafnaðs uppgjörs greiðslumiðlunar skal vera að lágmarki einn

viðskiptadag í vörslu bankans. Kjör daglána skulu tilkynnt fyrirfram þeim lánastofnunum sem aðgang hafa að þeim. Seðlabankinn getur breytt kjörum eða takmarkað aðgang lánastofnana að daglánum án fyrirvara.

5. gr.

Verklagsreglur.

Ef reglulegur gjalddagi afborgana og vaxta fellur á daga sem afgreiðsla Seðlabankans og innlánsstofnana er lokuð færist hann til næsta viðskiptadags. Gera má ráð fyrir í lánssamningum að vaxtatímabil geti verið mislangt sem þessu nemur.

Það er meginregla að ekki skal vaxtafæra („validera") innborganir á reikninga í Seðlabankanum á öðrum degi en þegar þær eiga sér stað. Til slíkra vaxtafærslna á eingöngu að grípa þegar leiðrétta á skekkjur, t.d. færslumistök af hálfu Seðlabankans og til að loka neikvæðri stöðu sem kann að hafa myndast á viðskiptareikningi lánastofnunar í Seðlabankanum, sbr. 3. mgr. 1. gr. að framan.

Almenn vaxtaregla í viðskiptum við Seðlabankann er raun/360.

6. gr.

Tilkynningar.

Tilkynningar lánastofnana til Seðlabankans um fjárhagsleg atriði, sem um er fjallað í reglum þessum, er heimilt að senda með símbréfi að því tilskildu að slík bréf beri undirritun þeirra, sem hafa heimild til að skuldbinda hlutaðeigandi stofnun sbr. 7. tl. 39. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði með síðari breytingum, sbr. enn fremur lista yfir aðila ásamt rithandarsýnishornum þeirra. Seðlabankinn krefst þess að lánastofnun staðfesti á tryggan hátt, t.d. með símtali, þegar tilkynning er send með símbréfi. Sama regla gildir um tilkynningar bankans til lánastofnana.

Þær lánastofnanir sem hafa ekki komið sér upp undirskriftalistum yfir þá aðila, sem hafa heimild til að skuldbinda hlutaðeigandi stofnun sbr. áðurgreind lög um viðskiptabanka og sparisjóði, skulu staðfesta sérstaklega undirskriftir hlutaðeigandi starfsmanna gagnvart Seðlabankanum.

7. gr.

Útilokun viðskipta.

Seðlabankinn getur án fyrirvara útilokað lánastofnun frá frekari viðskiptum samkvæmt reglum þessum hafi hún ekki hlítt ákvæðum þessara reglna.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 6. og 7. gr. laga nr. 36/2001, taka gildi 1. júlí 2002. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands nr. 115 frá 13. febrúar 2001, með síðari breytingu nr. 161/2002.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. taka ákvæði 3. gr. reglnanna um hæfi bréfa til tryggingar í endurhverfum viðskiptum og daglánum gildi frá og með 1. júní 2002.

Reykjavík, 29. maí 2002.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson. **Eiríkur Guðnason.** **Finnur Ingólfsson.**

REGLUR

um lausafjárhlutfall.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur með vísan til 12. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands sett eftirfarandi reglur um lausafjárhlutfall bindiskyldra lánastofnana.

1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar taka til viðskiptabanka, sparisjóða, annarra stofnana og félaga sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar og annarra lánastofnana sem starfa skv. lögum og ber að uppfylla reglur Seðlabankans um bindiskyldu.

2. gr.
Mat á lausu fé.

Lánastofnanir, sbr. 1. gr., skulu kappkosta að eiga nægt laust fé til að mæta greiðsluskuldbindingum sínum. Laust fé skal flokkað eftir neðangreindum fjórum tímabilum:

a) Laust innan eins mánaðar.
b) Laust eftir einn mánuð til allt að þriggja mánaða.
c) Laust eftir þrjá mánuði til allt að sex mánaða.
d) Laust eftir sex mánuði til allt að tólf mánaða.

Lausafjárhlutfall eins og það er skilgreint í reglum þessum skal reiknað mánaðarlega á grundvelli upplýsinga í lok hvers mánaðar skv. sérstakri skýrslu til Seðlabankans.

3. gr.
Lágmark lausafjárhlutfalla.

Með lausafjárhlutfalli er átt við hlutfall lausafjárkrafna og lausafjárskuldbindinga sbr. 5. og 6. gr. þessara reglna. Lausafjárhlutföll lánastofnana skulu eigi vera lægri en 1 fyrir hvorn liðanna a) og b) í 1. mgr. 2. gr. Sé lausafjárhlutfallið skv. a) lið hærra en 1 skal heimilt að yfirfæra þá fjárhæð sem umfram stendur yfir á b) lið.

Lánastofnanir skulu einnig gera grein fyrir lausafjárhlutföllum fyrir önnur tímabil, þ.e. skv. c) og d) lið 1. mgr. 2. gr.

4. gr.
Viðurlög.

Nái lausafjárhlutföll lánastofnunar ekki því lágmarki sem sett er í 1. mgr. 3. gr. skal reikna dagsektir á þær fjárhæðir sem á vantar skv. 1. mgr. 2. gr. gildandi reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta. Um ákvörðun dagsekta, kæruheimild og innheimtu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði 6., 7. og 8. gr. framangreindra reglna.

Seðlabankanum er heimilt að skuldfæra reiknuð viðurlög á viðskiptareikninga viðkomandi lánastofnunar eða fyrirtækis hjá bankanum að liðnum a.m.k. sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila sbr. 3. mgr. 6. gr. nefndra reglna í 1. mgr. hér að framan. Lánastofnun, sem annast bindiskyldu fyrir aðra bindiskylda lánastofnun, heimilar Seðlabankanum að skuldfæra viðurlög vegna viðkomandi stofnunar á reikning sinn í bankanum.

5. gr.

Skilgreining á lausafjárkröfum.

Eftirtaldar kröfur í eigu lánastofnunar skulu teljast til lausafjárkrafna og falla undir staflið a) í 1. mgr. 2. gr.:

a) Sjóður í innlendum og erlendum gjaldmiðli.
b) Óbundnar innstæður í seðlabönkum, þar með talin innstæða á reikningi vegna bindiskyldu. Aðalviðskiptareikningur sparisjóðs hjá Sparisjóðabanka Íslands hf., þar með talinn innstæða sparisjóðs hjá Sparisjóðabankanum vegna milligöngu hans um bindiskyldu skv. 8. gr. gildandi reglna um bindiskyldu. Ef nýtt er heimild í 9. gr. reglna Seðlabanka Íslands um bindiskyldu um sérstakan bindireikning skal telja hann bæði með sem innstæðu á reikningi vegna bindiskyldu og sem bindifjárhæð til tryggingar í greiðslukerfum.
c) Endurhverf verðbréfakaup af Seðlabankanum.
d) 5% af samningsbundnum veltilánum til lánastofnana vegna afurða- og rekstrarlána.
e) Eigin reikningar (nostro) í lánastofnunum.
f) 5% af yfirdráttarlánum og afurðalánum.
g) 15% af öllum vanskilum sem eru eldri en þrjátíu daga, þ.m.t. greiddar óinnleystar ábyrgðir.
h) 90% af markaðsverðmæti innlendra ríkisvíxla, annarra endurseljanlegra bréfa í Seðlabankanum og erlendra ríkisvíxla.
i) 80% af markaðsverðmæti víxla lánastofnana með viðskiptavakt, sem skráðir eru í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði, skráðra erlendra markaðsskuldabréfa, skráðra erlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða.
j) 50% af markaðsverðmæti skráðra víxla- og skuldabréfaflokka með viðskiptavakt, sem eru ekki hæfir í endurhverfum viðskiptum við Seðlabankann, og hlutabréfa í úrvalsvísitölu VÞÍ.
k) 25% af markaðsverðmæti annarra skráðra innlendra hlutabréfa.
l) 10% af markaðsverðmæti annarra skráðra skuldabréfa án viðskiptavaktar.
m) 80% af ónýttum hluta samningsbundinna veltilána hjá innlendum og erlendum lánastofnunum í ISK.
n) Kröfur vegna ónýttra hluta samningsbundinna veltilána hjá innlendum og erlendum lánastofnunum í erlendum gjaldmiðli.
o) 10% af ónýttum lánsheimildum (lánalínum) í innlendum og erlendum gjaldmiðli.

Aðrar eftirtaldar kröfur skulu flokkast undir hlutaðeigandi staflið 1. mgr. 2. gr. eftir eftirstandandi binditíma þeirra:

a) Innstæðubréf Seðlabankans.
b) 90% af endurgreiðslum vegna krafna á innlendar lánastofnanir að undanskildum eigin reikningum (nostro).
c) Endurgreiðslur vegna krafna á erlendar lánastofnanir bæði í innlendum og erlendum gjaldmiðli að undanskildum eigin reikningum (nostro).
d) 80% af endurgreiðslum vegna krafna á aðra aðila en lánastofnanir að frátöldum kröfum í vanskilum, yfirdráttar- og afurðalánum.
e) 90% af kröfum vegna endurhverfra verðbréfakaupa þar sem mótaðili er annar en Seðlabankinn. Þetta hlutfall skal þó vera 100% vegna milligöngu Sparisjóðabanka Íslands hf. fyrir sparisjóði.
f) 90% af jákvæðu markaðsvirði (óinnleystum hagnaði) allra samninga utan efnahags, þ.m.t. framvirkir samningar, skiptasamningar og valréttarsamningar.
g) 80% af kröfum vegna sölutrygginga.

6. gr.

Skilgreining á lausafjárskuldbindingum.

Eftirtaldar skuldbindingar lánastofnunar skulu teljast til lausafjárskuldbindinga og falla undir staflið a) í 1. mgr. 2. gr.:

a) Gjaldkræfar skuldir við seðlabanka, þar með talin útreiknuð bindiskyldukvöð skv. reglum Seðlabanka Íslands um bindiskyldu og uppgjörskvöð vegna greiðslukerfa.
b) Endurhverf verðbréfasala til Seðlabankans.
c) 5% af lánasamningum við lánastofnanir vegna afurða- og rekstrarlána.
d) 5% af bundnum innlánum í krónum og 10% af öðrum innlánum.
e) 80% af skuldbindingum vegna ónýttra hluta samningsbundinna veltilána til innlendra og erlendra lánastofnana í ISK.
f) 100% af skuldbindingum vegna ónýttra hluta samningsbundinna veltilána til innlendra og erlendra lánastofnana í erlendum gjaldmiðli.
g) 25% af skuldbindingum vegna ónýtts hluta veltilána til annarra en lánastofnana í innlendum og erlendum gjaldmiðli.
h) 10% af ábyrgðum.
i) 5% af innlendum kreditkortaheimildum.
j) 0,5% af erlendum kreditkortaheimildum.

Aðrar eftirtaldar skuldbindingar skulu flokkast undir hlutaðeigandi staflið 1. mgr. 2. gr. miðað við eftirstandandi binditíma þeirra:

a) Endurgreiðslur af skuldum, öðrum en vegna afurða- og rekstrarlána, við innlendar og erlendar lánastofnanir.
b) Endurgreiðslur af verðbréfaútgáfu á markaði.
c) Endurgreiðslur af annarri lántöku.
d) 100% af skuldbindingum vegna endurhverfrar verðbréfasölu þar sem mótaðili er annar en Seðlabankinn.
e) 100% af neikvæðu markaðsvirði (óinnleystu tapi) allra samninga utan efnahags, þ.m.t. framvirkir samningar, skiptasamningar og valréttarsamningar.
f) 25% af andvirði skuldbindinga vegna sölutrygginga.
g) 80% af skuldbindingum vegna samþykktra lánsloforða.
h) Greiðslur vegna samþykkts arðs.

7. gr.

Frekari upplýsingar vegna viðskipta utan efnahags.

Eftirtaldar kröfur og skuldbindingar skulu flokkast undir hlutaðeigandi staflið 1. mgr. 2. gr. eftir eftirstandandi binditíma þeirra og hvort um er að ræða erlendan eða innlendan gjaldmiðil:

a) Höfuðstóll framvirkra samninga.
b) Greiðsluflæði skiptasamninga.
c) Höfuðstóll valréttarsamninga.

Ofangreindir stafliðir eru ekki teknir með í útreikningi á lausafjárhlutfalli.

8. gr.
Skýrsluskil.

Skýrslum um laust fé skal skilað til Seðlabankans innan 15 daga frá lokum hvers mánaðar og er bankanum heimilt að beita dagsektum við vanrækslu á skýrsluskilum á grundvelli 2. mgr. 2. gr. gildandi reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta. Um ákvörðun dagsekta, kæruheimild og innheimtu gilda ákvæði 6., 7. og 8. gr. greindra reglna eftir því sem við getur átt og um skuldun dagsekta á hlutaðeigandi aðila gildir 2. mgr. 4. gr. hér að framan eftir því sem við getur átt.

Innri endurskoðandi lánastofnunar, þar sem honum er til að dreifa, eða aðalbókari skal yfirfara aðferðir við skýrslugerð lauss fjár að minnsta kosti einu sinni á ári og senda Seðlabankanum skriflega yfirlýsingu þar um. Slík yfirlýsing skal jafnframt send þegar fyrsta skýrsla lánastofnunar er útbúin samkvæmt reglum þessum.

9. gr.
Gildistaka o.fl.

Reglur þessar taka gildi 1. september 2002. Jafnframt falla úr gildi reglur Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutfall nr. 905 frá 27. desember 1999.

Reykjavík, 29. maí 2002.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson. **Eiríkur Guðnason.** **Finnur Ingólfsson.**

29. maí 2002 Nr. 387

REGLUR

um gjaldeyrisjöfnuð.

Með tilvísun til 13. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, svo og 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, hefur bankastjórn Seðlabankans sett eftirfarandi reglur um gjaldeyrisjöfnuð bindiskyldra lánastofnana og annarra sem leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti.

1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar taka til bindiskyldra lánastofnana, þ.e. viðskiptabanka og sparisjóða, sbr. lög nr. 113/1996 með síðari breytingum og annarra lánastofnana, sbr. lög nr. 123/1993 með síðari breytingum, sem starfa hér á landi. Einnig taka þær til aðila sem leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti frá Seðlabankanum þar sem áskilið er að leyfishafi hlíti reglum um gjaldeyrisjöfnuð.

2. gr.
Skilgreiningar.

Til gengisbundinna liða í reglum þessum skal telja eigna- og skuldaliði svo og liði utan efnahagsreiknings sem eru í erlendum gjaldmiðli og liði í íslenskum krónum ef þessir liðir eru með gengisviðmiðun.

Til nústöðu í gjaldmiðli skal telja gengisbundna eigna- og skuldaliði í viðkomandi gjaldmiðli þar með talin núviðskipti með uppgjöri innan þriggja viðskiptadaga.

Til framvirkrar stöðu í gjaldmiðli skal telja öll gengisbundin viðskipti með uppgjöri eftir þrjá eða fleiri viðskiptadaga.

Til opinnar gjaldeyrisstöðu stofnunar í einstökum gjaldmiðlum skal telja allar eignir og skuldir og liði utan efnahagsreiknings í viðkomandi gjaldmiðli þar sem stofnunin ber sjálf gjaldeyrisáhættuna.

Heildargjaldeyrisjöfnuður stofnunar er samtala þeirra gjaldmiðla þar sem opin gjaldeyrisstaða stofnunar er jákvæð (nettó gnóttstaða) að frádreginni samtölu þeirra gjaldmiðla þar sem opin gjaldeyrisstaða er neikvæð (nettó skortstaða).

Eigið fé í reglum þessum er eftir því sem við á skilgreint í eiginfjárákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996 með síðari breytingum, laga um aðrar lánastofnanir nr. 123/1993 með síðari breytingum eða ákvæðum laga nr. 144/1994, um ársreikninga með síðari breytingum. Þó skal telja með eigin fé hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. samtölu ábyrgðayfirlýsinga þeirra sem einstakir sparisjóðir hafa gefið út vegna viðskiptaskuldbindinga Sparisjóðabanka Íslands hf. gagnvart erlendum lánastofnunum.

3. gr.

Útreikningur á opinni gjaldeyrisstöðu.

Eftirfarandi stöður skal taka með í útreikninginn:

1) Nettó nústöðu, þ.e. allar eignir að frádregnum skuldum að meðtöldum áföllnum ógjaldföllnum vöxtum. Afskriftareikningur útlána skal dreginn frá eignum í þessu sambandi.
2) Nettó framvirk staða, þ.e. staða stofnunar í framvirkum samningum, stöðluðum framvirkum samningum og gjaldmiðlaskiptasamningum að því marki sem þessir samningar eru ekki með í nettó nústöðu stofnunar. Gjaldmiðlaskiptasamninga skal meðhöndla sem eign í einum gjaldmiðli og sem skuld í öðrum.
3) Óafturkallanlegar ábyrgðir og svipaðar skuldbindingar ef öruggt er talið að á þær reyni og ólíklegt að þær verði endurkrefjanlegar.
4) Samanlagt nettó deltavirði af valréttarsamningum um gjaldeyri. Stofnanir sem eiga í viðskiptum með valréttarsamninga skulu reikna deltavirði í samræmi við ákvæði reglna nr. 693/2001 um eiginfjárhlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.
5) Markaðsvirði annarra valréttarsamninga í erlendum gjaldmiðli.

Stofnanir sem fengið hafa sérstaka heimild Fjármálaeftirlitsins geta auk ofangreindra töluliða tekið tillit til eftirfarandi við mat á gjaldeyrisstöðu sinni:

1) Framtíðartekna og -gjalda sem enn eru ekki áfallin en eru þegar að fullu baktryggð.
2) Staða sem stofnunin hefur beinlínis tekið til að baktryggja sig gegn óhagstæðum áhrifum gengisbreytinga gjaldmiðils á eiginfjárhlutfall svo og eignarhlutdeild í dótturfélögum sem dregin hefur verið frá við útreikninga á eigin fé. Slíkar stöður má undanskilja við mat á gjaldeyrisstöðu enda séu þær ekki viðskiptalegs eðlis eða kerfisbundnar.

Við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu í einstökum gjaldmiðlum er skylt að skipta upp samsettum mynteiningum eftir vægi hverrar myntar í viðkomandi mynteiningu.

4. gr.

Gjaldeyrisjöfnuður.

Gjaldeyrisjöfnuður stofnunar skal ávallt vera innan eftirfarandi marka:

1) Opin gjaldeyrisstaða stofnunar í einstökum erlendum myntum skal hvorki vera jákvæð né neikvæð um meira en nemur 15% af eigin fé stofnunar samkvæmt síðasta birta uppgjöri. Þó er heimilt að jöfnuður í Bandaríkjadal og evru sé jákvæður eða neikvæður um 20%.
2) Heildargjaldeyrisjöfnuður stofnunar skal hvorki vera jákvæður né neikvæður umfram 30% af eigin fé stofnunar samkvæmt síðasta birta uppgjöri.

Fari gjaldeyrisjöfnuður umfram þau mörk sem hér eru tilgreind skulu stofnanir þegar grípa til aðgerða til að laga hann, og skal hann vera innan tilskilinna marka eigi síðar en innan þriggja viðskiptadaga. Takist aðila ekki með aðgerðum sínum að laga gjaldeyrisjöfnuð sinn innan greindra tímamarka er Seðlabankanum heimilt að reikna dagsektir skv. 1. mgr. 2. gr. gildandi reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta á þá fjárhæð sem gjaldeyrisjöfnuður er umfram tilskilda fjárhæð. Um ákvörðun dagsekta, kæruheimild og innheimtu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði 6., 7. og 8. gr. ofangreindra reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta. Bankanum er heimilt að skuldfæra reiknaðar dagsektir á viðskiptareikning hlutaðeigandi lánastofnunnar eða fyrirtækis í bankanum að liðnum a.m.k. sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila sbr. 3. mgr. 6. gr. nefndra reglna.

5. gr.

Skýrsluskil.

Aðilar þeir er reglur þessar ná til skulu skila Seðlabankanum mánaðarlega skýrslum um gjaldeyrisjöfnuð á því formi sem bankinn ákveður. Skal slíkum skýrslum skilað innan 10 viðskiptadaga frá lokum hvers mánaðar. Aðilar að millibankamarkaðnum með gjaldeyri skulu þó skila daglega skýrslum sbr. gildandi reglur þar að lútandi um gjaldeyrismarkað.

Seðlabankanum er heimilt að beita dagsektum við vanrækslu á skýrsluskilum skv. 1. mgr. á grundvelli 2. mgr. 2. gr. ofangreindra reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta. Um ákvörðun dagsekta, kæruheimild og innheimtu gilda tilvitnuð ákvæði sömu reglna eftir því sem við getur átt, sbr. 2. mgr. 4. gr. hér að framan.

6. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar taka gildi hinn 1. júlí 2002. Jafnframt falla úr gildi reglur um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana og þeirra er leyfi hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti nr. 421 frá 1. júlí 1997.

Reykjavík, 29. maí 2002.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson. **Eiríkur Guðnason.** **Finnur Ingólfsson.**

REGLUR

um bindiskyldu.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið eftirfarandi reglur um bindiskyldu lánastofnana skv. 11. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 og 3. mgr. 10. gr. laga nr. 123/1993 með síðari breytingum.

1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um útreikning og greiðslu bindiskyldu af ráðstöfunarfé innlánsstofnana og annarra lánastofnana, eins og það er fundið á grundvelli mánaðarskýrslu til tölfræðisviðs Seðlabankans, sbr. 7. gr.

2. gr.
Bindiskyldar stofnanir.

Bindiskylda nær til viðskiptabanka og sparisjóða, annarra stofnana og félaga sem heimilt er skv. lögum að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar og þeirra lánastofnana sem starfa á grundvelli laga nr. 123/1993 með síðari breytingum og eru ekki bundnar af ákvæðum sérlaga eða fjárlaga hverju sinni um öflun fjár til starfsemi sinnar.

3. gr.
Bindifjárhæð.

Eftir útreikning bindiskyldu hverju sinni skal bindifjárhæðin, ásamt áföllnum ófærðum vöxtum hennar, vera jöfn samtölu tveggja eftirtalinna stærða:

a. 1,5% af bundnu ráðstöfunarfé skv. 5. gr.
b. 4,0% af mismuni ráðstöfunarfjár skv. 4. gr. og bundnu ráðstöfunarfé skv. 5. gr.

Vanræki bindiskyld stofnun að skila skýrslum til Seðlabankans innan þeirra tímamarka, sem greind eru í 7. gr. reglna þessara, er bankanum heimilt að úrskurða bindiskylda fjárhæð á grundvelli meðaltals tveggja síðustu skýrslna sem borist hafa frá viðkomandi stofnun auk 10% álags fyrir hvern mánuð og hlutfallslega fyrir brot úr mánuði.

4. gr.
Ráðstöfunarfé.

Með ráðstöfunarfé í reglum þessum er átt við niðurstöðutölu efnahagsreiknings bindiskyldrar stofnunar þ.m.t. veðdeildar að meðtöldum tekjum en að frádregnum eftirfarandi efnahags- og rekstrarliðum:

1. Skuldir við bindiskyldar stofnanir samkvæmt 2. gr. þessara reglna aðrar en markaðsverðbréf.
2. Innlán vegna viðbótarlífeyrissparnaðar sbr. lög nr. 129/1997 með síðari breytingum.
3. Afskriftarreikningur útlána enda sé hann meðtalinn á skuldahlið efnahagsreiknings.
4. Eigið fé og víkjandi lán.
5. Gjöld enda séu þau tilgreind á eignahlið og tekjur meðtaldar á skuldahlið efnahagsreiknings.
6. Viðskiptareikningur sem myndast vegna innbyrðis viðskipta bindiskyldrar stofnunar t.d. viðskipta útibúa við höfuðstöðvar. Þegar efnahagsreikningar allra rekstrareininga lána-

stofnunar eru lagðir saman á að koma fram sama fjárhæð slíkra viðskipta á eigna- og skuldahlið. Séu fjárhæðirnar ólíkar, vegna rangrar bókunar, er hér í 6. tl. átt við lægri fjárhæðina.

5. gr.

Bundið ráðstöfunarfé.

Með bundnu ráðstöfunarfé er átt við eftirfarandi skuldaliði:

a. Útistandandi verðbréf útgefin af hlutaðeigandi stofnun, enda hafi upphaflegur lánstími þeirra ekki verið skemmri en eitt ár.
b. Innlán á bundnum sparireikningum, þ.e. reikningum sem aðeins eru opnaðir til úttektar í tiltekinn tíma, mest einn mánuð í senn, en þess á milli líði minnst eitt ár án þess að höfuðstóllinn sé aðgengilegur reikningseiganda að neinu leyti. Innlánsreikningar, sem um tiltekinn tíma eru opnir til úttektar, skulu teljast hér með, enda geri samningar eða reglur ráð fyrir að þeir lokist á ný. Innlánsreikningar, sem að hluta eða öllu leyti eru opnir til úttektar í ótiltekinn tíma, skulu ekki teljast hér með, enda þótt þeir hafi einhverju sinni verið lokaðir fyrir úttektum. Innlánsreikningar með ákvæði um bindingu þar sem innstæðueigandi getur tekið út innstæðu fyrir lok binditíma gegn gjaldi skulu ekki teljast hér með.
c. Innlán á reikningum sem stofnaðir hafa verið vegna samninga um reglubundinn sparnað til a.m.k. eins árs, þó ekki innlán vegna viðbótarlífeyrissparnaðar, sbr. 2. tl. 4. gr. Slík innlán skulu þó ekki teljast hér með að loknum samningstímanum.
d. Aðrar skuldir, þ.m.t. mótvirði endurkaupasamninga, til lengri tíma en eins árs.
e. Áfallnir ófærðir vextir stafliða a, b, c og d.

6. gr.

Uppgjör bindingar.

Útreikningur bindifjárhæðar fer fram fyrir 21. hvers mánaðar og miðast við upplýsingar um meðalstöðu ráðstöfunarfjár sbr. 4., 5. og 7. gr. við lok síðustu tveggja mánaða. Binditímabil er frá og með 21. hvers mánaðar til og með 20. næsta mánaðar og skal bindiskyldum stofnunum tilkynnt fyrir upphaf þess um bindifjárhæð.

Bindiskyldar stofnanir skulu sjá til þess að innstæða þeirra á bindireikningi í Seðlabankanum sé að meðaltali á hverju binditímabili eigi lægri en tilkynnt bindifjárhæð.

Sé innstæða á bindireikningi að meðaltali á binditímabili lægri en tilskilin bindifjárhæð reiknar bankinn dagsektir skv. 1. mgr. 2. gr. gildandi reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta á þá fjárhæð sem á vantar að meðalinnstæða bindireiknings nái tilskilinni bindifjárhæð og skulu viðurlögin skuldfærð á viðskiptareikning viðkomandi stofnunar að liðnum að minnsta kosti sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila sbr. 3. mgr. 6. gr. nefndra reglna. Um ákvörðun dagsekta, kæruheimild og innheimtu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði 6., 7. og 8. gr. ofangreindra reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta.

Meðalinnstæða á bindireikningi umfram bindifjárhæð ber sömu vexti og viðskiptareikningar bindiskyldra lánastofnana í Seðlabankanum.

7. gr.

Skýrsluskil.

Mánaðarskýrslur frá bindiskyldum stofnunum skulu hafa borist Seðlabankanum eigi síðar en 11. dag hvers mánaðar eða næsta dag þar á undan ef skiladag ber upp á almennan frídag bankamanna.

8. gr.

Milliganga um bindiskyldu.

Heimilt er einni bindiskyldri stofnun að fela annarri bindiskyldri stofnun að annast bindiskyldu fyrir sína hönd. Eigi að síður skulu allar bindiskyldar stofnanir láta Seðlabankanum í té upplýsingar skv. 7. gr. Bankinn mun tilkynna þeim stofnunum sem annast bindiskyldu fyrir aðrar stofnanir bindifjárhæðir þeirra. Heildarbindifjárhæð þeirrar stofnunar, sem fer með bindiskyldu fyrir aðrar bindiskyldar stofnanir, skal vera jöfn samtölu bindifjárhæðar hennar og hverrar þeirrar stofnunar sem hún fer með bindiskyldu fyrir.

Bindiskyldar stofnanir sem fela öðrum bindiskyldum stofnunum að annast uppfyllingu bindiskyldu skulu tilkynna Seðlabankanum þar um með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og uppsögn slíks samkomulags skal tilkynnt bankanum með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara. Aðilar að slíku fyrirkomulagi skulu gera með sér sérstakan samning þar sem meðal annars komi fram að vanefndir einstakra aðila á uppfyllingu bindiskyldu beri sömu viðurlög og tilgreind eru í 6. gr. þessara reglna. Samningar þessir skulu háðir staðfestingu bankans.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga nú einungis við milligöngu Sparisjóðabanka Íslands hf. vegna sparisjóða sem fela bankanum að annast bindiskyldu fyrir sína hönd.

9. gr.

Sérstakur bindireikningur.

Bindiskyld stofnun sem er þátttakandi í greiðslukerfi getur óskað eftir því við Seðlabankann að stofnaður verði sérstakur bindireikningur með tiltekinni innstæðu sem bundin er til eins mánaðar í senn og nota skal við uppgjör ef stofnun vanefnir skuldbindingar sínar gagnvart öðrum þátttakendum í greiðslukerfinu. Bankinn setur nánari skilyrði fyrir stofnun og notkun reikningsins sem tilgreind skulu í samningi þar að lútandi. Innstæða á sérstökum bindireikningi telst vera hluti heildarinnstæðu stofnunar vegna bindiskyldu hennar.

Við vanefnd stofnunar við uppgjör í greiðslukerfinu hefur Seðlabankinn rétt til þess að ráðstafa innstæðunni eða hluta hennar án fyrirvara eða tilkynningar til greiðslu krafna sem aðrir þátttakendur í greiðslukerfinu eiga gagnvart honum. Um uppgjörið og tilhögun innlausnar er nánar kveðið á um í reglum um greiðslukerfi settum af bankanum.

10. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar taka gildi 1. júlí 2002. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um bindiskyldu við Seðlabanka Íslands nr. 794 frá 30. desember 1998. Reglurnar gilda fyrst við útreikning bindiskyldu í júlí 2002.

Reykjavík, 29. maí 2002.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson. **Eiríkur Guðnason.** **Finnur Ingólfsson.**

Nr. 389 29. maí 2002

REGLUR

um beitingu viðurlaga í formi dagsekta.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur að fengnu samþykki og staðfestingu bankaráðs sett eftirfarandi reglur um beitingu Seðlabanka Íslands á dagsektum skv. 2. og 3. mgr. 37. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

1. gr.

Dagsektir vegna reglna um bindiskyldu, lausafjárhlutfall og gjaldeyrisjöfnuð.

Hlíti lánastofnun eða verðbréfasjóður ekki neðangreindum reglum settum af Seðlabanka Íslands:

a) reglum um grundvöll og framkvæmd bindingar, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 36/2001,
b) reglum um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana, sbr. 12. gr. laga nr. 36/2001, og
c) reglum um gjaldeyrisjöfnuð, sbr. 13. gr. laga nr. 36/2001,

er Seðlabankanum heimilt að beita lánastofnun eða verðbréfasjóð viðurlögum í formi dagsekta eins og nánar greinir í 2. gr.

2. gr.

Útreikningur og fjárhæðir dagsekta skv. 1. gr.

Þegar innstæða á bindireikningi að meðaltali á binditímabili er lægri en tilskilin bindifjárhæð skal reikna dagsektir sem samsvara dráttarvöxtum yfir binditímabilið á þá fjárhæð sem á vantaði að meðalinnstæða bindireiknings næði tilskilinni bindifjárhæð. Þegar lausafjárhlutfall nær ekki tilskildu lágmarki skv. mánaðarskýrslu skulu dagsektir samsvara dráttarvöxtum á þá fjárhæð sem á vantar. Þegar gjaldeyrisjöfnuður er umfram tilskilin mörk skv. skýrslum, hvort sem þeirra er krafist daglega eða mánaðarlega, skulu dagsektir samsvara dráttarvöxtum á þá fjárhæð sem gjaldeyrisjöfnuður er umfram tilskilda fjárhæð.

Dagsektir vegna tafa eða vanrækslu á skýrsluskilum skulu vera frá kr. 10.000 til kr. 1.000.000 á dag frá og með þeim degi sem síðast bar að inna skylduna af hendi og fram að þeim degi sem skyldunni er fullnægt.

3. gr.

Dagsektir vegna upplýsinga sem bankinn á rétt á skv. lögum.

Vanræki aðilar að veita Seðlabankanum upplýsingar sem hann á rétt á samkvæmt 3. mgr. 37. gr. laga bankans nr. 36/2001, skulu dagsektir vera frá kr. 10.000 til kr. 1.000.000 á dag frá og með þeim degi sem skila bar upplýsingunum í síðasta lagi og fram að þeim degi sem skyldunni er fullnægt.

4. gr.

Dagsektir vegna vísvitandi rangra upplýsinga.

Veiti aðilar Seðlabankanum vísvitandi rangar upplýsingar, sbr. 3. mgr. 37. gr. laga bankans nr. 36/2001, skulu dagsektir vera frá kr. 10.000 til kr. 1.000.000 á dag frá og með móttökudegi hinna vísvitandi röngu upplýsinga og fram að þeim degi sem réttar upplýsingar eru mótteknar af Seðlabankanum.

5. gr.

Ófullnægjandi upplýsingar.

Ef í ljós kemur við úrvinnslu upplýsinga að efni þeirra er ófullnægjandi, leggur bankastjórn Seðlabankans fyrir aðila að bæta þar úr án ástæðulausra tafa. Heimilt er í slíkum tilvikum að beita dagsektum skv. 1. gr., sbr. 2., 3. og 4. gr., ef bankastjórn telur þörf á.

6. gr.

Ákvörðun um dagsektir.

Bankastjórn Seðlabankans leggur á dagsektir með sérstakri ákvörðun. Við ákvörðun fjárhæða dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrks aðila, svo sem heildareigna hlutaðeigandi.

Aðila sem ákvörðun um dagsektir beinist að skal veittur sjö daga frestur til að koma að skriflegum andmælum áður en bankastjórn Seðlabankans tekur ákvörðun skv. 1. mgr.

Ákvörðun bankastjórnar Seðlabankans um dagsektir skal kynnt aðila skriflega með sannanlegum hætti án ástæðulausra tafa.

7. gr.

Kæruheimild.

Aðila sem bankastjórn Seðlabankans hefur gert að greiða dagsektir með sérstakri ákvörðun, er heimilt að kæra þá ákvörðun til forsætisráðherra innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um hana.

8. gr.

Innheimta dagsekta.

Heimilt er að innheimta dagsektir að liðnum sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila, sbr. 3. mgr. 6. gr. reglna þessara. Dagsektir má innheimta með aðför að lögum, sbr. 2. ml. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 36/2001. Einnig má innheimta dagsektir með því að skulda viðskiptareikning hlutaðeigandi aðila hjá Seðlabanka Íslands.

Innheimt viðurlög skulu renna að $^3/_4$ hlutum til ríkissjóðs (að frádregnum kostnaði við innheimtuna) og skulu þau greidd 1. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

9. gr.

Kynning og gildistaka.

Reglur þessar, sem hafa verið kynntar Fjármálaeftirlitinu og þeim stofunum sem þær taka til, öðlast gildi 1. júlí 2002.

Reykjavík, 29. maí 2002.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson. **Eiríkur Guðnason.** **Finnur Ingólfsson.**

Nr. 390 21. maí 2002

AUGLÝSING

um heildarþyngd og ásþunga ökutækja á þjóðvegum.

Með tilvísun til 12. gr. reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja, nr. 528/1998 frá 4. september 1998, hefur Vegagerðin ákveðið mestu leyfilega heildarþyngd og leyfðan ásþunga ökutækja á þjóðvegum sem hér segir:

A. Eftirtaldir þjóðvegir falla undir viðauka I:

Vegur nr.	Heiti	Kafli
1	Hringvegur	Reykjavík – Arnarvatn í Mývatnssveit Reykjavík – Reykjahlíð í Mývatnssveit
25	Þykkvabæjarvegur	
26	Landvegur	
264	Rangárvallavegur	Hringvegur við Hellu – Gunnarsholt

Vegur nr.	Heiti	Kafli
F26	Sprengisandsleið	Þjórsárdalsvegur – Hrauneyjafossvirkjun
30	Skeiðavegur	Hringvegur – Flúðir
32	Þjórsárdalsvegur	
34	Eyrarbakkavegur	
35	Biskupstungnabraut	Hringvegur – Reykholt
37	Laugarvatnsvegur	Biskupstungnabr. hjá Svínavatni – Laugarvatn
38	Þorlákshafnarvegur	Ásamt ferjuleið til Vestmannaeyja
39	Þrengslavegur	
305	Villingaholtsvegur	Hringvegur – Hróarsholtsnáma
40	Hafnarfjarðarvegur	
41	Reykjanesbraut	
42	Krýsuvíkurvegur	Norðan Vatnsskarðs
43	Grindavíkurvegur	
44	Hafnavegur	
45	Garðskagavegur	
46	Víknavegur	
49	Nesbraut	
411	Arnarnesvegur	
413	Breiðholtsbraut	
415	Álftanesvegur	
421	Vogavegur	
422	Njarðvíkurvegur	
425	Nesvegur	
431	Hafravatnsvegur	Hringvegur í Mosfellsbæ – Reykjalundarvegur
433	Reykjalundarvegur	
51	Akrafjallsvegur	
50	Borgarfjarðarbraut	Hringvegur á Seleyri – Grjóteyri (náma)
54	Snæfellsnesvegur	Borgarnes – Vegamót Stykkishólmsvegur – Útnesvegur
56	Vatnaleið	
58	Stykkishólmsvegur	Ásamt ferju til Brjánslækjar
574	Útnesvegur	Snæfellsnesvegur – Móðulækur (náma)
575	Flugvallarvegur	
576	Framsveitarvegur	Snæfellsnesvegur – Spjör (náma)
59	Laxárdalsvegur	
506	Grundartangavegur	
509	Akranesvegur	
60	Vestfjarðavegur	Laxárdalsvegur – Króksfjarðarnes Barðastrandarvegur – Djúpvegur
61	Djúpvegur	
62	Barðastrandarvegur	Vestfjarðavegur – Patreksfjörður
63	Bíldudalsvegur	Patreksfjörður – Ketildalavegur
64	Flateyrarvegur	
65	Súgandafjarðarvegur	
612	Örlygshafnarvegur	Barðastrandarvegur – Flugvöllur
617	Tálknafjarðarvegur	Bíldudalsvegur – Stórilaugardalur
619	Ketildalavegur	Bíldudalsvegur – Bíldudalur
625	Valþjófsdalsvegur	Vestfjarðavegur – Flugvöllur
640	Borðeyrarvegur	
643	Strandavegur	Djúpvegur – Drangsnesvegur við Hálsgötugil
645	Drangsnesvegur	Strandavegur – Drangsnes um Selströnd
72	Hvammstangavegur	
74	Skagastrandarvegur	
75	Sauðárkróksbraut	
76	Siglufjarðarvegur	
77	Hofsósbraut	

Vegur nr.	Heiti	Kafli
704	Miðfjarðarvegur	Hringvegur – Urriðaá (náma)
715	Víðidalsvegur	Hringvegur – Víðidalstungunáma
711	Vatnsnesvegur	Hvammstangi – Kárastaðir (náma)
731	Svínvetningabraut	Hringvegur – Finnstunga (náma)
731	Svínvetningabraut	Hringvegur – Kleifar (náma)
734	Svartárdalsvegur	Hringvegur – Fjós (náma)
741	Neðribyggðarvegur	Skagastrandarv. hjá Enni – Steypustöð
753	Vindheimavegur	Hringvegur – Vallholtsnáma
7047	Svertingsstaðavegur	Hringvegur – Svertingsstaðir (náma)
7230	Uppsalavegur	Hringvegur – Uppsalir (náma)
82	Ólafsfjarðarvegur	Hringvegur – Ólafsfjörður
83	Grenivíkurvegur	
85	Norðausturvegur	Að undanskilinni brú yfir Skjálfandafljót
87	Kísilvegur	
805	Svarfaðadalsvegur	Ólafsfjarðarvegur – Bakki (náma)
808	Árskógssandsvegur	
809	Hauganesvegur	
811	Hjalteyrarvegur	
815	Hörgárdalsvegur	Ólafsfjarðarvegur – Björg (náma)
816	Dagverðareyrarvegur	Hringvegur – Skipalón (náma)
817	Blómsturvallavegur	Hringvegur – Blómsturvellir (náma)
821	Eyjafjarðarbraut vestri	Hringvegur – Miðbraut
823	Miðbraut	
829	Eyjafjarðarbraut eystri	Hringvegur – Miðbraut
830	Svalbarðseyrarvegur	
845	Aðaldalsvegur	
846	Austurhlíðarvegur	Hringvegur – Laugafiskur (fyrirtæki)
848	Mývatnsvegur	
863	Kröfluvegur	
870	Kópaskersvegur	
91	Hafnarvegur í Bakkafirði	
92	Norðfjarðarvegur	
93	Seyðisfjarðarvegur	
94	Borgarfjarðarvegur	
96	Suðurfjarðavegur	
98	Djúpavogsvegur	
99	Hafnarvegur	
984	Hoffellsvegur	

B. Aðrir þjóðvegir falla undir viðauka II.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

Vegagerðinni, 21. maí 2002.

Helgi Hallgrímsson.

Björn Ólafsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 2002

28. maí 2002 1145 Nr. 391

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

1. gr.

1. gr. orðist svo: Reglugerðin gildir um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

2. gr.

Í 2. gr. verður skilgreining á orðinu innflutningur svo: Koma vörusendingar til landsins hvort heldur ætlunin er að koma vörunum í frjálst flæði á Evrópska efnahagssvæðinu eða flytja þær áfram til þriðja ríkis.

3. gr.

1. mgr. 13. gr. orðist svo: Landamærastöðvar skulu staðsettar á eftirtöldum stöðum: Akureyri, Eskifirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Keflavíkurflugvelli, Njarðvík, Reykjavík, Siglufirði og Þorlákshöfn. Fiskimjöl má aðeins fara um landamærastöðvar á Akureyri, í Hafnarfirði, Njarðvík og Reykjavík. Lifandi sjávardýr mega aðeins fara um landamærastöð á Keflavíkurflugvelli.

4. gr.

18. gr. orðist svo: Fiskistofa skal innheimta gjald til að bera uppi kostnað af eftirliti með innflutningi sjávarafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fyrir hvert tonn af fyrstu 100 tonnum af innfluttum sjávarafurðum úr sömu vörusendingu skal greiða 426 kr. Fyrir hvert tonn þar umfram skal lækka gjaldið í 213 kr. Þó skal gjald af heilfrystum fiski sem aðeins hefur verið slægður lækka í 127 kr. fyrir hvert tonn. Fyrir hverja sendingu skal þó aldrei greiða minna en 2.556 kr. Fyrir heilan farm af sömu vöru, í sama flutningsfari og á vegum sama innflytjanda skal gjaldið aldrei nema hærri upphæð en 150.000 kr. enda þótt farmurinn samanstandi af mörgum vörusendingum. Þessar fjárhæðir miðast við gengi evru í maí 2002, eða 85,2 kr.

Gjaldið greiðist af innflytjanda afurðanna og greiðist þar sem eftirlitið fer fram eða í landamærastöð. Fiskistofu er heimilt að fela innheimtu gjaldsins tollyfirvöldum þar sem eftirlitið fer fram. Gjaldið skal ávallt innt af hendi áður en tollafgreiðsla fer fram nema ef gild bankatrygging fyrir greiðslu þess hefur verið lögð fram áður.

Innflytjanda sjávarafurða eða öðrum aðila sem óskar eftir aðgangi að tollvörugeymslu ber að greiða fyrir eftirlit þar. Heimilt er að innheimta gjaldið áður en afurðir eru fluttar í tollvörugeymslu.

Ef við á ber innflytjanda að leggja fram bankatryggingu fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. maí 2002.

Árni M. Mathiesen.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Nr. 392 30. maí 2002

GJALDSKRÁ

yfir þjónustumælingar og aðra útselda vinnu er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr./klst.
1. Rannsóknamaður	3.300
2. Sérfræðingur I	4.900
3. Sérfræðingur II	6.400
4. Sérfræðingur III	6.950

2. gr.

Örverumælingar:	kr./klst.
Undirbúningur sýna	1.450
Bacillus gró (hitun)	1.930
Campylobacter +/-	3.100
Clostridium perfringens, forpróf	1.930
Clostridium perfringens, staðfesting	1.880
Enterococci	1.510
Enterococci (síun)	1.930
Escherichia coli, MUG eingöngu	1.450
Ger- og myglusveppir	1.770
*Iðragerlar	1.510
* Kólí- og saurkólígerlar, MPN	1.860
Kólígerlar og *E. coli*	2.140
* Kólígerlar, MPN eingöngu	1.450
* *Listeria* +/-	3.100
* *Listeria*, greining ef forpróf er jákvætt	3.450
Listeria, talning	2.700
Mjólkursýrugerlar	1.820
Pseudomonas	1.820
RODAC-skálar með æti, stk.	230

	kr./klst.
Roðagerlar	1.510
* *Salmonella*	3.100
* Saurkólígerlar, MPN eingöngu	1.450
* Saurkólígerlar, MPN (eingöngu frárennsli)	2.530
* *Staphylococcus* (forpróf)	1.330
* *Staphylococcus* (staðfesting)	1.000
* Súlfít-afoxandi clostridia gró (hitun)	1.930
* Örverutalning, heildarfjöldi	1.300
Örverutalning, sérhæfð (t.d. járnagar)	1.820

Stjörnumerktar mælingar hafa hlotið faggildingu samkvæmt staðlinum ISO 17025

Efnamælingar:

	kr./klst.
Undirbúningur sýna	1.450
Undirbúningur fljótandi sýnis	970
Undirbúningur stórra sýna	2.760
* Prótein (Kjeldahl)	2.730
* Fita	2.530
* Vatn	950
* Salt (NaCl, AOAC)	1.860
* Salt (NaCl, Volhard)	1.300
*Aska	1.460
TVN, heildarmagn reikulla basa	2.350
TMA, trimethylamin	2.780
TVN og TMA	3.200
Ammoníak	1.450
Rotamín	14.510
Nítrít í fóðri og fóðurvörum	2.530
Pepsin-meltanleiki	11.150
Vatnsleysanlegt prótein	3.420
Drip (vatnstap við þiðnun)	1.240
Íshúð	1.690
Óbundnar fitusýrur í lýsi	1.150
Vatnsmæling með toluol	1.500
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	3.890
Joðtala	3.750
Anisidin	4.473
Ósápanlegt	6.850
Peroxyðtala	1.920
TBA-gildi	7.300
Sáputala	3.030
Fitusýrugreining (hrein fita)	11.500
Fitusýrugreining með útdrætti	15.640
Ediksýra	1.520
Súlfít	8.300
Sýrustig pH	920

Stjörnumerktar mælingar hafa hlotið faggildingu samkvæmt staðlinum ISO 17025.

Snefilefnamælingar:

	kr./klst.
Undirbúningur fyrir þungmálmamælingar	4.370
Arsen	5.300

	kr./klst.
Blý	5.300
Fosfór	4.140
Járn	4.140
Joð	6.520
Joð (kínetísk mæling)	7.613
Kadmín	4.140
Kalíum	4.140
Kalsium	4.140
Kopar	4.140
Króm	4.140
Kvikasilfur	5.300
Mangan	4.140
Natríum	4.140
Nikkel	4.140
Selen	5.300
MÆLINGAR Á SALTI:	
Undirbúningur fyrir mælingu á sjávarsalti	2.790
Járn	4.140
Kalíum	4.140
Kalsíum	4.140
Klóríð (titer)	2.200
Kopar	4.140
Kornastærð	4.140
Magnesíum	4.140
Natríum	4.140
Óleysanlegt í vatni	3.910
Raki og bundið vatn	950
Súlfat	5.000

3. gr.

Innifalið í gjaldi fyrir rannsóknir sem getið er í 2. gr. er skjalfest yfirlýsing um niðurstöður rannsókna.

4. gr.

Sé um að ræða sérstaka framsetningu á niðurstöðum eða auka mæliblað/vottorð, er tekið sérstakt gjald kr. 2.200. Fyrir greinargerð með niðurstöðum er greitt skv. tímamælingu.

5. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að yfirvinna sé nauðsynleg vegna mælinganna.

6. gr.

Gjald fyrir rannsóknir sem ekki eru taldar upp í 2. gr., skal ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald sbr. 1. gr.

7. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir föstum verktilboðum eða verksamningum og er þá stuðst við taxta sbr. 1. og 2. gr. gjaldskrárinnar.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins nr. 915 frá 29. desember 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. maí 2002.

Árni M. Mathiesen.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 2002

Nr. 393 1150 4. júní 2002

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 787, 22. október 2001, um bann við humarveiðum við Surtsey.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 787, 22. október 2001, um bann við humarveiðum við Surtsey.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 5. júní 2002.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. júní 2002.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 394 3. júní 2002

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar íslenskra skipa 2002/2003.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða íslenskra skipa á tímabilinu frá og með 20. júní 2002 til og með 30. apríl 2003.

2. gr.

Aðeins skipum sem hafa aflamark í loðnu er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávarafla.

Leyfilegur hámarksafli íslenskra loðnuveiðiskipa á loðnuvertíðinni 2002/2003 er 410.022 lestir.

3. gr.

Veiðar eru heimilar í fiskveiðilandhelgi Íslands, Grænlands og Jan Mayen með þeirri takmörkun að allar loðnuveiðar eru bannaðar á tímabilinu 16. ágúst - 15. september 2002. Þá er íslenskum skipum aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar norðan 64°30'N í lögsögu Grænlands. Í lögsögu Jan Mayen er þeim aðeins heimilt að veiða 35% af leyfilegum heildarafla íslensku skipanna.

4. gr.

Stjórnvöld í Noregi og Grænlandi setja reglur um veiðar í lögsögu landanna. Fiskistofa skal koma upplýsingum þar um til skipa eftir því sem unnt er.

5. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuafla til veiðieftirlits Fiskistofu, strax þegar skip heldur til lands til löndunar afla. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reiti.

Óheimilt er að dæla afla úr nót veiðiskips um borð í flutningaskip. Þá er óheimilt að flytja óvigtaðan afla milli skipa nema með sérstöku leyfi Fiskistofu. Fái loðnuskip það stórt kast, að skipið beri ekki allan þann afla sem er í nótinni er þó heimilt að dæla eftirstöðvum aflans úr nótinni um borð í annað veiðiskip, enda hafi bæði skipin aflamark í loðnu.

6. gr.

Einungis er heimilt að stunda loðnuveiðar með nót. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, leyft loðnuveiðar með vörpu í tilraunaskyni.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokunar veiðisvæða, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fari hlutfall loðnu, smærri en 14 cm, yfir 20%, miðað við fjölda. Stærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

7. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júní 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2002/2003.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða grænlenskra, norskra og færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á loðnuvertíðinni 20. júní 2002 til 30. apríl 2003.

2. gr.

Aðeins þeim skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi frá Fiskistofu er heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um borð í veiðiskipi skal vera leyfi til loðnuveiða eða afrit af því og reglur sem um loðnuveiðar gilda.

Skip, sem óska eftir leyfi til loðnuveiða skulu sækja um það til Fiskistofu. Í umsókninni komi fram upplýsingar um nafn skips, skráningarnúmer, kallmerki, stærð í brt., burðargetu og upplýsingar um fjarskiptatæki. Skip sem afsala sér veiðileyfi skulu tilkynna það Fiskistofu þar sem komi fram sömu upplýsingar og í umsókninni.

3. gr.

Norskum skipum er heimilt að veiða samtals 48.587 lestir í efnahagslögsögu Íslands og er þeim aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar í efnahagslögsögu Íslands til 15. febrúar 2003 og norðan við 64°30'N.

Grænlenskum skipum er heimilt að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands það magn sem þeim er úthlutað af grænlenskum stjórnvöldum, þó með þeirri takmörkun að eftir 15. febrúar 2003 og sunnan 64°30'N er þeim aðeins heimilt að veiða 23.000 lestir til 30. apríl 2003.

Færeyskum skipum er heimilt að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands samtals 30.000 lestir á loðnuvertíðinni 2002/2003.

Allar veiðar eru bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands tímabilið 16. ágúst - 15. september 2002. Erlend veiðiskip skulu hlíta þeim verndaraðgerðum sem stjórnvöld og Hafrannsóknastofnun kunna að grípa til.

4. gr.

Færeyskum, norskum og grænlenskum skipum er heimilt að landa afla sínum í íslenskum höfnum og gilda um vigtun afla sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip. Óheimilt er að umskipa afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Grænlenskum og færeyskum skipum sem stunda loðnuveiðar eftir 15. febrúar 2003 í fiskveiðilandhelgi Íslands er óheimilt að landa loðnuafla utan Íslands nema til bræðslu.

5. gr.

Á tímabilinu 20. júní til 30. nóvember 2002 skulu ekki fleiri en 35 norsk skip stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelginni samtímis. Á tímabilinu 1. desember 2002 til 15. febrúar 2003 skulu ekki fleiri en 25 norsk skip stunda loðnuveiðar í lögsögunni samtímis.

Ekki skulu fleiri en 10 færeysk skip stunda loðnuveiðar samtímis.

Óheimilt er að hefja veiðar í fiskveiðilandhelginni nema fyrir liggi staðfesting frá Landhelgisgæslu Íslands um að fjöldi skipa sé innan tilskilinna marka.

Ekki skulu fleiri loðnuveiðiskip frá hverri þjóð vera í fiskveiðilandhelgi Íslands hverju sinni, en hlotið hafa staðfestingu frá Landhelgisgæslunni, sbr. þó 12. gr.

6. gr.

Skip skulu, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, sigla um einn af eftirfarandi athugunarstöðum:

a) 65°00'N - 10°00'V
b) 66°15'N - 09°00'V
c) 67°30'N - 10°00'V
d) 68°30'N - 11°00'V
e) 69°15'N - 13°00'V
f) 68°40'N - 16°30'V
g) 68°00'N - 20°00'V

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að ákveða hvaða athugunarstað veiðiskip siglir um. Heimilt er með samþykki Landhelgisgæslunnar að halda til annarra athugunarstöðva en tilgreindar eru í 1. mgr.

Óheimilt er að yfirgefa athugunarstað áður en tilkynntur komutími er liðinn, samkv. 8. og 11. gr., nema að fengnu samþykki Landhelgisgæslunnar.

7. gr.

Skip sem leyfi hafa fengið til loðnuveiða sbr. 2. gr. skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu. Norsk og grænlensk skip skulu fara eftir milliríkjasamningum við Ísland um fjareftirlit.

8. gr.

Tilkynna skal Landhelgisgæslunni siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, í tonnum.
Athugunarstað sem siglt verður um sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

9. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 00.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, í tonnum.

Afli síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða.

10. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokatilkynning“ (exit report).
Nafn skips.

Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, í tonnum.
Afli síðan síðasta aflatilkynning var send.

11. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:
Orðið „athugunartilkynning“ (control report).
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, í tonnum.
Athugunarstaður sem siglt verður um sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. en í stað athugunarstaðar í síðasta lið verði greint frá löndunarhöfn.

Heimilt er að senda saman tilkynningu um lok veiða sbr. 10. gr. og um komu á athugunarstað. Við sendingu slíkrar tilkynningar eiga við ákvæði þessarar greina að öðru leyti en því að í stað orðsins: „athugunartilkynning“ (control report) koma orðin: „loka- og athugunartilkynning“ (exit og control report).

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er skipum sem ekki hafa staðfestingu Landhelgisgæslunnar sbr. 3. mgr. 5. gr. heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina, enda tilkynni þau til Landhelgisgæslunnar um komu sína í fiskveiðilandhelgina, eða brottför úr íslenskri höfn, með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:
Orðið „In“.
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, í tonnum.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar sigling út úr lögsögunni er áætluð.

Á 12 klukkustunda fresti skal síðan senda tilkynningu um staðsetningu skipsins til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:
Orðið „Staðsetningartilkynning“ (position report).
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími, stefna, hraði og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Þegar skip siglir út úr íslenskri fiskveiðilandhelgi skal það tilkynnt til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:
Orðið „Out“.
Nafn skips.

Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar skip siglir út úr lögsögunni.

13. gr.

Skipstjórum erlendra loðnuskipa ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslu og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í veiðiskipum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi eftirlit geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun getur farið fram.

Fiskistofu er heimilt að setja eftirlitsmenn um borð í erlend loðnuveiðiskip. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð við eftirlit og ennfremur greiða allan kostað af veru þeirra um borð í skipinu.

Í afladagbók, sem skal vera innbundin, með númeruðum síðum og í tvíriti, skal skipstjóri skrá eftirfarandi upplýsingar: Nafn skips, skráningarnúmer og kallmerki. Fyrir hvert kast skal skrá staðsetningu, dagsetningu og tíma þegar nótinni er kastað og afla í hverju kasti í tonnum, áður en nótinni er kastað á ný. Einnig skal skrá heildarafla á sólarhring í fiskveiðilandhelgi Íslands, stærð nótar og möskvastærð. Þá skal skipstjóri undirrita hverja síðu. Jafnframt skal Hafrannsóknastofnuninni sent afrit úr afladagbókum, sé þess óskað.

Starfsmenn Landhelgisgæslunnar og Veiðieftirlits Fiskistofu skulu hafa aðgang að eftirtöldum gögnum sé þess óskað:
Afladagbók
Skipsdagbók
Mælibréfi
Teikningum af skipi
Veiðileyfi frá Fiskistofu eða afriti af því.
Upplýsingum úr siglingatölvum og staðsetningartækjum skips.
Öðrum gögnum sem skipt geta máli við rannsókn meintra fiskveiðibrota.

Um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af lestum þess þar sem fram kemur heildarrúmmál hverrar lestar. Þá skulu teikningar eða gögn sýna hvert rúmmál lestanna er miðað við 10 sentímetra millibili frá ákveðnum og merktum viðmiðunarstað.

14. gr.

Óheimilt er að stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en nót.

15. gr.

Skipum ber að fylgja banni ráðuneytisins við veiðum vegna verndunarsjónarmiða og skyndilokunum Hafrannsóknastofnunarinnar, sbr. 8.-11. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

16. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 6. gr. og 8. - 11. gr. hafi aðilar gert samkomulag þar um.

17. gr.

Tilkynningar skv. 7.-11. gr. skal senda á íslensku eða ensku, og skulu tímasetningar vera miðaðar við íslenskan tíma, UTC.

Skip sem hafa veiðileyfi skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfi til loðnuveiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skips eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa, gegn reglugerð þessari.

19. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júní 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

27. maí 2002 1157 Nr. 396

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Kringlu II vegna aðkeyrslu að lóðum nr. 3, 5, 7, 9 og 11, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Kringlu II vegna aðkeyrslu að lóðum nr. 3, 5, 7, 9 og 11, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 27. maí 2002.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

30. apríl 2002 Nr. 397

REGLUR

samkeppnisráðs um atvik sem leiða til niðurfellingar sekta eða ákvarðana um að lækka sektir í málum er varða ólögmætt samráð fyrirtækja.

I. KAFLI
Sekt felld niður.

1. gr.

Samkeppnisráð mun fella niður sekt á fyrirtæki sem annars hefði verið sektað ef:

a) fyrirtæki er fyrst til að láta samkeppnisyfirvöldum í té sönnunargögn sem að þeirra mati geta leitt til rannsóknar á meintu ólögmætu samráði á grundvelli 40. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 eða
b) fyrirtæki er fyrst til að láta samkeppnisyfirvöldum í té sönnunargögn sem að þeirra mati gerir þeim kleift að sanna brot gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

2. gr.

Niðurfelling á sekt á grundvelli a-liðar 1. gr. verður eingöngu veitt ef samkeppnisyfirvöld, hafa ekki undir höndum fullnægjandi sönnunargögn til að hefja rannsókn á grundvelli 40. gr. samkeppnislaga þegar sönnunargögn eru lögð fram.

Niðurfelling á sekt á grundvelli b-liðar 1. gr. verður eingöngu veitt ef samkeppnisyfirvöld hafa ekki fullnægjandi sönnunargögn til að sanna hið ólögmæta samráð, sbr. 10. gr. samkeppnislaga, og ekkert fyrirtæki hefur hlotið niðurfellingu á sektum á grundvelli a-liðar 1. gr. þegar sönnunargögn eru lögð fram.

3. gr.

Auk skilyrðanna í a-lið 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. eða b-lið 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. verður fyrirtæki að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) það verður að sýna fullan samstarfsvilja meðan á rannsókn málsins stendur og láta samkeppnisyfirvöldum í té öll sönnunargögn og allar upplýsingar sem það býr yfir í tengslum við meint samkeppnislagabrot á meðan á rannsókn málsins stendur.
b) það verður að hætta þátttöku sinni í hinu meinta samkeppnislagabroti eigi síðar en þegar það kemur upp um hið ólögmæta samráð.
c) það má ekki hafa þvingað önnur fyrirtæki til þátttöku í hinu ólögmæta samráði.

4. gr.

Fyrirtæki sem óskar eftir niðurfellingu á sekt á grundvelli þessara reglna, skal hafa samband við Samkeppnisstofnun. Verði það augljóst að skilyrði 1.-3. gr. eru ekki uppfyllt, mun Samkeppnisstofnun skýra fyrirtækinu frá því án tafar að því standi niðurfelling á sekt ekki til boða vegna meints brots.

5. gr.

Uppfylli fyrirtæki skilyrðin í a-lið 1. gr. eða b-lið 1. gr. og geti þar af leiðandi fengið niðurfellingu á sekt skal fyrirtækið:

a) án tafar láta Samkeppnisstofnun í té öll sönnunargögn sem fyrirtækið býr yfir og varða meint ólögmætt samráð eða
b) byrja á því að kynna fyrir Samkeppnisstofnun upplýsingar um sönnunargögnin sem fyrirtækið hyggst leggja fram síðar, á tilteknum degi. Með upplýsingunum skal fylgja listi sem lýsir þeim sönnunargögnum sem fyrirtækið býr yfir og hyggst afhenda stofnuninni. Á listanum ber fyrirtækinu að gera grein fyrir eðli og innihaldi sönnunargagnanna. Fyrirtækið getur kynnt Samkeppnisstofnun afrit af gögnum þar sem viðkvæmar upplýsingar hafa verið fjarlægðar en sýna samt sem áður fram á eðli og innihald gagnanna.

6. gr.

Samkeppnisstofnun mun afhenda fyrirtæki sem óskar eftir niðurfellingu á sekt, skriflega yfirlýsingu þar sem fram kemur hvenær fyrirtækið annaðhvort lét Samkeppnisstofnun í té upplýsingar og sönnunargögn, sbr. a-lið 5. gr. eða kynnti fyrir Samkeppnisstofnun lista með lýsingu á sönnunargögnum, sbr. b-lið 5. gr.

7. gr.

Þegar Samkeppnisstofnun hefur fengið í hendur sönnunargögn sem fyrirtæki lætur stofnununni í té á grundvelli a-liðar 5. gr. og stofnunin hefur staðreynt að fyrirtækið uppfyllir skilyrðin í a-lið 1. gr. eða b-lið 1. gr., tilkynnir Samkeppnisstofnun skriflega að fyrirtækið muni, að uppfylltum skilyrðum, fá hugsanlega sekt fellda niður.

8. gr.

Ef fyrirtæki velur að fara þá leið sem lýst er í b-lið 5. gr. mun Samkeppnisstofnun staðreyna að eðli og innihald sönnunargagna, sem fram koma á lista með lýsingu á sönnunargögnum sem fyrirtækið leggur fram, fullnægi skilyrðunum í a-lið 1. gr. eða b-lið 1. gr. og tilkynna fyrirtækinu um niðurstöðu sína. Þegar fyrirtæki hefur á tilskildum tíma lagt fram þau sönnunargögn sem um er fjallað í lista með lýsingu á sönnunargögnum, sbr. b-lið 5. gr., og Samkeppnisstofnun hefur staðreynt að gögnin séu í samræmi við lýsinguna tilkynnir stofnunin skriflega að fyrirtækið muni, að uppfylltum skilyrðum, fá hugsanlega sekt fellda niður.

9. gr.

Fyrirtæki sem uppfyllir ekki skilyrðin í a-lið 1. gr. eða b-lið 1. gr. má draga til baka sönnunargögnin sem það lagði fram eða óska eftir að Samkeppnisstofnun skoði þau með tilliti til lækkunar á sekt, sbr. II. kafli reglnanna. Þetta kemur ekki í veg fyrir að Samkeppnisstofnun beiti rannsóknarúrræðum samkvæmt samkeppnislögum til að afla umræddra gagna.

10. gr.

Samkeppnisyfirvöld munu ekki taka til skoðunar beiðni fyrirtækis um niðurfellingu á sekt fyrr en afstaða hefur verið tekin til beiðni sem þegar liggur fyrir vegna sama meinta brots á samkeppnislögum.

11. gr.

Ef fyrirtæki hefur uppfyllt öll skilyrði sem sett eru fram í 5. gr. við lok málsmeðferðar samkeppnisyfirvalda mun samkeppnisráð fella niður sekt í ákvörðun sinni í málinu.

II. KAFLI
Lækkun á sekt.

12. gr.

Fyrirtæki sem uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í I. kafla reglnanna getur engu að síður uppfyllt skilyrði til að fá fjárhæð sektar lækkaða í máli sem varðar ólögmætt samráð fyrirtækja.

13. gr.

Til þess að njóta lækkunar sektar verður fyrirtækið að láta Samkeppnisstofnun í té sönnunargögn sem að mati stofnunarinnar eru mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem stofnunin hefur þegar í fórum sínum. Þá verður fyrirtækið einnig að hætta þátttöku sinni í hinu meinta ólögmæta samráði.

14. gr.

Hugtakið „mikilvæg viðbót“ vísar til þess að hve miklu leyti sönnunargögn þau sem fyrirtækið lætur Samkeppnisstofnun í té, með tilliti til eðlis gagnanna og nákvæmni, hjálpa til við að upplýsa staðreyndir málsins. Samkeppnisráð mun almennt séð líta svo á að skrifleg sönnunargögn sem stafa frá þeim tíma er meint brot áttu sér stað hafi ríkari gildi heldur en gögn eða upplýsingar sem koma til síðar. Jafnframt hafa bein sönnunargögn meiri þýðingu heldur en þau sem tengjast málinu með óbeinum hætti.

15. gr.

Samkeppnisráð mun í ákvörðun sinni skera úr um hvort sönnunargögn sem fyrirtækið lét í té hafi á þeim tímapunkti er það gerðist haft verulega þýðingu með tilliti til þeirra sönnunargagna sem þá lágu þegar fyrir.

16. gr.

Uppfylli fyrirtæki skilyrðin fyrir lækkun sektar mun sektin lækka eftir neðangreindum reglum:

(i) fyrsta fyrirtækið sem uppfyllir skilyrðin fyrir lækkun sektar getur fengið sektaruppháðina lækkaða um 30 til 50%,

(ii) annað fyrirtækið sem uppfyllir skilyrðin fyrir lækkun sektar getur fengið sektaruppháðina lækkaða um 20 til 30%,

(iii) önnur fyrirtæki sem á eftir koma og uppfylla skilyrðin fyrir lækkun sektar geta fengið allt að 20% lækkun á sektarupphæðinni.

17. gr.

Þegar metið er hversu mikla lækkun á sektarfjárhæðinni fyrirtæki hlýtur er tekið tillit til þess á hvaða tímapunkti fyrirtækið lagði fram sönnunargögnin og hversu mikla þýðingu þau höfðu fyrir rannsókn málsins. Einnig hefur samkeppnisráð hliðsjón af samstarfsvilja fyrirtækisins eftir að það lagði fram sönnunargögnin.

18. gr.

Ef fyrirtæki lætur Samkeppnisstofnun í té sönnunargögn sem varpa ljósi á áður óþekktar staðreyndir í málinu og hafa beina þýðingu varðandi mat á alvarleika hins meinta ólögmæta samráðs og hversu lengi það hefur varað þá mun samkeppnisráð ekki nota þær upplýsingar til að hækka sektina hjá viðkomandi fyrirtæki.

19. gr.

Fyrirtæki sem óskar eftir lækkun á sektarfjárhæð á grundvelli þessara reglna verður að láta samkeppnisyfirvöldum í té skrifleg sönnunargögn og upplýsingar sem geta sannað hið ólögmæta samráð sem fyrirtækið hefur verið þátttakandi í.

20. gr.

Fyrirtæki fær skriflega staðfestingu frá Samkeppnisstofnun þar sem fram kemur hvenær gögn eða upplýsingar sem fyrirtæki miðlar til Samkeppnisstofnunar bárust stofnuninni. Samkeppnisyfirvöld munu ekki taka til skoðunar beiðni fyrirtækis um lækkun sektar samkvæmt þessum reglum fyrr en beiðnir sem þegar liggja fyrir hjá samkeppnisyfirvöldum og varða sama meinta brot á samkeppnislögum, hafa verið afgreiddar.

21. gr.

Ef samkeppnisyfirvöld komast að þeirri niðurstöðu að upplýsingar og sönnunargögn sem fyrirtæki lætur í té séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem þegar liggja fyrir mun fyrirtækinu vera skýrt skriflega frá þeirri niðurstöðu að til standi að lækka fjárhæð sektar sem hugsanlega verður lögð á fyrirtækið. Samkeppnisstofnun mun tilkynna fyrirtækinu um þessa ákvörðun eigi síðar en þegar frumniðurstöður stofnunarinnar verða birtar málsaðilum.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

22. gr.

Aðeins þeir aðilar sem hafa umboð til að koma fram fyrir hönd fyrirtækis í því skyni sem um ræðir í reglum þessum er heimilt að leita til Samkeppnisstofnunar vegna hugsanlegs samstarfs til niðurfellingar sektar eða lækkunar sektar. Þessar reglur taka því ekki til beiðna frá einstökum starfsmönnum fyrirtækis.

23. gr.

Komi í ljós að fyrirtæki uppfylli ekki skilyrðin sem sett eru fram í I. og II. kafla reglnanna á hvaða stigi málsmeðferðar sem er, mun það leiða til þess að hætt verður við þá ívilnandi sektarmeðferð sem þar er kveðið á um.

24. gr.

Samstarfsvilji fyrirtækja er eingöngu einn þáttur af mörgum sem samkeppnisráði er heimilt að líta til við mat á sektum. Þessar reglur takmarka ekki heimildir samkeppnisráðs til að lækka sektir af öðrum ástæðum.

25. gr.

Það að fyrirtæki njóta ívilnunar við ákvörðun sekta veitir þeim ekki einkaréttarlega vernd vegna aðildar að ólögmætu samráði. Ef upplýsingar sem fyrirtækið lætur í té leiða til þess að samkeppnisráð tekur íþyngjandi ákvörðun verður fyrirtækið sem nýtur niðurfellingar eða lækkunar á sekt einnig tilgreint í þeirri ákvörðun og þess getið að það hafi brotið gegn samkeppnislögum og hlutverki þess lýst nákvæmlega. Sú staðreynd að fyrirtækið starfaði með Samkeppnisstofnun verður einnig nefnd í ákvörðuninni til að útskýra hvers vegna sekt var ekki lögð á eða hún lækkuð.

IV. KAFLI

Gildistaka.

26. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. mgr. 6. gr., sbr. 2. mgr. 52. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, með áorðnum breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

Samkeppnisstofnun, 30. apríl 2002.

Georg Ólafsson.

Kirstín Flygenring.

21. maí 2002 Nr. 398

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald á Siglufirði.

1. gr.

Eigendur katta í Siglufjarðarkaupstað skulu greiða bæjarsjóði skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Siglufjarðarkaupstað frá 8. ágúst 2001, sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 1000.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar með vísan í samþykkt um Kattarhald í Siglufjarðarkaupstað frá 8. ágúst 2001 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Siglufirði, 21. maí 2002.

Guðmundur Guðlaugsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

Hvoll.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 21. maí 2002 deiliskipulag þriggja íbúðarlóða vestan við íbúðarhúsið Hvol í Bessastaðahreppi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 28. maí 2002.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

Nr. 400

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar 2001.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2001.

Tekjur	Kr.
Vextir af bankainnistæðum	16.093,53
	16.093,53
Gjöld	
Fjármagnsskattur	1.609,00
Tekjur umfram gjöld	14.484,53
	16.093,53

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 2001.

Eignir	
Bankainnistæður	159.533,20
	159.533,20
Skuldir	
Hrein eign pr. 1. janúar 2001	145.048,67
Hreinar tekjur árið 2001	14.484,53
	159.533,20

Samgönguráðuneytinu, 24. maí 2002.

F. h. r.

Halldór S. Kristjánsson.

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 2001.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2001.

Tekjur	Kr.
Vextir af bankainnistæðum	8.839,56
	8.839,56
Gjöld	
Fjármagnsskattur	882,00
Tekjur umfram gjöld	7.957,56
	8.839,56

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 2001.

Eignir	
Bankainnistæður	79.991,81
	79.991,81
Skuldir	
Höfuðstólsreikningur:	
Hrein eign pr. 1. janúar 2001	72.034,25
Hreinar tekjur árið 2001	7.957,56
	79.991,81

Samgönguráðuneytinu, 24. maí 2002.

F. h. r.

Halldór S. Kristjánsson.

24. maí 2002 Nr. 402

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um lyfjamál (III).

1. gr.

Eftirfarandi reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, sem verða liðir 15m og 15n í XIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2001 og 69/2001 frá 19. júní 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 141/2000 frá 16. desember 1999 um lyf við fátíðum sjúkdómum.

2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 847/2000 frá 27. apríl 2000 þar sem mælt er fyrir um beitingu viðmiðana sem lyf þurfa að uppfylla til að nefnast lyf við fátíðum sjúkdómum og skilgreiningar á hugtökunum „samsvarandi lyf“ og „klínískir yfirburðir“.

2. gr.

Reglugerðirnar og ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2001 og 69/2001, sbr. 1. gr., sem birtar hafa verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi nr. 12, frá 28. febrúar 2002, eru birtar sem fylgiskjöl I-IV með reglugerð þessari. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar sem getið er um í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2001 hefur þegar verið innleidd með lyfjalögum nr. 93/1994, með síðari breytingum, og reglugerðum settum með stoð í þeim.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 24. maí 2002.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

Fylgiskjal I.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 141/2000

frá 16. desember 1999

um lyf við fátíðum sjúkdómum

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar [1],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar [2],

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans [3],

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sumir sjúkdómar eru svo sjaldgæfir að áætluð sala lyfsins myndi ekki standa undir kostnaði við að þróa og markaðssetja lyf til að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla sjúkdóminn. Lyfjaiðnaðurinn yrði ófús að þróa lyfið við hefðbundin markaðsskilyrði. Þessi lyf eru nefnd „lyf við fátíðum sjúkdómum".

2) Sjúklingar, sem þjást af sjaldgæfum sjúkdómum, skulu eiga rétt á meðhöndlun af sömu gæðum og aðrir sjúklingar. Því er nauðsynlegt að hvetja til rannsókna, þróunar og markaðssetningar viðeigandi lyfja innan lyfjaiðnaðarins. Hvetjandi aðgerðir til að þróa lyf við fátíðum sjúkdómum hafa verið við lýði í Bandaríkjum Norður-Ameríku síðan 1983 og í Japan síðan 1993.

3) Í Evrópusambandinu hefur hingað til einungis verið gripið til takmarkaðra aðgerða, hvort sem er á landsvísu eða innan bandalagsins, til að hvetja til þróunar á lyfjum við fátíðum sjúkdómum. Best er að grípa til slíkra aðgerða á vettvangi bandalagsins til að fullnýta kosti víðfeðms markaðar og til að koma í veg fyrir dreifingu takmarkaðra fjármuna. Bandalagsaðgerðum er helst beint að ósamræmdum ráðstöfunum aðildarríkjanna sem geta haft í för með sér röskun á samkeppni og viðskiptahindranir innan bandalagsins.

4) Auðkenna skal á auðveldan og skýran hátt þau lyf við fátíðum sjúkdómum sem uppfylla skilyrði um hvetjandi aðgerðir. Heppilegast er að ná þessu markmiði með því að taka upp opna og gagnsæja málsmeðferð bandalagsins við tilnefningu lyfja sem eru hugsanlega lyf við fátíðum sjúkdómum.

5) Taka skal upp hlutlægar viðmiðanir við tilnefningar á lyfjum við fátíðum sjúkdómum. Þessar viðmiðanir skulu byggjast á algengi sjúkdómsins sem á að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla. Talið er að algengi, þar sem í hæsta lagi fimm einstaklingar eru sýktir af hverjum 10 000, séu viðeigandi viðmiðunarmörk. Lyf, sem eru gefin við lífshættulegum sjúkdómum, sjúkdómum sem valda alvarlegri fötlun eða alvarlegum og langvinnum sjúkdómum, skulu teljast uppfylla skilyrðin jafnvel þótt algengið sé meira en fimm af hverjum 10 000 einstaklingum.

6) Koma skal á fót nefnd sérfræðinga, sem aðildarríkin tilnefna, til að skoða umsóknir um tilnefningu. Í þessari nefnd skulu einnig eiga sæti þrír fulltrúar frá samtökum sjúklinga, tilnefndir af framkvæmdastjórninni, og þrír aðrir einstaklingar, einnig tilnefndir af framkvæmdastjórninni samkvæmt tilmælum frá Lyfjamálastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Lyfjamálastofnunin"). Lyfjamálastofnunin skal vera ábyrg fyrir nægilegri samræmingu á milli nefndarinnar um lyf við fátíðum sjúkdómum og sérlyfjanefndarinnar.

7) Sjúklingar, sem þjást af sjaldgæfum sjúkdómum, skulu hafa aðgang að lyfjum af sömu gæðum, öryggi og virkni og aðrir sjúklingar. Hefðbundið matsferli skal sett af stað vegna lyfja við fátíðum sjúkdómum. Ábyrgðaraðilar lyfja við fátíðum sjúkdómum skulu eiga möguleika á að fá bandalagsleyfi. Til að auðveldara sé að veita bandalagsleyfi og halda því skal fella niður gjald sem greiða skal Lyfjamálastofnuninni, að minnsta kosti að hluta til. Sjóðir bandalagsins skulu bæta Lyfjamálastofnuninni tekjutapið sem af hlýst.

---

(1) Stjtíð. EB C 276, 4.9.1998, bls. 7.
(2) Stjtíð. EB C 101, 12.4.1999, bls. 37.
(3) Álit Evrópuþingsins frá 9. mars 1999 (Stjtíð. EB C 175, 21.6.1999, bls. 61), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. september 1999 (Stjtíð. EB C 317, 4.11.1999, bls. 34) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. desember 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

8) Reynsla frá Bandaríkjum Norður-Ameríku og Japan sýnir að áhrifaríkasta aðferðin til að hvetja til fjárfestingar í þróun og markaðssetningu lyfja við fátíðum sjúkdómum innan iðnaðarins sé að veita einkarétt á markaðnum í tiltekinn árafjölda þannig að hluti fjárfestingarinnar skili sér til baka. Gagnavernd, samkvæmt iii-lið a-liðar 8. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 65/65/EBE frá 26. janúar 1965 um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um sérlyf [1], er ekki nægileg hvatning í því skyni. Aðildarríki geta ekki gert slíkar ráðstafanir, hvert um sig, án stuðnings bandalagsins þar sem slíkt ákvæði gengi í berhögg við tilskipun 65/65/EBE. Ef aðildarríkin beittu slíkum ráðstöfunum á ósamræmdan hátt myndi það leiða til viðskiptahindrana innan bandalagsins sem raskaði samkeppni og væri í andstöðu við innri markaðinn. Þó skal takmarka einkarétt á markaðnum við ábendingar sem liggja til grundvallar tilnefningu lyfja við fátíðum sjúkdómum með fyrirvara um gildandi hugverkarétt. Einkaréttur á markaðnum, sem er veittur í þágu sjúklinga fyrir lyf við fátíðum sjúkdómum, ætti ekki að koma í veg fyrir markaðsetningu samsvarandi lyfs sem gæti verið marktækt framlag fyrir þá sem þjást af sjúkdómnum.

9) Ábyrgðaraðilar lyfja við fátíðum sjúkdómum, sem eru tilnefnd samkvæmt þessari reglugerð, skulu hafa fullan ávinning af öllum hvetjandi aðgerðum sem bandalagið eða aðildarríkin gera til að efla rannsóknir og þróun á lyfjum til að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla slíka sjúkdóma, þar með talið sjaldgæfa sjúkdóma.

10) Með séráætlun, Biomed 2, innan fjórðu rammaáætlunarinnar um rannsóknir og tækniþróun (1994-1998), var stuðlað að rannsóknum á meðhöndlun sjaldgæfra sjúkdóma, þar með talin aðferð við að koma á fót kerfi sem gerir kleift að þróa hratt lyf við fátíðum sjúkdómum og búa til skrá yfir þau lyf við fátíðum sjúkdómum sem eru fáanleg í Evrópu. Markmiðið með styrkjum áætlunarinnar var að stuðla að samvinnu á milli þjóða í því skyni að hefja grunnrannsóknir og klínískar rannsóknir á sjaldgæfum sjúkdómum. Rannsóknir á sjaldgæfum sjúkdómum halda áfram að vera forgangsverkefni innan bandalagsins og þær hafa verið felldar inn í fimmtu rammaáætlunina um rannsóknir og tækniþróun (1998-2002). Með þessari reglugerð er settur lagarammi sem gerir kleift að koma niðurstöðum þessara rannsókna til framkvæmda hratt og á árangursríkan hátt.

11) Sjaldgæfir sjúkdómar hafa verið skilgreindir sem forgangsverkefni bandalagsins innan aðgerðaáætlunar um að efla almannaheilbrigði. Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið, í orðsendingu um aðgerðaáætlun bandalagsins varðandi sjaldgæfa sjúkdóma innan aðgerðaramma á sviði almannaheilbrigðis, að veita sjaldgæfum sjúkdómum forgang innan ramma aðgerðaáætlunar almannaheilbrigðis. Evrópuþingið og ráðið hafa samþykkt ákvörðun nr. 1295/1999/EB frá 29. apríl 1999 um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins varðandi sjaldgæfa sjúkdóma innan aðgerðarramma á sviði almannaheilbrigðis (1999 til 2003) [2], þar með taldar aðgerðir til að veita upplýsingar, rannsaka hópa tilfella af sjaldgæfum sjúkdómum í tilteknu þýði og til að efla hlutaðeigandi samtök sjúklinga. Með þessari reglugerð er hrint í framkvæmd einu af forgangsverkefnunum sem mælt er fyrir um í framangreindri aðgerðaáætlun.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilgangur

Tilgangurinn með þessari reglugerð er að ákveða málsmeðferð bandalagsins við tilnefningu lyfs sem lyfs við fátíðum sjúkdómum og að efla rannsóknir, þróun og markaðssetningu tilnefndra lyfja við fátíðum sjúkdómum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „lyf“: lyf sem er ætlað mönnum, eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar 65/65/EBE;

b) „lyf við fátíðum sjúkdómum“: lyf sem er tilnefnt sem slíkt samkvæmt skilmálum og skilyrðum þessarar reglugerðar;

c) „ábyrgðaraðili“: hvaða lögpersóna eða einstaklingur sem er með staðfestu í bandalaginu sem sækist eftir að fá eða hefur fengið lyf tilnefnt sem lyf við fátíðum sjúkdómum;

d) „Lyfjamálastofnunin“: Lyfjamálastofnun Evrópu.

3. gr.

Viðmiðun fyrir tilnefningu

1. Tilnefna skal lyf sem lyf við fátíðum sjúkdómum ef ábyrgðaraðili þess getur staðfest:

a) að því sé ætlað að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla lífshættulegan sjúkdóm eða sjúkdóm sem veldur varanlegri fötlun og sem innan við fimm af hverjum 10 000 einstaklingum í bandalaginu þjást af þegar umsóknin er lögð fram, eða

að því sé ætlað að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla lífshættulegan sjúkdóm, sjúkdóm sem veldur alvarlegri fötlun eða alvarlegan, langvinnan sjúkdóm í bandalaginu og að án hvetjandi aðgerða væri ólíklegt að markaðssetning í bandalaginu gæfi af sér nægilegar tekjur sem réttlætti nauðsynlegar fjárfestingar.

---

[1] Stjtíð. EB 22, 9.2.1965, bls. 369. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/39/EBE (Stjtíð. EB L 214, 24.8.1993, bls. 22).

[2] Stjtíð. EB L 155, 22.6.1999, bls. 1.

og

b) að ekki finnist fullnægjandi aðferð við að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla sjúkdóminn sem er leyfð í bandalaginu eða, ef slík meðhöndlun er til staðar, að lyfið verði marktækt framlag fyrir þá sem þjást af sjúkdómnum.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nauðsynleg ákvæði til að hrinda þessari grein í framkvæmd með framkvæmdarreglugerð í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 72. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2309/93 ([1]).

4. gr.

Nefnd um lyf við fátíðum sjúkdómum

1. Nefnd um lyf við fátíðum sjúkdómum, hér á eftir kölluð „nefndin", er hér með komið á fót innan Lyfjamálastofnunarinnar.

2. Verkefni nefndarinnar skulu vera:

a) að skoða allar umsóknir um tilnefningu lyfs sem lyfs við fátíðum sjúkdómum sem eru lagðar fyrir hana í samræmi við þessa reglugerð;

b) að veita framkvæmdastjórninni ráð við mótun og þróun stefnu varðandi lyf við fátíðum sjúkdómum í Evrópusambandinu.

c) að aðstoða framkvæmdastjórnina við að koma á alþjóðlegum tengslum í málum sem varða lyf við fátíðum sjúkdómum og mynda tengsl við samtök sjúklinga;

d) að aðstoða framkvæmdastjórnina við að semja nákvæmar viðmiðunarreglur.

3. Hvert aðildarríki tilnefnir einn mann í nefndina, framkvæmdastjórnin tilnefnir þrjá menn, sem eru fulltrúar fyrir samtök sjúklinga, og aðra þrjá á grundvelli tilmæla frá Lyfjamálastofnuninni. Nefndarmenn skulu skipaðir til þriggja ára og má framlengja tímabilið. Nefndarmenn geta notið aðstoðar sérfræðinga.

4. Nefndin skal kjósa sér formann til þriggja ára og má framlengja tímabilið einu sinni.

5. Fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar og framkvæmdastjóri Lyfjamálastofnunarinnar eða fulltrúi hans mega sitja alla fundi nefndarinnar.

6. Lyfjamálastofnunin skal leggja til stjórnarskrifstofu nefndarinnar.

7. Þeir sem sæti eiga í nefndinni skulu, jafnvel þótt skyldum þeirra sé lokið, ekki láta af hendi neinar upplýsingar sem þagnarskylda gildir um.

5. gr.

Málsmeðferð um tilnefningu og eyðingu úr skránni

1. Ábyrgðaraðilinn skal, til að öðlast tilnefningu lyfs sem lyfs við fátíðum sjúkdómum, senda umsókn til Lyfjamálastofnunarinnar hvenær sem er meðan á þróun lyfsins stendur áður en umsókn fyrir markaðsleyfi er lögð fram.

2. Umsókninni skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar og skjöl:

a) nafn eða firmaheiti og varanlegt póstfang ábyrgðaraðila;

b) virk innihaldsefni lyfsins;

c) fyrirhuguð ábending;

d) rök fyrir því að viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr., séu uppfylltar og lýsing á stöðu þróunar lyfsins, þar með taldar þær ábendingar sem búist var við.

3. Framkvæmdastjórnin skal, í samráði við aðildarríkin, Lyfjamálastofnunina og hlutaðeigandi aðila, semja nákvæmar viðmiðunarreglur um framsetningu og innihald umsókna um tilnefningu.

4. Lyfjamálastofnunin skal sannprófa lögmæti umsóknarinnar og semja yfirlitsskýrslu fyrir nefndina. Lyfjamálastofnunin getur farið fram á það, ef við á, að ábyrgðaraðilinn leggi fram upplýsingar og skjöl til viðbótar þeim sem fylgja umsókninni.

5. Lyfjamálastofnunin skal sjá til þess að nefndin skili áliti sínu innan 90 daga frá viðtöku gildrar umsóknar.

6. Þegar nefndin vinnur að áliti sínu skal hún leitast við, eftir bestu getu, að ná samstöðu. Náist slík samstaða ekki skal álitið samþykkt af tveimur þriðju hlutum nefndarmanna. Hægt er að skila álitinu með skriflegri málsmeðferð.

7. Ef álit nefndarinnar er á þá leið að umsóknin uppfylli ekki viðmiðanirnar, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., skal Lyfjamálastofnunin tilkynna ábyrgðaraðilanum það þegar í stað. Ábyrgðaraðilinn getur, innan 90 daga frá viðtöku álitsins, lagt fram nákvæmar ástæður fyrir áfrýjun og skal Lyfjamálastofnunin leggja þær fyrir nefndina. Nefndin skal íhuga hvort hún breytir áliti sínu á næsta fundi.

8. Lyfjamálastofnunin skal þegar í stað senda endanlegt álit nefndarinnar til framkvæmdastjórnarinnar sem skal samþykkja ákvörðun innan 30 daga frá móttöku álitsins. Ef drögin að ákvörðuninni eru, í sérstökum tilvikum, ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal ákvörðunin samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 73. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2309/93. Tilkynna skal ábyrgðaraðilanum um ákvörðunina og senda hana til Lyfjamálastofnunarinnar og lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna.

9. Færa skal tilnefnda lyfið inn í skrá bandalagsins yfir lyf við fátíðum sjúkdómum.

10. Ábyrgðaraðilinn skal árlega senda Lyfjamálastofnuninni skýrslu um stöðu þróunar tilnefnda lyfsins.

11. Ef framselja á tilnefnda lyfið við fátíðum sjúkdómum til annars ábyrgðaraðila skal handhafi tilnefningarinnar senda sérstaka umsókn til Lyfjamálastofnunarinnar. Framkvæmdastjórnin skal, í samráði við aðildarríkin, Lyfjamálastofnunina og hlutaðeigandi aðila, semja nákvæmar viðmiðunarreglur um framsetningu og innihald umsókna um framsal. Í umsóknunum skulu einnig vera allar upplýsingar um nýja ábyrgðaraðilann.

([1]) Stjtíð. EB L 214, 24.8.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 649/98 (Stjtíð. EB L 88, 24.3.1998, bls. 7).

12. Tilnefnd lyf við fátíðum sjúkdómum skulu tekin úr skrá bandalagsins yfir lyf við fátíðum sjúkdómum:

a) að beiðni ábyrgðaraðilans;

b) ef staðfest er, áður en markaðsleyfi er veitt, að viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 3. gr., séu ekki lengur uppfylltar að því er varðar hlutaðeigandi lyf;

c) við lok tímabils einkaréttar á markaði eins og mælt er fyrir um í 8. gr.

6. gr.

Aðstoð við aðferðarlýsingu

1. Ábyrgðaraðili lyfs við fátíðum sjúkdómum getur, áður en hann leggur fram umsókn um markaðsleyfi, óskað eftir aðstoð frá Lyfjamálastofnuninni um framkvæmd hinna ýmsu prófana og rannsókna sem eru nauðsynlegar til að sýna fram á gæði, öryggi og virkni lyfsins í samræmi við j-lið 51. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2309/93.

2. Lyfjamálastofnunin skal semja málsmeðferð um þróun lyfs við fátíðum sjúkdómum sem tekur til aðstoðar svo að farið sé að fyrirmælum við skilgreiningu á innihaldi leyfisumsóknarinnar í skilningi 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2309/93.

7. gr.

Markaðsleyfi í bandalaginu

1. Sá sem er ábyrgur fyrir markaðssetningu lyfs við fátíðum sjúkdómum getur óskað eftir því að bandalagið veiti leyfi til markaðssetningar lyfs í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 2309/93 án þess að réttlæta þurfi að lyfið uppfylli ákvæði B-hluta viðaukans við þá reglugerð.

2. Lyfjamálastofnunin fær árlega úthlutað sérstöku fjárframlagi frá bandalaginu sem er skýrt afmarkað frá því sem kveðið er á um í 57. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2309/93. Lyfjamálastofnunin skal eingöngu nota fjárframlagið til að fella niður, að hluta til eða að fullu, þau gjöld sem ber að greiða samkvæmt bandalagsreglum sem eru samþykktar samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2309/93. Framkvæmdastjóri Lyfjamálastofnunarinnar skal í lok hvers árs leggja fram nákvæma skýrslu um það hvernig þessum sérstöku fjárframlögum hefur verið varið. Allar umframtekjur tiltekins árs skulu færðar á næsta ár og dregnar frá sérstökum fjárframlögum þess árs.

3. Markaðsleyfi, sem er veitt fyrir lyf við fátíðum sjúkdómum, tekur aðeins til þeirra ábendinga sem uppfylla viðmiðanirnar í 3. gr. Þetta hefur þó ekki áhrif á möguleikann á að sækja um aðgreint markaðsleyfi fyrir aðrar ábendingar sem eru utan gildissviðs þessarar reglugerðar.

8. gr.

Einkaréttur á markaði

1. Ef veitt er markaðsleyfi fyrir lyf við fátíðum sjúkdómum samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2309/93 eða ef öll aðildarríkin hafa veitt markaðsleyfi í samræmi við málsmeðferðina um gagnkvæma viðurkenningu, sem mælt er fyrir um í 7. gr. og 7. gr. a í tilskipun 65/65/EBE eða 4. mgr. 9. gr. tilskipunar ráðsins 75/319/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um sérlyf [1], og með fyrirvara um lög um hugverkarétt eða önnur ákvæði bandalagslaga skulu bandalagið og aðildarríkin ekki samþykkja næstu 10 ár aðra umsókn um markaðsleyfi eða veita markaðsleyfi eða samþykkja umsókn um framlengingu gildandi markaðsleyfis fyrir sömu ábendinguna að því er varðar samsvarandi lyf.

2. Þó er hægt að stytta þetta tímabil í sex ár ef það liggur fyrir, í lok fimmta ársins, varðandi hlutaðeigandi lyf, að viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 3. gr., séu ekki lengur uppfylltar, meðal annars þar sem hægt er að sýna fram á, á grundvelli tiltækra sönnunargagna, að hagnaður af lyfinu sé það mikill að einkaréttur á markaði sé ekki lengur réttlætanlegur. Aðildarríkið skal, í því skyni, tilkynna Lyfjamálastofnuninni að viðmiðanirnar, sem einkaréttur á markaði byggist á, séu ekki lengur uppfylltar og Lyfjamálastofnunin skal síðan taka upp málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5. gr. Ábyrgðaraðilinn skal senda Lyfjamálastofnuninni nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. og með fyrirvara um lög um hugverkarétt eða önnur ákvæði í bandalagslögum er heimilt að veita leyfi vegna sömu ábendinga fyrir samsvarandi lyf ef:

a) handhafi markaðsleyfis upprunalega lyfsins við fátíðum sjúkdómum hefur gefið hinum umsækjandanum samþykki sitt, eða

b) handhafi markaðsleyfis upprunalega lyfsins við fátíðum sjúkdómum er ekki fær um að útvega nægilegt magn af lyfinu, eða

c) hinn umsækjandinn getur staðfest í umsókninni að viðkomandi lyf, jafnvel þó það sé svipað lyfinu við fátíðum sjúkdómum sem þegar hefur fengið leyfi, sé öruggara, virkara eða hafi klíníska yfirburði.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja skilgreiningar fyrir hugtökin „samsvarandi lyf“ og „klínískir yfirburðir“ með framkvæmdarreglugerð í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 72. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2309/93.

5. Framkvæmdastjórnin skal, í samráði við aðildarríkin, Lyfjamálastofnunina og hlutaðeigandi aðila, semja nákvæmar viðmiðunarreglur um framkvæmd þessarar greinar.

---

[1] Stjtíð. EB L 147, 9.6.1975, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 93/39/EBE (Stjtíð. EB L 214, 24.8.1993, bls. 22).

9. gr.

Aðrar hvetjandi aðgerðir

1. Lyf, sem eru tilnefnd sem lyf við fátíðum sjúkdómum samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, skulu teljast uppfylla skilyrði um hvetjandi aðgerðir sem bandalagið og aðildarríkin bjóða til að efla rannsóknir, þróun og framboð á lyfjum við fátíðum sjúkdómum og sérstaklega aðstoð við rannsóknir lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem kveðið er á um í aðgerðaáætlun fyrir rannsóknir og tækniþróun.

2. Aðildarríkin skulu, fyrir 22. júní 2000, senda framkvæmdastjórninni nákvæmar upplýsingar varðandi ráðstafanir sem þau hafa beitt til að efla rannsóknir, þróun og framboð á lyfjum við fátíðum sjúkdómum eða lyfjum sem hægt er að tilnefna sem slík. Slíkar upplýsingar skulu uppfærðar reglulega.

3. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 22. janúar 2001, birta nákvæma skrá yfir hvetjandi aðgerðir sem bandalagið og aðildarríkin bjóða til að efla rannsóknir, þróun og framboð á lyfjum við fátíðum sjúkdómum. Skrána skal uppfæra reglulega.

10. gr.

Almenn skýrsla

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 22. janúar 2006, birta almenna skýrslu um reynslu sem hefur fengist við beitingu þessarar reglugerðar, ásamt umfjöllun um árangur sem hefur náðst á sviði almannaheilbrigðis.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Hún skal gilda frá þeim degi sem framkvæmdarreglugerðin var samþykkt, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 8. gr.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 1999.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

K. HEMILÄ

forseti.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 847/2000

frá 27. apríl 2000

þar sem mælt er fyrir um beitingu viðmiðana sem lyf þurfa að uppfylla til að nefnast lyf við fátíðum sjúkdómum og skilgreiningar á hugtökunum „samsvarandi lyf“ og „klínískir yfirburðir“

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 141/2000 frá 16. desember 1999 um lyf við fátíðum sjúkdómum [1], einkum 3. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 141/2000 er framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja nauðsynleg ákvæði til framkvæmdar 3. gr. og til að samþykkja skilgreiningar á hugtökunum „samsvarandi lyf“ og „klínískir yfirburðir“.

2) Til framkvæmdar 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000 geta viðbótaratriði varðandi þætti, sem hafa skal í huga við ákvörðun á algengi, hugsanlegri arðsemi fjárfestingar og því hvaða aðrar aðferðir séu fullnægjandi við greiningu, forvarnarstarf og meðferð, verið gagnleg fyrir ábyrgðaraðila og nefndina um lyf við fátíðum sjúkdómum.

3) Þessar upplýsingar skulu lagðar fram í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem framkvæmdastjórnin hefur samið samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000.

4) Ekki er heppilegt að setja of strangar kröfur til að tryggja að viðmiðin séu uppfyllt, að teknu tilliti til eðlis hlutaðeigandi lyfs og þess að sjúkdómarnir, sem á að meðhöndla, eru sjaldgæfir.

5) Mat á þeim viðmiðunum, sem um getur í 3. gr., skal byggjast á því að upplýsingarnar séu eins hlutlægar og kostur er.

6) Taka skal tillit til annarra ráðstafana bandalagsins varðandi sjaldgæfa sjúkdóma.

7) Til að tryggja að ákvæði um einkarétt á markaði, sem mælt er fyrir um í 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000, séu nægilega virt er nauðsynlegt að mæla fyrir um skilgreiningar á hugtökunum „samsvarandi lyf“ og „klínískir yfirburðir“. Þessar skilgreiningar skulu taka mið af starfi og reynslu nefndarinnar um sérlyf við mat á fyrirliggjandi lyfjum og áliti vísindanefndarinnar um lyf og lækningatæki þar að lútandi.

8) Skilgreiningarnar skulu enn fremur studdar af viðmiðunarreglunum í 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000.

9) Þessi ákvæði skulu uppfærð reglulega í ljósi framfara í tækni og vísindum og reynslu af tilnefningu og lagasetningu um lyf við fátíðum sjúkdómum.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um lyf sem ætluð eru mönnum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilgangur

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um þætti sem hafa ber í huga við framkvæmd 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000 um lyf við fátíðum sjúkdómum og fastsettar skilgreiningar á hugtökunum „samsvarandi lyf“ og „klínískir yfirburðir“ til framkvæmdar 8. gr. framangreindrar reglugerðar. Markmiðið er að aðstoða mögulega ábyrgðaraðila, nefndina um lyf við fátíðum sjúkdómum og lögbær yfirvöld við að túlka reglugerð (EB) nr. 141/2000.

2. gr.

Viðmiðanir fyrir tilnefningu

1. *Algengi sjúkdóms í bandalaginu*

Í því skyni að ákveða, samkvæmt fyrstu undirgrein a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000, að lyf sem ætlað er að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla lífshættulegan sjúkdóm eða sjúkdóm sem veldur langvarandi fötlun sem innan við fimm af hverjum 10 000 einstaklingum í bandalaginu þjást af, skulu eftirfarandi reglur gilda og upplýsingarnar, sem eru taldar upp hér á eftir, skulu lagðar fram í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem eru samdar samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000:

a) gögnunum skulu fylgja tilvísanir til yfirvalda, ef þær eru fyrir hendi, sem sýna að sjúkdómurinn eða ástandið, sem nota á lyfið við, hrjáir ekki meira en 5 af hverjum 10 000 einstaklingum í bandalaginu á þeim tíma sem umsóknin er lögð fram;

b) gögnin skulu fela í sér viðeigandi upplýsingar um sjúkdóminn, sem ætlunin er að meðhöndla, og rök fyrir lífshættulegum sjúkdómi eða sjúkdómi, sem veldur varanlegri fötlun og vera studd vísindalegum eða læknisfræðilegum tilvísunum;

c) upplýsingarnar, sem ábyrgðaraðilinn leggur fram, skulu fela í sér eða vísa í yfirlit um fræðirit og innihalda upplýsingar úr viðeigandi gagnabönkum í bandalaginu ef slíkt fyrirfinnst. Ef ekki fyrirfinnast gagnabankar í bandalaginu má vísa í gagnabanka í þriðju löndum, að því tilskildu að viðeigandi útgiskanir séu gerðar;

[1] Stjtíð. EB L 18, 22.1.2000, bls. 1.

d) ef sjúkdómur eða ástand hefur verið rannsakað innan ramma annarrar starfsemi bandalagsins um sjaldgæfa sjúkdóma skal greina frá þeim upplýsingum. Ef um er að ræða sjúkdóma eða ástand sem eru hluti af verkefnum sem eru styrkt fjárhagslega af bandalaginu til að auka upplýsingar um sjaldgæfa sjúkdóma skal leggja fram viðeigandi útdrátt úr þessum upplýsingum, þar með talin gögn um algengi sjúkdómsins eða ástandsins sem um ræðir.

2. *Möguleiki á arðsemi af fjárfestingu*

Í því skyni að ákveða, samkvæmt annarri undirgrein a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000, að lyfi sé ætlað að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla lífshættulegan sjúkdóm eða sjúkdóm sem veldur alvarlegri fötlun, eða alvarlegan langvinnan sjúkdóm sem innan við fimm af hverjum 10 000 einstaklingum í bandalaginu þjást af, og að án hvetjandi aðgerða væri ólíklegt að markaðssetning lyfs í bandalaginu gæfi af sér nægilegar tekjur sem réttlætti nauðsynlegar fjárfestingar, skulu eftirfarandi sérreglur gilda og viðeigandi upplýsingar skulu lagðar fram í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem eru samdar samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000:

a) gögnin skulu fela í sér viðeigandi upplýsingar um sjúkdóminn sem ætlunin er að meðhöndla og rök fyrir því að um sé að ræða lífshættulegan sjúkdóm eða sjúkdóm sem veldur varanlegri fötlun og vera studd vísindalegum eða læknisfræðilegum tilvísunum;

b) gögnin, sem ábyrgðaraðilinn leggur fram, skulu fela í sér upplýsingar um allan kostnað sem ábyrgðaraðilinn hefur stofnað til við þróun lyfsins;

c) gögnin skulu fela í sér upplýsingar um styrki, skattaívilnanir og önnur framlög sem lækka kostnað, annaðhvort innan bandalagsins eða í þriðju löndum;

d) ef um er að ræða lyf sem þegar hefur fengið leyfi vegna ábendingar eða ef lyfið er í rannsókn vegna einnar eða fleiri ábendinga skal leggja fram greinargóða útskýringu og færa rök fyrir því hvernig þróunarkostnaðurinn skiptist niður á ólíkar ábendingar;

e) gera skal grein fyrir og færa rök fyrir öllum þróunarkostnaði sem ábyrgðaraðilinn reiknar með að verði eftir að umsókn um tilnefningu er lögð fram;

f) gera skal grein fyrir og færa rök fyrir framleiðslu- og markaðskostnaði sem ábyrgðaraðilinn hefur stofnað til og sem hann reiknar með að stofna til fyrstu 10 árin eftir leyfisveitingu lyfsins;

g) leggja skal fram mat og rök fyrir áætluðum tekjum af sölu lyfsins í bandalaginu fyrstu 10 árin eftir að leyfið hefur verið veitt;

h) upplýsingar um allan kostnað og tekjur skulu færðar í samræmi við góðar reikningsskilavenjur og staðfestar af löggiltum endurskoðanda í bandalaginu;

i) gögnin, sem lögð eru fram, skulu fela í sér upplýsingar um algengi og nýgengi sjúkdómsins í bandalaginu, sem lyfið verður notað gegn, á þeim tíma sem umsókn um tilnefningu er lögð fram.

3. *Aðrar aðferðir við greiningu, forvarnarstarf eða meðferð*

Hægt er að leggja fram umsókn um tilnefningu lyfs sem lyfs við fátíðum sjúkdómum í samræmi við annaðhvort 1. eða 2. mgr. þessarar greinar. Óháð því, hvort umsókn um tilnefningu er lögð fram í samræmi við 1. eða 2. mgr., skal ábyrgðaraðilinn þar að auki staðfesta að ekki finnist fullnægjandi aðferð við að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla sjúkdóminn sem um ræðir eða, ef slík aðferð er til, verði lyfið marktækt framlag fyrir þá sem þjást af þessum sjúkdómi.

Í því skyni að staðfesta, samkvæmt b-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000, að ekki finnist fullnægjandi aðferð við að greina, fyrirbyggja eða meðhöndla sjúkdóminn sem um ræðir eða, ef slík aðferð er til, verði lyfið marktækt framlag fyrir þá sem þjást af þessum sjúkdómi, skulu eftirfarandi reglur gilda:

a) leggja skal fram upplýsingar um þær aðferðir, sem eru til við greiningu, forvarnarstarf eða meðferð sjúkdómsins, sem um ræðir, sem hafa verið leyfðar í bandalaginu, með tilvísun í fræðirit á sviði vísinda og læknisfræði eða aðrar viðeigandi upplýsingar. Þessar aðferðir geta falið í sér leyfð lyf, lækningatæki eða aðrar aðferðir við greiningu, forvarnarstarf eða meðferð sem eru notaðar í bandalaginu;

b) annaðhvort skal færa rök fyrir því hvers vegna aðferðirnar, sem um getur í a-lið, teljast ekki fullnægjandi,

eða

c) rökstyðja þá ályktun að lyf, sem sótt er um tilnefningu fyrir, verði marktækt framlag fyrir þá sem þjást af sjúkdómnum.

4. *Almennt ákvæði:*

a) Ábyrgðaraðili, sem sækir um tilnefningu lyfs sem lyfs við fátíðum sjúkdómum, skal sækja um tilnefningu á einhverju þróunarstigi lyfsins áður en umsókn um markaðsleyfi er lögð fram. Þó má leggja fram umsókn um tilnefningu fyrir nýrri ábendingu varðandi lyf sem þegar hefur fengið leyfi. Í þessu tilviki skal markaðsleyfishafinn sækja um aðgreint markaðsleyfi sem tekur einungis til ábendinga varðandi lyf við fátíðum sjúkdómum.

b) Fleiri en einn ábyrgðaraðili geta fengið tilnefningu fyrir sama lyfið, sem lyfs við fátíðum sjúkdómum, sem er ætlað að fyrirbyggja, meðhöndla eða greina sama sjúkdóminn eða ástandið, að því tilskildu að lögð sé fram fullnaðarumsókn um tilnefningu eins og mælt er fyrir um í viðmiðunarreglunum í 3. mgr. 5. gr.

c) Þegar nefndin um lyf við fátíðum sjúkdómum tilnefnir lyf skal vísa í viðmiðanirnar fyrir tilnefningu, annaðhvort í 1. mgr. 2. gr. eða 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000 gilda um þessi hugtök þegar þau eru notuð í þessari reglugerð:

— „efni“: hráefni sem er notað við framleiðslu á lyfi sem ætlað er mönnum, eins og það er skilgreint í 1. gr. tilskipunar 65/65/EBE.

2. Eftirfarandi reglur skulu gilda, að því er varðar framkvæmd 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000 um lyf við fátíðum sjúkdómum:

— „markaðkt framlag“: viðeigandi klínískur kostur eða verulegar framfarir að því er varðar greiningu eða meðferð sjúklings.

3. Eftirfarandi reglur skulu gilda, að því er varðar framkvæmd 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 141/2000 um lyf við fátíðum sjúkdómum:

a) „virkt efni“: efni með lífeðlisfræðilega eða lyfjafræðilega virkni;

b) „samsvarandi lyf“: lyf, sem inniheldur eitt eða fleiri samsvarandi virk efni eins og lyf við fátíðum sjúkdómum sem þegar hefur verið leyft, og sem er ætlað fyrir sömu ábendinguna.

c) „samsvarandi virkt efni“: sams konar virkt efni eða virkt efni með sömu sameindabyggingu í höfuðatriðum (en ekki endilega sömu sameindabygginguna í öllum atriðum) og sem hegðar sér samkvæmt sama hvarfagangi.

Þetta tekur til:

1) myndbrigða, blöndu af myndbrigðum, samsettra efnasambanda, estra, salta og ósamgildra afleiða upprunalega virka efnisins eða virks efnis sem er ólíkt upprunalega virka efninu einungis að því er varðar minni háttar breytingar í sameindagerðinni, eins og efni með hliðstæða byggingu;

eða

2) sömu stórsameindarinnar eða sameindar sem er ólík upprunalegu stórsameindinni einungis að því er varðar breytingar í sameindagerðinni, eins og:

2.1) prótín, þar sem:

— mismunurinn stafar af fráviki í umritun eða þýðingu,

— mismunurinn í byggingu þeirra stafar af atburðum eftir þýðingu (eins og mismunandi mynstri í glýkósýlun) eða mismunandi þriðja stigs byggingu,

— mismunurinn í amínósýruröðinni er ekki stórvægilegur. Þess vegna eru tvö lyfjafræðilega skyld prótín í sama hópnum (til dæmis tvö líffræðileg efnasambönd með sama alþjóðlega samheitið (INN)) venjulega talin sambærileg,

— einklóna mótefni bindast sömu markvakaeiningunni. Þau eru venjulega talin sambærileg;

2.2) fjölsykrur með sams konar endurteknar sykrueiningar, jafnvel þótt fjöldi einninganna sé breytilegur og jafnvel þótt það eigi sé stað breytingar eftir fjölliðun (þar með talin frumutenging);

2.3) fjölnúkleótíð (þar með talin genaflutnings- og andþáttarefni) úr tveimur eða fleiri sérstökum núkleótíðum þar sem:

— ekki er mikill munur á núkleótíðröð púrín- og pýrimídínbasanna eða afleiða þeirra. Andþáttarraðir eru því yfirleitt taldar svipuð efni svo fremi hreyfifræði þáttatengingar, að því er varðar markröðin, sé ekki marktækt háð því að viðbót eða brottfall verði á núkleótíðum. Þegar um er að ræða genaflutningsefni myndu efnin venjulega teljast sambærileg nema munurinn í röðinni væri verulegur,

— munurinn í byggingu þeirra tengist breytingum á grind ríbósasykru eða deoxýríbósasykru eða tilbúin hliðstæð efni koma í stað hinna í grindinni,

— munurinn er í genaferju- eða flutningskerfinu;

2.4) mjög skyld flókin efnasambönd, að hluta til efni sem hægt er að skilgreina (eins og tvö skyld veirubóluefni eða skyld efni til meðferðar á frumum);

eða

3) sama virka efnisins, sem er notað við geislameðferð eða –greiningu, eða efnis sem er ólíkt upprunalega efninu að því er varðar geislavirka kjarnategund, bindil, merkingarset eða það gangvirki sem tengir saman sameindina og geislavirku kjarnategundina, að því tilskildu að um sama hvarfagang sé að ræða,

d) „klínískir yfirburðir“: eiginleikar lyfs sem veita því verulega kosti, að því er varðar meðferð og greiningu, umfram lyf við fátíðum sjúkdómum sem hefur fengið leyfi, á einn eða fleiri eftirfarandi vegu:

1) um er að ræða meiri virkni en hjá lyfi við fátíðum sjúkdómum sem hefur fengið leyfi (metið af áhrifum á klínískt mikilvægu lokastigi í fullnægjandi og vel stýrðum prófunum). Almennt felur þetta í sér sams konar sönnun sem er nauðsynleg til að styðja kröfu um samanburðarvirkni fyrir tvö mismunandi lyf. Beinar klínískar samanburðarprófanir eru venjulega nauðsynlegar en þó er einnig hægt að styðjast við samanburð sem byggist á öðru lokastigi, þar með talið staðgöngulokastig. Hvað sem öðru líður skal færa rök fyrir aðferðafræðinni sem er valin;

eða

2) meira öryggis er gætt í stórum hluta markþýðisins. Í sumum tilvikum eru beinar samanburðarprófanir nauðsynlegar;

eða

3) í undantekningartilvikum, þar sem hvorki hefur verið sýnt fram á aukið öryggi né aukna virkni, skal sýna fram á að lyfið teljist marktækt framlag að því er varðar greiningu eða meðferð sjúklinga.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að framkvæmdastjórnin samþykkir hana og skal beitt frá sama degi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. apríl 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

Framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal III.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 68/2001

frá 19. júní 2001

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 2/2001 frá 31. janúar 2001([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 141/2000 frá 16. desember 1999 um lyf við fágætum sjúkdómum([2]) skal felld inn í samninginn.

([1]) Stjtíð. EB L 66, 8.3.2001, bls. 44 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 12, 8.3.2001, bls. 2.

([2]) Stjtíð. EB L 18, 22.1.2000, bls. 1.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 15l (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2141/96) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„15m. **32000 R 0141:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 141/2000 frá 16. desember 1999 um lyf við fágætum sjúkdómum (Stjtíð. EB L 18, 22.1.2000, bls. 1).“

2. gr.

Texti reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 141/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni[3].

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes *M. Brinkmann*

---

[3] Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal IV.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 69/2001

frá 19. júní 2001

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 2/2001 frá 31. janúar 2001([1]).

2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/38/EB frá 5. júní 2000 um breytingu á V. kafla a (Lyfjagát) í tilskipun ráðsins 75/319/EBE um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um lyf([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 847/2000 frá 27. apríl 2000 þar sem mælt er fyrir um beitingu viðmiðana sem lyf þurfa að uppfylla til að nefnast lyf við fágætum sjúkdómum og skilgreiningar á hugtökunum „samsvarandi lyf“ og „klínískir yfirburðir“([3]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (önnur tilskipun ráðsins 75/319/EBE) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32000 L 0038:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/38/EB frá 5. júní 2000 (Stjtíð. EB L 139, 10.6.2000, bls. 28).“

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 15m (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 141/2000) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„15n. **32000 R 0847:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 847/2000 frá 27. apríl 2000 þar sem mælt er fyrir um beitingu viðmiðana sem lyf þurfa að uppfylla til að nefnast lyf við fágætum sjúkdómum og skilgreiningar á hugtökunum „samsvarandi lyf“ og „klínískir yfirburðir“ (Stjtíð. EB L 103, 28.4.2000, bls. 5).“

([1]) Stjtíð. EB L 66, 8.3.2001, bls. 44 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 12, 8.3.2001, bls. 2.
([2]) Stjtíð. EB L 139, 10.6.2000, bls. 28.
([3]) Stjtíð. EB L 103, 28.4.2000, bls. 5.

3. gr.

Texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/38/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 847/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni[4].

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður
P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar
P. K. Mannes *M. Brinkmann*

[4] Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Nr. 403 28. maí 2002

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Austur-Landeyjahreppi.

1. Byggðahverfis við Gunnarshólma.

Hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps samþykkti ofangreint skipulag á fundi sínum þann 6. maí 2002.

Skipulagssvæðið nær yfir lóð Gunnarshólma og svæði sem liggur um 400 m suður með tengivegi 253. Gert er m.a. ráð fyrir sex nýjum lóðum undir einnar hæðar einbýlishús og bílskúr. Tvær lóðir eru ætlaðar fyrir iðnaðarbyggingar. Á lóð nr. 4 er flokkunarstöð fyrir endurvinnanlegt sorp.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið deiliskipulagið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

2. Frístundabyggð að Efri-Úlfsstöðum.

Hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps samþykkti ofangreint skipulag á fundi sínum þann 6. maí 2002.

Skipulagssvæðið liggur meðfram vegi 252 og samanstendur af tveimur röðum frístundahúsalóða, alls 15 lóðir ásamt leiksvæði. Samanlagður grunnflötur húsa á lóð má vera allt að 100 m^2.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið deiliskipulagið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

3. Bakkaflugvöllur.

Hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps samþykkti ofangreint skipulag á fundi sínum þann 6. maí 2002.

Skipulagssvæðið er 50 ha og afmarkast af umhverfi Bakkaflugvallar og nær yfir N-S og A-V flugbraut, flughlað og ýmsar byggingar tengdar flugstarfsemi. Fyrir eru vélageymsla og tvær bílageymslur sem standa áfram en reisa á nýja flugstöð ásamt flugturni. Einnig er gert ráð fyrir flugskýlum, bílageymslum, eldsneytistönkum og möstrum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið deiliskipulagið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Gunnarshólma, 28. maí 2002.

F.h. Austur-Landeyjahrepps,

Árni Erlendsson, oddviti Austur Landeyjahrepps.

30. maí 2002 Nr. 404

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993 - 2013, Breiðamýri og norðanvert Sviðholt.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 30. maí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013 frá 28. ágúst 1993.

Breytingin varðar eftirtalin atriði á svæðinu við Breiðumýri og norðanvert Sviðholt.

- Opið svæði til sérstakra nota norðan Breiðumýrar stækkar til suðurs.
- Svæði fyrir stofnanir breytist að lögun, minnkar til norðurs en stækkar til suðurs.
- Svæði fyrir blandaða íbúðarbyggð, verslun og þjónustu breytist og verður svæði fyrir stofnanir, íbúðarbyggð og opin svæði til sérstakra nota. Einnig verður breyting á legu gönguleiða.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu verður austan Breiðumýrar.
- Lögun íbúðarsvæðis og aðkoma að því við Sviðholt breytist, jafnframt er þar gert ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota.
- Svæðið næst Sviðholti verður þjóðminjasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Bessastaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 30. maí 2002.

F. h. r.

Halldór Þorgeirsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

Breiðamýri og norðanvert Sviðholt.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 21. maí 2002 deiliskipulag við Breiðumýri og á norðanverðu Sviðholti í Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulaginu verða byggð við íbúðargötu norðan Sviðholtsbæjarins 22 einbýlishús og tólf parhús, alls 34 íbúðir og við tvær íbúðargötur vestur úr Breiðumýri tólf níu íbúða fjölbýlishús og tólf raðhús, samtals 120 íbúðir. Á svæðinu er leikvöllur og lóð undir nýjan leikskóla. Sunnan leikskólans Krakkakots mun rísa hús fyrir verslun og þjónustu, auk þess sem gert er ráð fyrir viðbyggingum við leikskólann.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 31. maí 2002.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

Nr. 406 29. maí 2002

SAMÞYKKT

um verndun trjáa á Akureyri.

1. gr.

Umhverfisráð Akureyrar, sem fer með málefni byggingarnefndar samkvæmt 57. gr. samþykktar um stjórn Akureyrarbæjar, annast mál samkvæmt samþykkt þessari undir yfirstjórn bæjarstjórnar Akureyrar og í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar eftir því sem við á, umhverfisráð getur falið verkefnastjóra umhverfismála fullnaðarafgreiðslu ákveðinna mála sbr. þó 2. mgr. 4. gr., og fer þá um meðferð þeirra eftir samþykkt þessari.

2. gr.

Samþykkt þessi tekur til allra trjáa á Akureyri, sem eru 8 m á hæð eða eldri en 60 ára. Við gerð aðal- og deiliskipulags getur umhverfisráð lagt til að trjágróður sem æskilegt er talið að varðveita vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis njóti hverfisverndar án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Ákvæði samþykktar þessarar víkja fyrir strangari ákvæðum, sem sett eru í deiliskipulagi einstakra reita eða bæjarhverfa.

3. gr.

Óheimilt er að fella tré samkv. 2. gr. nema með leyfi verkefnastjóra eða eftir atvikum umhverfisráðs.

Umsókn um leyfi til að fella tré skal beint til umhverfisdeildar. Verkefnastjóri getur gert kröfu um að umsækjandi leggi fram með umsókn sinni afstöðumynd, ljósmyndir og/eða greinargerð eftir því sem þörf er á.

Ekki geta aðrir en eigendur trjáa fengið leyfi til að fella þau. Sé um að ræða tré á lóð fjöleignarhúss skal fylgja umsókn skriflegt samþykki a.m.k. 2/3 hluta þinglýstra eigenda, bæði miðað við fjölda og hlutdeild í lóð, sbr. B-lið 41. gr. laga um fjöleignarhús.

4. gr.

Verkefnastjóri skal rökstyðja afgreiðslu sína á umsóknum samkv. 3. gr. innan 5 daga frá því að umsókn berst.

Nú synjar verkefnastjóri leyfisumsókn og skal athygli umsækjanda þá vakin á því, að hann getur skotið máli sínu til umhverfisráðs. Umhverfisráð skal þá taka umsóknina ásamt greinargerð verkefnastjóra til formlegrar afgreiðslu.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar sem sett er samkvæmt heimild í 5. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, staðfestist hér með samkv. 6. mgr. 37. gr. sömu laga til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um verndun trjáa á Akureyri nr. 445/2001.

Umhverfisráðuneytinu, 29. maí 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

31. maí 2002 Nr. 407

REGLUR

um maka- og umönnunarbætur.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða maka elli- eða örorkulífeyrisþega makabætur sem eru allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga. Jafnframt er heimilt, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða öðrum sem halda heimili með elli- eða örorkulífeyrisþega umönnunarbætur sem nema sömu fjárhæð og makabætur.

2. gr.

Heimilt er að greiða maka- eða umönnunarbætur, sbr. 1. gr., ef um er að ræða sameiginlegt lögheimili lífeyrisþega og þess sem annast um hann. Jafnframt skal sýnt fram á tekjuleysi eða tekjutap umsækjanda eða lífeyrisþega.

3. gr.

Umsókn um maka- eða umönnunarbætur skal fylgja læknisvottorð þar sem tilgreind er umönnunarþörf lífeyrisþegans. Jafnframt skal lögð fram staðfesting á tekjutapi eða tekjuleysi.

4. gr.

Heimilt er að greiða maka- eða umönnunarbætur í allt að tvo mánuði til viðbótar þegar lífeyrisgreiðslur falla niður vegna sjúkrahúsvistar, sbr. 5. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

5. gr.

Bætur samkvæmt reglum þessum skulu ekki ákvarðaðar til lengri tíma en sex mánaða í senn. Séu fyrir hendi skilyrði fyrir áframhaldandi greiðslu bóta skal umsækjandi skila inn gögnum þar að lútandi til Tryggingastofnunar ríkisins.

6. gr.

Ekki er heimilt að greiða maka- eða umönnunarbætur á sama tíma og greidd er frekari uppbót á lífeyri vegna mikils umönnunarkostnaðar.

7. gr.

Sækja skal um bætur samkvæmt reglum þessum hjá Tryggingastofnun ríkisins og skulu umsóknir vera á eyðublöðum stofnunarinnar eða með rafrænum hætti á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar. Umsækjanda er skylt að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um veitingu bóta.

Um umsóknir og framkvæmd að öðru leyti fer skv. 47. og 48. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 5. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 31. maí 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 408 31. maí 2002

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
			kg	%	kr./kg
Tollnúmer:	*Kjötvörur úr vörulið 1602:*		86.000		
1602.1001	Blönduð matv. meira en 60% af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	102
1602.1009	Meira en 20% til og með 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	102
1602.2011	Meira en 60% af dýralifur	01.07.02 - 30.06.03	-	0	142
1602.2012	Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.07.02 - 30.06.03	-	0	142
1602.2019	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	44

Vara		Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:	*Kjötvörur úr vörulið 1602:*		kg	%	kr./kg
1602.2021	Annað, meira en 60% af dýralifur	01.07.02 - 30.06.03	-	0	142
1602.2022	Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	78
1602.2029	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	26
1602.3101	Úr kalkúnum meira en 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3102	Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3109	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	115
1602.3201	Úr hænsnum meira en 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3202	Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3209	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	115
1602.3901	Annað meira en 60% úr alifuglum	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3902	Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3909	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	115
1602.4101	Úr svínum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.07.02 - 30.06.03	-	0	637
1602.4102	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	343
1602.4109	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	115
1602.4201	Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.07.02 - 30.06.03	-	0	412
1602.4202	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	247
1602.4209	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	83
1602.4901	Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.07.02 - 30.06.03	-	0	511
1602.4902	Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	307
1602.4909	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	102
1602.5001	Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.07.02 - 30.06.03	-	0	442
1602.5002	Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	304
1602.5009	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	102
1602.9011	Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	442
1602.9012	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	265
1602.9019	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	89
1602.9021	Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	442
1602.9022	Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	265
1602.9029	Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	89

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir miðað við tímabil sem getið er um í 2. gr. í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliðir	1602.10XX	2.600 kg
vöruliðir	1602.20XX	2.600 kg
vöruliðir	1602.3XXX	16.600 kg
vöruliðir	1602.4XXX	13.200 kg
vöruliðir	1602.50XX	4.600 kg
vöruliðir	1602.90XX	3.400 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. maí 2002.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 409 31. maí 2002

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a og b gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
a)					
0405.xxxx	Smjör og önnur fita	01.07.02 - 30.06.03	53.000	0	243
b)	*Ostur og ystingur:*		119.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.02 - 30.06.03		0	173
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.02 - 30.06.03		0	173
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.02 - 30.06.03		0	129
0406.4000	Gráðostur	01.07.02 - 30.06.03		0	198
0406.9000	Annar ostur	01.07.02 - 30.06.03		0	194

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ótilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. maí 2002.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

31. maí 2002 Nr. 410

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst -				
Tollnúmer:	***vöruliðir 0202 og 0210:***		95.000		
0202.3002	Lundir	01.07.02 - 30.06.03		0	605
0202.3003	Hryggvöðvar	01.07.02 - 30.06.03		0	605
0202.3004	Vöðvar af læri	01.07.02 - 30.06.03		0	605
	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað,				
Tollnúmer:	*þurrkað eða reykt:*				
0210.2001	Beinlaust	01.07.02 - 30.06.03		0	368
	Svínakjöt - vöruliðir 0203 og 0210:		64.000		
Tollnúmer:	*Svínakjöt, fryst:*				
0203.2903	Hakkað	01.07.02 - 30.06.03		0	491
0203.2904	Lundir	01.07.02 - 30.06.03		0	491
0203.2905	Hryggvöðvar	01.07.02 - 30.06.03		0	491
0203.2906	Vöðvar af læri	01.07.02 - 30.06.03		0	491
0203.2909	Annað	01.07.02 - 30.06.03		0	491

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Úr tollnr.:	*Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt:*				
0210.1200	Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.07.02 - 30.06.03		0	351
Tollnúmer:					
0210.1901	Reykt - beinlaust	01.07.02 - 30.06.03		0	399
Úr tollnr.:					
0210.1909	Annars - beinlaust	01.07.02 - 30.06.03		0	399
	Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207:		59.000		
	Kjöt og ætir hlutar af hænsnum, fryst:				
0207.1200	Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.02 - 30.06.03		0	180
0207.1401	Beinlaust	01.07.02 - 30.06.03		0	180
0207.1402	Lifur	01.07.02 - 30.06.03		0	248
0207.1409	Annað	01.07.02 - 30.06.03		0	180
	Af kalkúnum:				
0207.2500	Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.02 - 30.06.03		0	248
0207.2701	Beinlaust	01.07.02 - 30.06.03		0	248
0207.2702	Lifur	01.07.02 - 30.06.03		0	248
0207.2709	Annað	01.07.02 - 30.06.03		0	248
	Af öndum, gæsum eða perluhænsnum:				
0207.3300	Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.02 - 30.06.03		0	248
	Annað:				
0207.3601	Beinlaust, (úrbeinað, fryst)	01.07.02 - 30.06.03		0	248
0207.3602	Lifur	01.07.02 - 30.06.03		0	248
0207.3609	Annað, (skorið í hluta fryst)	01.07.02 - 30.06.03		0	248
	Annað kjöt, fryst - vöruliður 0208:		12.000		
0208.9006	Hreindýrakjöt, fryst	01.07.02 - 30.06.03		0	570
Úr tollnr.:					
0208.9009	Annars - Dádýr, dúfur, fasanar, lynghænur og strútar, fryst	01.07.02 - 30.06.03		0	272

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt reglugerð og auglýsingum samkvæmt þeim um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Skulu tilboð ráða úthlutun. Þó skal að lágmarki og hámarki úthluta því magni sem hér greinir miðað við tímabil sem getið er um í 2. gr. í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

		Að lágmarki:	Að hámarki:
vöruliður	0207.25xx og 0207.27xx	5.300 kg	8.200 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. maí 2002.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

3. júní 2002 Nr. 411

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Af hundum í Sveitarfélaginu Árborg skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem eru ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 772/1999, með síðari breytingum, sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

A)	Skráning	kr. 6.000
B)	Skráning eftir útrunninn frest, sbr. 1. mgr. 2. gr. samþykktar um hundahald	kr. 10.000
C)	Bráðabirgðaskráning	kr. 1.000

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:
Fyrir hvern hund kr. 7.000
Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu og hundahreinsun er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. gr. A og 3. gr.

5. gr.

Við hverja handsömun hunds ber að innheimta gjald, kr. 8.000. Gjald fyrir fyrstu handsömun skráðs hunds, þegar eftirlitsgjald og vottorð er í skilum, er þó kr. 5.000.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 20. febrúar og eindagi 20. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

7. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi er heimilt að veita afslátt af gjöldum samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar skv. nánari reglum sem bæjarstjórn setur. Bæjarstjórn getur enn fremur sett reglur um slík afsláttarkjör fyrir hundaeigendur sem hafa í hvívetna fullnægt ákvæðum samþykktar um hundahald í ákveðinn árafjölda eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 772/1999, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Sveitarfélaginu Árborg, 3. júní 2002.

Karl Björnsson bæjarstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 68 – 2002

5. júní 2002 1187 Nr. 412

AUGLÝSING

um endurskoðun deiliskipulags íþrótta- og skólasvæðis við Skólabraut í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt endurskoðun deiliskipulags íþrótta- og skólasvæðis við Skólabraut í Garðabæ þar sem m.a. er gert ráð fyrir viðbyggingum við Hofsstaðaskóla og Fjölbrautaskólann í Garðabæ, byggingu íþróttahúss og fjölgun bílastæða. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 5. júní 2002.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

5. júní 2002 Nr. 413

REGLUGERÐ

um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2002/2003.

1. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 2002 til 31. ágúst 2003 er leyfilegur heildarafli sem hér segir:

Tegund	**Lestir**
Þorskur	179.000
Karfi	60.000
Ýsa	55.000
Ufsi	37.000
Grálúða	23.000
Steinbítur	16.000
Skrápflúra	5.000
Skarkoli	5.000
Sandkoli	4.000

Tegund	Lestir
Keila	3.500
Langa	3.000
Þykkvalúra	1.600
Skötuselur	1.500
Langlúra	1.500
Síld	105.000
Úthafsrækja	23.000
Humar	1.600
Hörpudiskur	4.150
Innfjarðarækja	1.400

Ákvörðun um leyfilegan heildarafla fyrir rækju verður endurskoðuð að lokinni úttekt Hafrannsóknastofnunarinnar á rækjustofnunum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. júní 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 69 – 2002

7. júní 2002 1189 Nr. 414

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 114/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli vegna innflutnings á kartöflum, bökunar, í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Úr tollnúmeri:			kg	%	kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	10.06. - 30.06.02	ótilgr.	0	30

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. júní 2002.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

7. júní 2002 Nr. 415

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 921/2001 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			stk.	%	kr./stk
0602.9095	Aðrar pottaplöntur til og með 1 m á hæð	01.07.-31.12.02	2.500	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.07.-31.12.02	125.000	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. júní 2002.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 70 – 2002

7. júní 2002 1191 Nr. 416

REGLUGERÐ

um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

I. KAFLI
Tilgangur og gildissvið.

1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að hindra að sjúkdómar berist til landsins með innfluttum sláturafurðum, eggjum, mjólkurafurðum og öðrum vörum sem reglugerðin tekur til. Jafnframt að koma í veg fyrir að fluttar verði til landsins hráar afurðir dýra sem fengið hafa vaxtaraukandi efni á eldisskeiðinu.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um innflutning á hvers konar afurðum dýra og öðrum vörum, sem smitefni geta borist með er valda sjúkdómum í dýrum og mönnum.

II. KAFLI
Varnir gegn dýrasjúkdómum.

3. gr.

Eftirtaldar afurðir dýra og vörur sem geta borið með sér smitefni er valda sjúkdómum í dýrum og mönnum er óheimilt að flytja til landsins sbr. þó nánari útlistun í IV. kafla reglugerðarinnar:

a. Hrátt kjöt, unnið sem óunnið, svo og innmat og sláturúrgang.
b. Kjöt á beini af klaufdýrum.
c. Dýrafóður sem inniheldur sláturúrgang, t.d. kjötmjöl, beinamjöl, fóðurvörur unnar úr afurðum eða úrgangi spendýra og fugla. Leyfður er innflutningur á gæludýrafóðri sem hitað hefur verið upp í kjarnahita a.m.k. 90°C, að því tilskildu að hráefnið innihaldi ekki eftirtalin dýr og dýraafurðir:
    1. Sjálfdauð dýr, þ. á m. dauðfædd og ófædd dýr (dýrafóstur).
    2. Dýr sem slátrað hefur verið vegna útrýmingar dýrasjúkdóma.
    3. Dýraúrgang þ. á m. blóð úr dýrum sem við kjötskoðun eru dæmd óhæf vegna smitsjúkdóma.
    4. Þá hluta dýra sem slátrað er með eðlilegum hætti, en koma ekki til kjötskoðunar. Þetta gildir þó ekki um húðir, skinn, blóð og svipaðar afurðir.
    5. Kjöt, alifuglakjöt, fisk, villibráð og matvæli gerð úr dýraafurðum sem hafa orðið fyrir skemmdum.

Gutenberg

6. Dýr, ferskt kjöt og alifuglakjöt, fisk, villibráð, kjöt- og mjólkurafurðir sem almennt myndu ekki standast kröfur dýralæknayfirvalda til innflutnings.
7. Dýraafurðir og dýraúrgang sem inniheldur leifar af aðskotaefnum sem eru hættuleg mönnum og dýrum.
8. Fisk eða fiskúrgang sem dæmdur hefur verið óhæfur til manneldis vegna smitsjúkdóma.
9. Afurðir úr áhættusömum dýravefjum, svo sem mænum, heilum, hausum og milti úr nautgripum og sauðfé.
10. Afurðir sem mengast hafa eftir hitameðferð.

d. Ull, notaða poka eða aðrar umbúðir, fiður, fjaðrir, dún, stráteppi, strákörfur, og óunnið dýrahár. Undanþegin eru sótthreinsuð hrá skinn, húðir, veiðiminjar og dauð dýr/fuglar sem ætlunin er að stoppa upp enda fylgi vottorð um fullnægjandi sótthreinsun að mati yfirdýralæknis.
e. Ómeðhöndluð egg, eggjaskurn og eggjaafurðir.
f. Ógerilsneydda mjólk og mjólkurafurðir unnar úr ógerilsneyddri mjólk.
g. Hey, hálm, alidýraáburð, gróðurmold, mó og rotmassa, blandað alidýraáburði.
h. Blóð, sermi og aðrar lífrænar vörur úr dýraríkinu, þ.m.t. sýklar, veirur, blóð-, blóðvatns-, frumu-, vefja- og dýraeggjahvítusýni.
i. Notuð reiðtygi og ósótthreinsuð reiðföt, óhreinan fatnað og tuskur svo og búnað sem notaður hefur verið til geymslu og flutninga á dýrum og dýraafurðum.
j. Notaðar landbúnaðarvélar og áhöld, þar með taldar hestakerrur og önnur tæki sem notuð hafa verið í landbúnaði.
k. Notaðan veiðibúnað til stangveiði, nema að undangenginni sótthreinsun.

III. KAFLI
Skilyrði innflutnings.

4. gr.

Innfluttum vörum sem flokkast í vöruliði 0210, 0401-0408, 1601 og 1602, og eftirfarandi tollaflokka sem innihalda kjöt 1901-2023, 1901-2043, 1902-2021, 1902-2022, 1902-2029, 1902-2041, 1902-2042, 1902-2049, 1902-3021, 1902-3029, 1902-3041, 1902-3049, 1902-4021, 1902-4029, 1904-3001, 1904-9001, 1905-9051, 2004-9006, 2005-9001, 2103-9051, 2103-9052, 2103-9059, 2106-9064, í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sem hlotið hafa fullnægjandi hitameðferð, skulu fylgja þau vottorð sem hér greinir eftir því sem við á:

a. Opinbert uppruna- og heilbrigðisvottorð.
b. Soðnum sláturafurðum og matvælum, sem ekki eru niðursoðin, fylgi sérstakt opinbert vottorð, sem staðfestir að varan hafi hlotið hitameðferð, þannig að kjarnhiti hafi náð 72°C í 15 sekúndur, sé það ekki staðfest í uppruna- eða heilbrigðisvottorði, sbr. a-lið, eða hafi hlotið sambærilega meðferð að mati yfirdýralæknis.
c. Mjólk og mjólkurafurðum fylgi sérstakt opinbert vottorð sem staðfestir að varan sé gerilsneydd eða unnin úr gerilsneyddri mjólk, sé það ekki staðfest í uppruna- og heilbrigðisvottorði, sbr. a-lið, eða hafi hlotið sambærilega meðferð að mati yfirdýralæknis.
d. Eggjum og eggjaafurðum fylgi sérstakt opinbert vottorð sem staðfestir að varan hafi verið hituð í 65°C í fimm mínútur, sé það ekki staðfest í uppruna- og heilbrigðisvottorði, sbr. a-lið, eða hafi hlotið sambærilega meðferð að mati yfirdýralæknis.
e. Opinbert vottorð sem staðfestir að afurðir séu unnar í afurða-/vinnslustöðvum, viðurkenndum af Evrópusambandinu, aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða bandarískum yfirvöldum, til útflutnings og/eða sölu innan þessara ríkjasambanda.

5. gr.

Innfluttum vörum sem flokkast undir vöruliði 0202, 0203, 0204, 0207, 0208 og 0210, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, og hafa ekki hlotið fullnægjandi hitameðferð, skulu fylgja þau vottorð sem hér greinir:

a. Opinbert uppruna- og heilbrigðisvottorð.
b. Opinbert vottorð sem staðfestir að dýrum, sem afurðirnar eru af, hafi ekki verið gefin vaxtarhvetjandi efni á eldistímanum.
c. Vottorð sem staðfestir að vörurnar hafi verið geymdar við a.m.k. –18°C í einn mánuð fyrir tollafgreiðslu.
d. Opinbert vottorð sem staðfestir að dýrunum, sem afurðirnar eru af, hafi verið slátrað í sláturhúsum og afurðirnar unnar í vinnslustöðvum, viðurkenndum af Evrópusambandinu, aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða bandarískum stjórnvöldum, til útflutnings og/eða sölu innan þessara ríkjasambanda.
e. Opinbert vottorð sem staðfestir að afurðirnar séu lausar við salmonellusýkla.
f. Slátur- og mjólkurafurðir og egg skulu uppfylla ákvæði gildandi reglugerðar um aðskotaefni í matvælum.
g. Varan skal merkt í samræmi við gildandi reglur um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.

IV. KAFLI
Innflutningsleyfi.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fenginni umsögn yfirdýralæknis, að leyfa innflutning á vörum, sem taldar eru upp í 3. gr. reglugerðarinnar, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gmgn þeim, ásamt síðari breytingum, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda sjúkdómum í dýrum og mönnum.

Þegar sótt er um innflutning á hrárri eða ósótthreinsaðri vöru skv. 1. mgr. í fyrsta sinn skal innflytjandi láta landbúnaðarráðuneytinu í té nauðsynlegar upplýsingar um vöruna til athugunar og samþykkis áður en varan er send frá útflutningslandi.

Innflytjandi hrárrar vöru skal alltaf sækja um leyfi til landbúnaðarráðherra og leggja fram, til umsagnar embættis yfirdýralæknis, aðflutningsskýrslu, upplýsingar um upprunaog framleiðsluland vörunnar, tegund vöru og framleiðanda auk tilskilinna vottorða skv. 5. gr.

Innflytjandi hitameðhöndlaðrar vöru skal alltaf leggja fram, til umsagnar embættis yfirdýralæknis, aðflutningskýrslu, uppruna- og heilbrigðisvottorð ásamt vottorði skv. e-lið 4. gr., auk annarra tilskilinna vottorða skv. b-, c-, og eða d-lið 4. gr.

7. gr.

Innflytjandi vöru skal sjá til þess að öll nauðsynleg vottorð fylgi vörunni við innflutning og ber hann allan kostnað sem kann að leiða af öflun vottorða og þeim sóttvarnarráðstöfunum sem uppfylla þarf vegna innflutningsins, þ.m.t. nauðsynlegri sýnatöku og rannsóknum sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar.

Ferðamenn sem koma með soðin matvæli, þar sem staðfest er á umbúðum, að varan hafi hlotið hitameðferð, eins og áskilið er í b- og c-lið 4. gr., þurfa ekki að framvísa sérstökum vottorðum.

8. gr.

Umsögn yfirdýralæknis varðandi ákvæði 3., 4., og 5. gr., sbr. 6. gr skal byggjast á áhættumati, sem m.a. tekur mið af listum OIE (Alþjóða heilbrigðismálastofnun dýra) varð-

andi A og B sjúkdóma og annarra alþjóðlegra staðla og leiðbeininga. Um framkvæmd þessarar greinar fer eftir ákvæðum samingsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

Stjórnendur skipa og flugvéla sem koma til landsins með matarleifar sem í eru sláturafurðir skulu sjá til þess að þær séu losaðar í sérstaka lekahelda sorpgáma og síðan eytt samkvæmt fyrirmælum yfirdýralæknis. Sláturafurðum sem fluttar eru inn án heimildar skal eytt á eldi eða á annan tryggilegan hátt.

Farmenn og ferðamenn sem koma til landsins skulu hlíta ákvæðum þessarar reglugerðar að því er varðar sláturafurðir sem eru í farangri þeirra og ætlaðar eru til eigin nota.

10. gr.

Landbúnaðarráðherra getur heimilað umflutning á vörum þeim sem taldar eru upp í 3. gr. þessarar reglugerðar enda sé varan flutt úr landi á ný. Skilyrði fyrir slíku leyfi er að varan sé flutt í vandlega lokuðum umbúðum, þar sem innihald er tilgreint og sendingunni fylgi uppruna- og heilbrigðisvottorð, sbr. a-liði 4. og 5. gr.

11. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í, lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993, með síðari breytingum, lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, með síðari breytingum, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Reglugerðin er tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/EBE um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi afurða dýra, sem fengið hafa vaxtaraukandi efni, nr. 479/1995 og breyting á henni með reglugerð nr. 784/2000. Einnig eru felldar úr gildi auglýsing um innflutning á blönduðu kjarnfóðri nr. 140/1982 og auglýsing um varúðarráðstafanir vegna innflutnings á rotmassa til svepparæktar nr. 117/1990, auglýsing um innflutning notaðra reiðtygja og reiðfatnaðar nr. 226/1990, auglýsing vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995 og breyting á henni nr. 262/1996 og auglýsing um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð nr. 324/1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. júní 2002.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 71 – 2002

12. júní 2002 1195 Nr. 417

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Orðið „ferskar“ í þessari reglugerð skilgreinist: Sláturafurðir sem ekki hafa verið frystar.

Sláturleyfishafi skal ekki taka eldishóp til slátrunar nema honum fylgi niðurstöður rannsókna eldissýna vegna salmonellu og hitaþolinna campylobactersýkla og honum fylgi sérstakt rekjanleikanúmer í samræmi við ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 904/2001 um breytingu á reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum með síðari breytingum.

Sláturleyfishöfum og framleiðendum er skylt að merkja á öruggan hátt allar afurðir alifugla sem pakkaðar eru í neytendaumbúðir með rekjanleikanúmeri eldishópsins. Afurðir sem fara úr sláturhúsi eða kjötvinnslu til frekari vinnslu eða matreiðslu skulu auðkenndar rekjanleikanúmeri eldishópsins með öruggum hætti. Ekki er skylt að merkja með rekjanleikanúmeri afurðir sem hlotið hafa hitameðhöndlun þar sem kjarnhiti hefur náð 72°C. Rekjanleikanúmer skal vera minnst átta tölustafir og skal auðkennt með skammstöfuninni, rlnr., á undan tölustöfunum og skulu bæði bókstafir og tölustafir vera greinilegir og í minnst 9 punkta letri. Bók- og tölustafir skulu vera annaðhvort dökkir á ljósum grunni eða ljósir á dökkum grunni.

Til pökkunar á afurðum má einungis nota hreinar, nýjar, lekaheldar umbúðir sem viðurkenndar eru til pökkunar matvæla sem hvorki spilla eða lýta vöruna, en verja afurðirnar óhreinindum og koma í veg fyrir hvers konar mengun við geymslu og dreifingu.

Afurðirnar skulu merktar í samræmi við reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla. Umbúðir allra alifuglaafurða skulu merktar samkvæmt viðauka I með reglugerð þessari. Ef fleiri einingum er pakkað saman í kassa eða öskjur, skal auðkenna umbúðir eftir því hvaða afurðir þær hafa að geyma.

Sláturafurðir alifugla sem boðnar eru til sölu, skulu vera af sláturfuglum þar sem staðfest hefur verið með sýnatöku, a.m.k. einu sinni á eldistímanum, að ekki hafi greinst salmonella í fuglunum. Finnist salmonella í sýnum sem tekin eru við slátrun, skal afurðunum fargað eða þær hitameðhöndlaðar, þannig að kjarnhiti nái 72 °C, áður en afurðunum er dreift.

Sláturafurðir alifugla sem boðnar eru ferskar til sölu skulu vera af sláturfuglum þar sem staðfest hefur verið með sýnatöku, a.m.k. einu sinni á eldistímanum, að ekki hafi greinst hitaþolnir campylobactersýklar. Ef hitaþolnir campylobactersýklar greinast á eldis-

Gutenberg

tímanum þá skulu sláturafurðir viðkomandi eldishóps allar frystar eða hitameðhöndlaðar, þannig að kjarnhiti nái 72°C, áður en afurðunum er dreift. Óheimilt er að dreifa sláturafurðum alifugla sem vitað er að eru mengaðir af hitaþolnum campylobactersýklum nema frystum eða hitameðhöndluðum. Landbúnaðarráðherra getur að fengnum tillögum yfirdýralæknis fyrirskipað strangara eftirlit en hér segir fyrir um, til að hindra eins og kostur er að campylobactermengaðar sláturafurðir fari ferskar á markað.

Heimilt er að pakka vel hreinsuðum innyflum, þ.e. lifur, hjarta, fóarni og hálsi í hreinan plastpoka og setja með heilum sláturafurðum. Slíkar afurðir skulu sérstaklega merktar: „Með innmat“.

Óheimilt er að bjóða til sölu afurðir alifugla sem eru án umbúða eða í ómerktum umbúðum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, ásamt síðari breytingum og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin tekur gildi þegar í stað og gildir til 25. júlí 2002. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 87/2000 og 434/2000 um breytingu á reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun. Reglugerð þessi hefur verið tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/EBE um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. júní 2002.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

VIÐAUKI I

Á umbúðir alifugla og afurða þeirra skal skrá leiðbeiningar um meðhöndlun og matreiðslu. Skal það gert með merki því sem fram kemur í þessum viðauka og skal merkið að lágmarki vera 3 x 5 cm að stærð. Yfirskrift á merki skal vera í 14 punkta letri og annar texti að lágmarki 9 punktar. Texti í merki skal vera skýr og auðlesinn og þannig að hann sé annað hvort dökkur á ljósum grunni eða ljóst letur á dökkum grunni. Merking skal vera sem hér segir:

Gerum rétt

- Blóðvökvi á ekki að komast í aðra matvöru eða áhöld
- Látið frosið fuglakjöt þiðna í um búðunum
- Gætið að hreinlæti
- Kjötið skal vel steikt eða soðið

13. maí 2002 1197 Nr. 418

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Ásland 2. áfangi“ vegna Erluáss 1, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 19. febrúar 2002 breytingu á deiliskipulagi „Ásland 2. áfangi“ vegna Erluáss 1, Hafnarfirði.

Farið var með tillöguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 13. maí 2002.

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

7. júní 2002 Nr. 419

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Ásbúð í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Ásbúð 78 í Garðabæ. Í breytingunni felst að byggingarreitur húss er stækkaður fyrir 25 m^2 viðbyggingu. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 7. júní 2002.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

3. júní 2002 Nr. 420

REGLUGERÐ

um breytingu á skipulagsreglugerð nr. 400/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Við grein 1.2. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerðar þessarar.

Gutenberg

2. gr.

Skilgreining á orðinu nýtingarhlutfall í grein 1.3 orðast svo:

Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga og byggingarhluta í lokunarflokkum A og B sbr. ÍST 50:1998 á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Lóðanýting segir til um hlutfallið milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð og flatarmáls lóðar. Reitanýting segir til um hlutfallið milli brúttóflatarmáls bygginga á landnotkunarreit eða götureit og flatarmáls reitsins.

3. gr.

8. mgr. grein 3.1.4. orðast svo:

Ef gert er ráð fyrir bílastæðum neðanjarðar í deiliskipulagi reiknast þau ekki með við útreikning nýtingarhlutfalls.

4. gr.

Við 2. mgr. greinar 7.2.3. bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Heimilt er skipulagsnefnd að stytta tímabil grenndarkynningar ef allir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á deiliskipulagsuppdrátt, áður en fjórar vikur eru liðnar, að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 3. júní 2002.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigrún Ágústsdóttir.

Nr. 421 4. júní 2002

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag tveggja spildna úr landi Lundar, milli Æsustaðarafleggjara og Helgadalsvegar í Mosfellsdal.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag fyrir tvær spildur úr landi Lundar, milli Æsustaðarafleggjara og Helgadalsvegar í Mosfellsdal, Mosfellsbæ, á fundum sínum þann 13. og 24. apríl 2002.

Skipulagið nær til tveggja spildna sunnan við Þingvallaveginn að Suðurá. Á spildunni næst Þingvallavegi gerir tillagan ráð fyrir að reist verði tvö einbýlishús á tveimur afmörkuðum lóðum. Á spildunni næst Suðurá verður heimilt að reisa eitt einbýlishús ásamt hesthúsi/fóður- og tækjageymslu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarhverfis í Flugumýri, lóð nr. 34.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 32 við Flugumýri, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 24. apríl 2002.

Breytingin felst í því að byggingarreitur lóðar nr. 34 færist til um 2,75 m til austurs og vesturs.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar, á fundi sínum þann 24. maí 2002.

Helstu breytingar eru:

Heimilt er að breyta landnotkun jarðhæða Þverholts 5-11 í íbúðir.

Breyting á húshæðum Þverholts 13 og 15. Á lóð nr. 13 má reisa fimm hæða hús ásamt niðurgröfnum kjallara. Á lóð nr. 15 má reisa fjögurra hæða hús og turnhæð. Íbúðum í Þverholti 13 og 15 fjölgar um 9.

Breyting á lóðarmörkum Þverholts 13 og 15 vegna bílastæða.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess fellur úr gildi eldra deiliskipulag.

F.h. Bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 4. júní 2002.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

4. júní 2002 Nr. 422

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

Dalbrautarreitur, deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. apríl 2002, deiliskipulag fyrir Dalbrautarreit. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Lóð KHÍ, Stakkahlíð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 10. apríl 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Kennaraháskóla Íslands og Sjómannaskóla Íslands þar sem afmörkuð var lóð fyrir dreifistöð Orkuveitunnar. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 4. júní 2002.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 294/1997, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til aðila búsettra erlendis, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 4. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. kemur nýr málsl. svohljóðandi: Seljandi skal festa greiðslukvittun sjóðsvélar við frumrit ávísunarinnar.

b. Við greinina bætist svohljóðandi málsgrein: Ríkisskattstjóri staðfestir form endurgreiðsluávísana.

2. gr.

Orðin: „í innsigluðum umbúðum“ í 1. málsl. 2. og 3. mgr. 5. gr. falla brott.

3. gr.

Tafla í lið C í fylgiskjali orðist svo:

Sölufjárhæðir í viðkomandi þrepi	Endurgreiðsla á 14% virðisaukaskatti	Endurgreiðsla á 24,5% virðisaukaskatti
1.001-2.000	150	250
2.001-3.000	200	350
3.001-4.000	250	450

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 7. júní 2002.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Páll Jóhannesson.

Nr. 424 5. júní 2002

AUGLÝSING

deiliskipulags fyrir Brúnir II, Fellahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Fellahrepps þann 13. mars 2002 samþykkt deiliskipulag fyrir Brúnir II í Fellahreppi.

Deiliskipulagið tekur til íbúðarsvæðis vestan við Brekkubrún og norðan Einhleypings.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fellahreppi, 5. júní 2002.

F.h. sveitarstjórnar Fellahrepps,

Jens P. Jensen sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á byggingarreglugerð nr. 441/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Gr. 2.5 orðist svo:

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerðarinnar.

2. gr.

Skilgreining á orðinu nýtingarhlutfall í grein 4.27. orðast svo:

Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga og byggingahluta í lokunarflokkum A og B, sbr. ÍST 50:1998 á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits.

3. gr.

Við gr. 12.5 bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Heimilt er skipulagsnefnd að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á deiliskipulagsuppdrátt að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi, áður en fjórar vikur eru liðnar.

4. gr.

Í stað orðsins „byggingarnefnd“ í grein 14.2, kemur „sveitarstjórn“.

5. gr.

1. ml. gr. 26.1 orðist svo:

Hönnuður, einstaklingur eða fyrirtæki þar sem löggiltur hönnuður starfar sem leggur uppdrætti fyrir byggingarnefnd eða byggingarfulltrúa skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í starfi hönnuðar.

6. gr.

Gr. 27 orðist svo:

27.1 Sveitarstjórnum er heimilt að innheimta gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirkjum, sbr. gr. 11. Jafnframt er þeim heimilt að innheimta gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

27.2 Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té og skulu vera í samræmi við gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Lokamálsliður greinar 28.1 orðist svo:

Sveitarstjórn getur sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu sem sveitarfélagið birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Í stað b) liðar í grein 31.1 komi tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:

b) Arkitektar, byggingarverkfræðingar, byggingartæknifræðingar, byggingarfræðingar og aðrir verkfræðingar og tæknifræðingar með hliðstæða menntun á byggingarsviði.

c) Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfar aðili sem uppfyllir skilyrði a) eða b) liðar, enda annist hann störf byggingarstjóra.

9. gr.

2. mgr. greinar 120.2 orðist svo:

Á meðan ekki eru til samhæfðir staðlar og/eða tæknisamþykki til þess að ákvæði 1. mgr. verði virk skulu byggingarvörur á markaði hafa vottun eða umsögn um að þær uppfylli kröfur byggingarreglugerðar, standist staðla og falli að verklagi og sérístenskum aðstæðum. Hliðsjón skal höfð af kröfum sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins varðandi hlutverk framleiðanda og tilnefnds aðila við staðfestingu á samræmi við kröfur. Ef ekki liggja fyrir samþykktir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins varðandi einstaka vöruflokka skal höfð hliðsjón af ákvörðunum um hliðstæðar vörur. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Brunamálastofnun eða aðrir þar til bærir aðilar sem umhverfisráðuneytið viðurkennir skulu gegna samsvarandi hlutverki og tilnefndur aðili vegna ákvæða þessarar greinar. Þessir aðilar annast staðfestingu á samræmi og gefa út vottorð eða umsögn þar að lútandi.

10. gr.

Grein 126.2 gr. orðast svo:

Um hönnun og útreikninga á burðarvirkjum gilda íslenskir þolhönnunarstaðlar. Annars vegar er heimilt að nota staðla sem byggja á dönsku þolhönnunarstöðlunum með íslenskum sérákvæðum og hins vegar evrópsku forstaðlana um þolhönnun ásamt íslenskum þjóðarskjölum en þá aðeins þegar þau hafa verið gefin út. Einungis má nota annað staðlasettið við hönnun hvers mannvirkis.

11. gr.

Gr. 129.1 orðast svo:

Um timbur og festingar sem nota á í burðarvirki gilda íslenskir þolhönnunarstaðlar, sbr. gr. 126.2. Jafnframt gilda INSTA 142 „Norrænar reglur um styrkleikaflokkun timburs“ og NTR skjal nr. 1:1998 „Norrænir gagnavarnarflokkar“ (NTR Dokument nr. 1:1998 Nordiske træbeskyttelsesklasser).

12. gr.

Grein 130.1 orðast svo:

Um stál, stálvirki, ál og álvirki gilda íslenskir þolhönnunarstaðlar, sbr. gr. 126.2.

13. gr.

Grein 131.1 orðast svo:

Um sement, steinsteypu og steinsteypuvirki gilda íslenskir þolhönnunarstaðlar, sbr. gr. 126.2. Jafnframt gilda staðlarnir ÍST EN 197-1, ÍST EN 206 og ákvæði um niðurlögn steypu í staðlinum ÍST 10:1971 um niðurlögn steinsteypu.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi nema greinar 10 – 13 sem öðlast gildi 1. júlí.

Umhverfisráðuneytinu, 3. júní 2002.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigrún Ágústsdóttir.

AUGLÝSING

um kröfur til viðhaldsvotta, JAR-66.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt 73. gr. samanber 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum, að kröfur þær sem gerðar eru til viðhaldsvotta sem ábyrgð bera á útgáfu viðhaldvottorða fyrir flugvélar og þyrlur með 5.700 kg hámarksflugtaksmassa og þar yfir skulu vera í samræmi við sameiginlegar kröfur JAA-ríkjanna, JAR-66 sem gefnar voru út 3. apríl 1998.

Kröfur JAA-ríkjanna í íslenskri þýðingu eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Með brot á umræddum kröfum skal farið að hætti opinberra mála og varða þau refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 4. júní 2002.

Sturla Böðvarsson.

Kristín Helga Markúsdóttir.

Fylgiskjal.

JAR-66
Viðhaldsvottar

Fylgiskjal þetta hefur að geyma JAR-66 útgefið af JAA þann 3. apríl 1998. JAR-66 er gefinn út af JAA í tveimur þáttum. 1. þáttur (Section 1) hefur að geyma þær reglur sem hér eru birtar. 2. þáttur (Section 2) hefur að geyma viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja skilyrðum 1. þáttar (iðulega nefnt „Acceptable Means of Compliance, AMC“) ásamt leiðbeinandi skýringarefni („Interpretative/Explanatory Material, IEM“). Víða í texta 1. þáttar er vísað til þessa skýringarefnis, en annan þátt JAR-66 er hægt að panta á skrifstofu flugöryggissviðs Flugmálastjórnar Íslands.

JAR 66.1 – Almenn ákvæði.

a) Í JAR-145 er þess krafist að viðhaldsvottar með viðeigandi heimild gefi út viðhaldsvottorð fyrir hönd samþykktrar JAR-145 viðhaldsstöðvar þegar gengið hefur verið úr skugga um að öllu tilskildu viðhaldi sé lokið.
b) Ef ekki kemur annað fram í c-, d-, e- og f-liðum skulu viðhaldsvottar, sem bera ábyrgð á útgáfu viðhaldsvottorða, uppfylla viðeigandi kröfur JAR-66 um hæfi.
c) JAR-66 takmarkast við viðhaldsvotta sem bera ábyrgð á útgáfu viðhaldsvottorða fyrir flugvélar og þyrlur með 5.700 kg hámarksflugtaksmassa og þar yfir.
Aths.: Um beitingu JAR-66 hvað varðar flugvélar og þyrlur með hámarksflugtaksmassa undir 5.700 kg, loftskip og íhluti loftfara verður fjallað síðar. Til íhluta loftfara teljast hreyflar, aukaaflstöðvar og loftskrúfur.
d) Starfsmenn sem hafa heimild til að neyta vottunarréttinda í samræmi við gildandi innlendar reglugerðir um flug fyrir gildistökudag JAR-66 mega neyta þeirra réttinda áfram.
e) Starfsmenn, sem eru í samþykktri grunn- eða tegundarþjálfun í samræmi við gildandi

innlendar reglugerðir um flug þegar b-liður JAR-66.3 öðlast gildi teljast áfram hæfir í samræmi við þær reglugerðir. Hæfið, sem fæst við slíka þjálfun, er viðurkennt til vottunarréttinda í samræmi við d-lið JAR-66.1.
f) Viðhaldsvottar með hæfi skv. d- eða e-lið, mega áfram neyta heimildarinnar nema öðrum grunnflokkum eða undirflokkum hæfis sé bætt við þá heimild þegar viðeigandi viðbótarkröfur JAR-66 gilda um slíka víkkun heimildar. Víkka má heimild viðhaldsvotta með hæfi í samræmi við d- eða e-lið þannig að hún nái til fleiri tegunda loftfara, með fyrirvara um samræmi við innlendar reglugerðir um flug sem í gildi voru fyrir gildistökudag JAR-66.
g) Þrátt fyrir d-, e- og f-lið mega starfsmennn áfram neyta réttinda sinna og skulu þeir fá útgefið JAR-66 skírteini flugvéltæknis á grundvelli innlends hæfis án frekari prófa en innan tímamarka d-liðar JAR-66.3. Í JAR-66 skírteini flugvéltæknis geta verið tæknilegar takmarkanir, sem tengjast JAR-66, hafi viðkomandi ekki viðunandi hæfi en það breytir ekki gildandi vottunarréttindum. Tæknilegar takmarkanir verða felldar niður, eftir því sem við á, eftir að viðkomandi hefur staðist próf vegna skírteinaskipta.

JAR 66.3 – Gildistaka.

a) JAR-66 reglur voru fyrst gefnar út 3. apríl 1998 og öðluðust gildi 1. janúar 1999 samkvæmt ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/1998.
b) Eftir 1. júní 2001 skulu allir, sem krafist er að hafi samþykki í samræmi við b- eða f-lið JAR-66.1, uppfylla kröfur JAR-66.
c) Flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA er heimilt að gefa út JAR-66 skírteini flugvéltæknis á aðlögunartímabilinu skv. b-lið.
d) Allir sem þurfa að fá innlendu hæfi sínu skipt yfir í JAR-66 skírteini flugvéltæknis samkvæmt ákvæðum g-liðar JAR-66.1 skulu gera það eigi síðar en 10 árum eftir að aðlögunartímabilinu skv. b-lið lýkur.

JAR 66.5 – Skilgreiningar.

Þegar orð eða orðasambönd eru notuð í kröfum þessum hafa þau þá merkingu sem hér greinir:
Skírteini flugvéltæknis (Aircraft maintenance licence) merkir skjal sem gefið er út sem sönnun á hæfi og til staðfestingar því að sá sem í hlut á standist kröfur JAR-66 um þekkingu og reynslu er varðar grunnflokk loftfara og tegundaráritun sem tilgreint er í skjalinu.
Aths.: Skírteini flugvéltæknis eitt sér leyfir ekki að handhafi þess gefi út viðhaldsvottorð vegna loftfara sem notuð eru í flutningaflugi. Til að gefa út viðhaldsvottorð fyrir slík loftför verður handhafinn að auki að hafa JAR-145 vottunarheimild sem samþykkta JAR-145 viðhaldsstöðin hefur gefið út.
Vottun (Certification) merkir útgáfa viðhaldsvottorðs.
Flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA (JAA full member Authority) merkir flugmálayfirvöld sem eiga fulla aðild að JAA, en það þýðir að samþykkisvottorð eða skírteini, sem slík yfirvöld gefa út í samræmi við JAR-reglurnar, eru viðurkennd af öllum slíkum yfirvöldum.
Aths.: Ríkin, sem eiga fulla aðild að JAA, eru talin upp í 3. viðbæti í 2. þætti JAR-66. Sjá einnig 10. tölul. inngangsorðanna.
Verklagsreglur viðhaldsstöðvar (Organization Procedures) merkir verklagsreglur sem samþykkta JAR-145 viðhaldsstöðin notar í samræmi við starfsemislýsingu viðhaldsstöðvarinnar innan gildissviðs samþykkisins.

JAR 66.10 – Gildissvið.

a) Í JAR-66 reglunum er kveðið á um kröfur sem gerðar eru um hæfi þeirra starfsmanna sem hafa heimild frá samþykktri JAR-145 viðhaldsstöð til að gefa út viðhaldsvottorð í samræmi við JAR-145.50. Er þess krafist að slíkur starfsmaður hafi gilt JAR-66 skírteini flugvéltæknis með tegundaráritun til vitnis um þekkingu hans og reynslu svo og gilda JAR-145 vottunarheimild sem veitir honum vottunarréttindi.
b) Til þess að fá JAR-66 skírteini flugvéltæknis þarf að uppfylla kröfur JAR-66.15, JAR-66.25 og JAR-66.30 að því er varðar viðeigandi grunnflokk eða -flokka JAR-66.20. JAR-66 skírteini flugvéltæknis er áritað með viðkomandi JAR-66.20 grunnflokki eða -flokkum og, eftir atvikum, tegundaráritunum veittum samkvæmt JAR-66.45.
Aths.: Gefa má út JAR-66 skírteini flugvéltæknis án tegundaráritunar en hafa ber í huga að tegundaráritun er eitt af frumskilyrðunum fyrir útgáfu JAR-145 vottunarheimildar.
c) Til að öðlast JAR-145 vottunarheimild er þess krafist að kröfur b-liðar JAR-66.40, JAR-66.45, JAR-66.50 og JAR-66.55 séu uppfylltar.
Aths.: Í JAR-145 eru viðbótarkröfur um hæfi sem þarf að uppfylla til að öðlast JAR-145 vottunarheimild.

JAR 66.13 – Beiting og útgáfa.

a) Umsókn um skírteini flugvéltæknis skv. b-lið JAR-66.10 eða um breytingu á slíku skírteini ber að fylla út á þar til gerðum eyðublöðum og á þann hátt sem flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA mæla fyrir um og leggja inn hjá þeim yfirvöldum.
Aths.: Í 2. viðbæti 2. þáttar eru dæmi um umsóknareyðblöð.
b) Umsækjandi sem uppfyllir viðeigandi kröfur b-liðar JAR-66.10 og hefur greitt öll gjöld, sem flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA mæla fyrir um, á rétt á JAR-66 skírteini flugvéltæknis.
c) JAR-66 skírteini flugvéltæknis er gefið út af flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA en fela má samþykktum JAR-145 viðhaldsstöðvum að undirbúa útgáfu leyfisins.
Aths.: JAR-145 vottunarheimild er gefin út af samþykktri JAR-145 viðhaldsstöð eftir að samræmi við viðeigandi liði JAR-66 og JAR-145 hefur verið staðfest.

JAR 66.15 Lágmarksskilyrði.
(Sjá IEM 66.15)

a) Viðhaldsvottar skulu vera minnst tuttugu og eins árs að aldri.
b) Viðhaldsvottar skulu geta lesið, skrifað og tjáð sig svo vel sé á því tungumáli eða tungumálum sem tækniskjöl og verklagsreglur viðhaldsstöðvarinnar eru skrifaðar á svo sem nauðsynlegt er til að annast útgáfu viðhaldsvottorða.

JAR 66.20 – Flokkar og vottunarréttindi.
(Sjá AMC 66.20)

a) Vottun er gerð í samræmi við verklagsreglur samþykktrar JAR-145 viðhaldsstöðvar og innan gildissviðs heimildarinnar.
b) Viðhaldsvottar, sem eru hæfir skv. JAR-66 og handhafar gilds skírteinis flugvéltæknis, með viðeigandi tegundarréttindi ef við á, eru gjaldgengir sem handhafar JAR-145 vottunarheimildar í einum eða fleiri af eftirfarandi flokkum:

1) Vottunarheimild viðhaldsvotta í A-flokki veitir handhafa leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð að loknu minni háttar reglubundnu leiðarviðhaldi og einfaldri lagfæringu á bilun, eins og tilgreint er í JAR-145, innan marka þess verksviðs sem áritað er í heimildinni. Vottunarréttindi eru bundin við þau verk sem handhafi heimildarinnar hefur sjálfur innt af hendi. A-flokkur skiptist í undirflokka flugvéla, þyrlna, hverfihreyfla og strokkhreyfla.
Aths.: Vottunarheimild viðhaldsvotta í flokki B1 veitir sjálfkrafa leyfi til vottunar í viðeigandi undirflokkum A. Viðhaldsvottar í flokki B2 geta talist hæfir í öllum undirflokkum A og sömuleiðis allir flugvélarafeindavirkjar svo fremi þeir fullnægi kröfum í viðeigandi undirflokki A.
2) Vottunarheimild viðhaldsvotta í flokki B1 veitir handhafa leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð að loknu leiðarviðhaldi, þ.m.t. á burðarvirki loftfars, hreyflum og vélvirkum kerfum og rafkerfum. Skipti á rafeindatækjum, sem hægt er að skipta um í leiðarviðhaldi og kalla á einfaldar prófanir til að kanna nothæfi þeirra, fylgir einnig þessum réttindum. B1-flokkur skiptist í undirflokka flugvéla, þyrlna, hverfihreyfla og strokkhreyfla.
3) Vottunarheimild viðhaldsvotta í flokki B2 veitir handhafa leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð að loknu leiðarviðhaldi á rafeindabúnaði og rafkerfum.
4) Vottunarheimild viðhaldsvotta í C-flokki veitir handhafa leyfi til að gefa út viðhaldsvottorð að loknu aðalviðhaldi. Heimildin gildir fyrir loftfarið í heild, þ.m.t. öll kerfi.
Aths.: Í JAR-145 er tilgreint hvaða starfsmenn skuli vera viðhaldsvottum í C-flokki til aðstoðar við aðalviðhald, einkum og sér í lagi eru tilgreindar kröfur um hæfi sem starfsmenn í flokkum B1 og B2 þurfa að uppfylla.

JAR 66.25 – Kröfur um grunnþekkingu.
(Sjá AMC 66.25 og IEM 66.25)

a) Viðhaldsvottar skulu sýna þekkingu sína í prófi, sem flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA geta fallist á, á efnissviðum sem svara til JAR-66.20 flokksins sem JAR-66 skírteini flugvéltæknis er gefið út eða framlengt fyrir.
b) Þekkingarstigin eru í beinu samhengi við það hve flókin vottunin í hverjum tilteknum JAR-66 flokki er, en það merkir að viðhaldsvottar í A-flokki þurfa að hafa til að bera viðunandi þekkingu á takmörkuðu sviði, en viðhaldsvottar í flokki B1 og B2 þurfa að geta sýnt fram á að þeir hafi fulla þekkingu á viðeigandi efnissviðum. Viðhaldsvottar í C-flokki þurfa að uppfylla sömu kröfur um þekkingu og í flokkum B1 eða B2.
Aths.: Í 1. viðbæti 2. þáttar JAR-66 eru nákvæmar upplýsingar um hvaða kröfur eru gerðar um þekkingu viðhaldsvotta í A-flokki og í flokkum B1 og B2.
c) Viðurkennt verður að grunnþekking, og próf sem henni tengist, sé að fullu eða að hluta í samræmi við annað tæknilegt hæfi sem flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA telja jafngilt JAR-66 stöðlum um þekkingu.

JAR 66.30 – Kröfur um reynslu.
(Sjá AMC 66.30)

a) Viðhaldsvottur skal uppfylla lágmarkskröfur um reynslu af viðhaldsvinnu við almenn loftför þegar sótt er um JAR-66 skírteini flugvéltæknis, en flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA mega slaka á þeim kröfum hafi þau gengið úr skugga um að viðhaldsvotturinn hafi annaðhvort fengið samþykkta JAR-147 þjálfun eða aðra viðeigandi tækniþjálfun. Fyrir þá sem eru í A-flokki og flokki B1 eða B2 verður reynslan að vera hagnýt, sem merk-

ir að þeir verða að hafa unnið við það sem teljast má dæmigerður þverskurður af viðhaldsverkefnum við loftför.
b) Lágmarkskrafa um starfsreynslu við viðhald á almennum loftförum áður en tilslakanir skv. a-lið koma til greina er þrjú ár fyrir A-flokk og fimm ár fyrir flokka B1 og B2.
c) Viðhaldsvottur í C-flokki skal að lágmarki hafa þriggja ára starfsreynslu í viðhaldi almenningsloftfara með hæfi í flokki B1 eða B2 við leiðarviðhald eða sem aðstoðarmaður viðhaldsvotta í C-flokki við aðalviðhald, eða sambland af hvoru tveggja. Auk þess skulu viðhaldsvottar í C-flokki með hæfi sem handhafar prófgráðu í tæknigrein frá háskóla eða annarri kennslustofnun á háskólastigi, sem samþykkt er af flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA, hafa að lágmarki þriggja ára reynslu af viðhaldi almenningsloftfara og dæmigerðu úrvali verkefna sem tengjast beint viðhaldi loftfara, þ.m.t. því að fylgjast með verkefnum við aðalviðhald um sex mánaða skeið.
d) Af tilskilinni reynslu þarf að vera að minnsta kosti eitt ár sem nýleg reynsla af viðhaldi loftfars sem telst dæmigert fyrir flokkinn eða undirflokkinn sem sótt er um JAR-66 skírteini flugvéltæknis fyrir. Þetta á við um alla viðhaldsvotta.
e) Flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA munu viðurkenna reynslu af viðhaldi loftfara sem fengin er utan þess umhverfis sem telst til viðhalds almennra loftfara þegar þau hafa gengið úr skugga um að slíkt viðhald sé sambærilegt því sem krafist er í JAR-66, en krafist verður viðbótarreynslu af viðhaldi almenningsloftfara til að tryggja skilning á því umhverfi sem viðhald almennra loftfara fer fram í.

JAR 66.40 – Áframhaldandi gildi skírteinis flugvéltæknis.
(Sjá AMC og IEM 66.40)

Handhafi JAR-66 skírteinis flugvéltæknis skal sjá til þess að upplýsingarnar í skírteininu séu þær sömu og skráðar eru í afrit skírteinisins, sem er í vörslu hjá þeim flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA sem upphaflega gáfu skírteinið út, með því að leggja inn áðurnefnt skírteini til endurskoðunar hjá þeim flugmálayfirvöldum eigi síðar en fimm árum eftir síðustu útgáfu eða breytingu á skírteininu, eftir því sem við á. Sé það ekki gert telst JAR-145 vottunarheimild, sem gefin er út á grundvelli slíks JAR-66 skírteinis flugvéltæknis, ógild og kann að verða krafist nýrrar viðhaldsreynslu og/eða endurupptöku sumra prófanna áður en skírteinið fæst endurútgefið. Flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA taka ákvörðun í hverju máli fyrir sig.

JAR 66.45 – Tegundar- eða verkefnaþjálfun og áritanir.
(Sjá AMC og IEM 66.45)

a) Áður en viðhaldsvottar í A-flokki fá JAR-145 vottunarheimild fyrir tiltekna tegund loftfars skulu þeir vera handhafar viðeigandi JAR-66 skírteinis flugvéltæknis. JAR-145 vottunarheimildir eru aðeins veittar að lokinni verkþjálfun í viðhaldi í A-flokki á viðkomandi loftfari með fullnægjandi árangri sem fer fram í viðeigandi samþykktri JAR-145 viðhaldsstöð eða JAR-147 þjálfunarstöð.
b) Áður en viðhaldsvottar í flokki B1 og B2 fá JAR-145 vottunarheimild fyrir tiltekna tegund loftfars skulu þeir vera handhafar JAR-66 skírteinis flugvéltæknis með viðeigandi tegundaráritun. Áritanir eru veittar að lokinni tegundarþjálfun með fullnægjandi árangri í flokki B1 eða B2 fyrir viðhald viðkomandi loftfars sem samþykkt er af flugmálayfivöldum með fulla aðild að JAA eða viðeigandi samþykktri JAR-147 þjálfunarstöð.
c) Áður en viðhaldsvottar í C-flokki fá JAR-145 vottunarheimild fyrir tiltekna tegund loftfars skulu þeir vera handhafar JAR-66 skírteinis flugvéltæknis með viðeigandi tegundar-

áritun. Áritanir eru veittar að lokinni tegundarþjálfun með fullnægjandi árangri í C-flokki fyrir viðhald viðkomandi loftfars sem samþykkt er af flugmálayfivöldum með fulla aðild að JAA eða viðeigandi samþykktri JAR-147 þjálfunarstöð, nema um sé að ræða viðhaldsvott í C-flokki, með hæfi sem handhafi prófgráðu frá háskóla eins og tilgreint er í c-lið JAR-66.30, þar sem fyrsta tegundarþjálfun á loftfar verður að vera á sama stigi og í flokkum B1 eða B2.

d) Samþykktri verkefna- eða tegundarþjálfun, eins og krafist er í a- til c-lið hér að framan, skal ljúka með prófi með fullnægjandi árangri.

JAR 66.50 – Líkamlegt ástand.
(Sjá AMC 66.50)

Viðhaldsvottur skal ekki neyta þeirra réttinda sem vottunarheimild hans veitir ef hann veit eða hefur grun um að líkamlegt ástand hans gerir hann ófæran um að neyta slíkra réttinda.

JAR 66.55 – Sönnun á hæfi.
(Sjá IEM 66.55)

Viðhaldsvottar sem uppfylla kröfur JAR-66 um hæfi fá útgefið JAR-66 skírteini flugvéltæknis hjá flugmálayfivöldum með fulla aðild að JAA og er það sönnun þess að einni af þeim kröfum um hæfi sem gerðar eru fyrir útgáfu JAR-145 vottunarheimildar hafi verið fullnægt. Viðhaldsvottur verður að geta framvísað skírteini sínu innan sanngjarns frests ef til þess bær maður fer fram á það.

JAR 66.60 - Sambærilegt öryggi.
(Sjá AMC 66.60)

Flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA geta veitt hverjum þeim, sem krafist er að sé hæfur skv. JAR-66, undanþágu frá hvaða ákvæði JAR-66 sem er hafi þau gengið úr skugga um að fyrir hendi séu aðstæður sem ekki er gert ráð fyrir í JAR-66 og með fyrirvara um að farið sé að öllum viðbótarskilyrðum sem áðurnefnd yfirvöld telja nauðsynlegt að setja til að tryggja sambærilegt öryggi. Undantekningin og viðbótarskilyrðin þurfa að vera samþykkt af flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA til að tryggja að hlutaðeigandi sé áfram viðurkenndur.

JAR 66.65 – JAR-66 skírteini flugvéltæknis afturkallað, fellt úr gildi tímabundið eða takmarkað.
(Sjá IEM 66.65)

a) Flugmálayfirvöldum með fulla aðild að JAA er heimilt, að lokinni tilhlýðilegri athugun og á eðlilegum forsendum, að afturkalla, fella tímabundið úr gildi eða takmarka JAR-66 skírteini flugvéltæknis eða gefa fyrirmæli til samþykktrar JAR-145 viðhaldsstöðvar um að afturkalla, fella tímabundið úr gildi eða takmarka JAR-145 vottunarheimild ef þau eru ekki fullviss um að handhafi skírteinisins og heimildarinnar sé hæfur til að vera handhafi skírteinisins og heimildarinnar, með fyrirvara um skilyrði 1. eða 2. tölul. a-liðar, eftir því sem við á.

1) Áður en flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA afturkalla eða takmarka JAR-66 skírteini flugvéltæknis, eða gefa fyrirmæli um það til samþykktu JAR-145 viðhaldsstöðvarinnar, skulu þau tilkynna þeim sem hlut á að máli skriflega með minnst 28 daga

fyrirvara um þessa fyrirætlan sína og ástæður tillagna að þessu lútandi og gefa honum tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri og skulu flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA taka þær athugasemdir til umfjöllunar.

2) Hafi flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA ákvarðað að tvísýnt sé um örugga starfrækslu loftfarsins geta þau, til viðbótar ákvæðum 1. tölul. a-liðar, fyrirvaralaust afturkallað JAR-66 skírteini flugvéltæknis til bráðabirgða þar til málsmeðferð 1. tölul. a-liðar er lokið.

b) Telji flugmálayfirvöld með fulla aðild að JAA mann vera óhæfan í starfi merkir það að ótvíræðar sannanir séu fyrir því að hann hafi vitandi vits framkvæmt eða tekið þátt í einhverju af því sem hér fer á eftir:

1) fengið JAR-66 skírteini flugvéltæknis og/eða JAR-145 vottunarheimild með því að leggja fram fölsuð gögn;

2) vanrækt að framkvæma það viðhald sem óskað var eftir ásamt því að tilkynna það ekki til stöðvarinnar sem óskaði eftir viðhaldsvinnunni;

3) vanrækt að framkvæma það viðhald sem hann hefði átt að gera að lokinni eigin skoðun ásamt því að að tilkynna það ekki til stöðvarinnar sem hann átti að vinna viðhaldið fyrir;

4) sýnt kæruleysi við viðhaldsstörf;

5) falsað viðhaldsskrár;

6) gefið út viðhaldsvottorð vitandi að viðhaldið, sem tilgreint var á viðhaldsvottorðinu, hafi ekki verið framkvæmt eða án þess að ganga úr skugga um að það hafi verið framkvæmt;

7) unnið viðhaldsvinnu eða gefið út viðhaldsvottorð undir áhrifum áfengis eða lyfja.

7. júní 2002 Nr. 427

REGLUGERÐ

um merkingar búfjár.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja rekjanleika búfjárafurða frá upprunahjörð og/eða fæðingu viðkomandi dýrs til sölu afurða og skapa með því grundvöll að markvissu matvæla- og búfjáreftirliti, skráningu búfjársjúkdóma og meðhöndlun þeirra.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirtalin orð merkingu sem hér segir:

1. *Búfé:* Hross, nautgripir, svín og alifuglar.
2. *Eftirlitsaðili:* Héraðsdýralæknir eða hver annar sem hefur með höndum eftirlit með framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar.
3. *Einstaklingsnúmer:* Einkvæmt númer/bókstafir fyrir hvern ásetningsgrip á landsvísu.
4. *Framleiðandanúmer:* Tveggja stafa númer svínahjarðar, ákveðið af landbúnaðarráðuneyti í samvinnu við Svínaræktarfélag Íslands.
5. *Gripanúmer:* Númer grips innan hjarðar sem jafnframt er síðasti hluti einstaklingsnúmers.

6. *Gylta:* Gylta sem hefur gotið.
7. *Heilsukort:* Safn upplýsinga með gögnum um meðhöndlun sjúkdóma og fyrirbyggjandi aðgerðir.
8. *Hjarðbók:* Gagnagrunnur eða skýrsluhaldsform sem umráðamanni búfjár, að alifuglum undanskildum, er skylt að skrá í tilgreindar upplýsingar um dýr í hans umsjón.
9. *Hjörð:* Hópur tiltekinnar búfjártegundar frá sama býli.
10. *Hópnúmer:* Átta stafa númer hóps í alifuglabúi.
11. *Landmarkaskrá:* Sbr. reglugerð nr. 200/1998 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.
12. *Líf-/ásetningsdýr:* Dýr sem sett eru á til undaneldis og/eða nytja.
13. *Merki:* Plötumerki, frostmerki, örmerki, húðflúr og skráning sem yfirdýralæknir viðurkennir fyrir einstakar búfjártegundir.
14. *Skráningaraðili:* Aðili sem annast skráningu upplýsinga í umboði landbúnaðarráðuneytisins, samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.
15. *Spenagrís:* Grís sem er hjá gyltu.
16. *Stofn:* Sérstök ræktunarlína innan sömu búfjártegundar.
17. *Tölvuskráningarkerfi:* Skráningarkerfi sem yfirdýralæknir hefur yfirumsjón með.
18. *Valnúmer:* Númer sem umráðamaður búfjár velur.
19. *Unggylta:* Gylta sem hefur fest fang í fyrsta sinn en ekki gotið.
20. *Umráðamaður búfjár:* Eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði og vörslu þess í samræmi við lög nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.
21. *Slátrun:* Varðar bæði slátrun í sláturhúsi og heimaslátrun til eigin nota á lögbýli.

3. gr.

Skráningarskylda.

Allir umráðamenn búfjár skulu vera skráðir í tölvuskráningarkerfi fyrir merkingar búfjár, sbr. ákvæði 4. og 13. gr.

4. gr.

Merkingarskylda.

Umráðamaður búfjár ber ábyrgð á að allt búfé sem alið er á hans vegum sé merkt innan tilskilins tíma frá fæðingu með viðurkenndu merki, sem fylgir dýrinu alla ævi þess, sbr. ákvæðin fyrir einstakar búfjártegundir. Ákvæði þessi gilda ekki um merkingar sauðfjár og geitfjár.

Óheimilt er að breyta eða fjarlægja einstaklingsnúmer/merki dýrs eða eldishóps, nema það sé orðið ólæsilegt eða skemmt. Missi dýr merki eða það sé orðið ólæsilegt, skal endurmerkja dýrið með merki í sama lit og með sama auðkennisnúmeri. Glatist merki dýrs skal það merkt á ný. Nýja merkið skal vera forprentað með upplýsingunum skv. 1.-2. lið 6. gr. og með bókstafnum N aftan við bæjar- eða eigandanúmer, sem sýnir að um nýtt merki sé að ræða. Ef dýr ferst eða týnist skal það tilkynnt skráningaraðila.

5. gr.

Kröfur um gerð plötumerkja fyrir ásetningsdýr.

Plötumerki skulu þannig gerð að ekki sé unnt að nota þau aftur eftir að þau hafa verið fjarlægð. Upplýsingar á merkjum skal prenta fyrirfram með skýru letri sem ekki er hægt að breyta. Plötumerki til notkunar samkvæmt reglugerð þessari skulu viðurkennd af yfirdýralækni.

6. gr.

Kröfur um upplýsingar á plötumerkjum ásetningsdýra.

Grunnlitir merkja fyrir svín: Litaskipt eftir stofni skv. reglum sem landbúnaðarráðuneytið setur.

Eftirfarandi upplýsingar skal forprenta á merkin:

1) Fyrir nautgripi:
   a) Landnúmer
   b) Ártal.
   c) Gripanúmer
2) Fyrir svín:
   a) Framleiðandanúmer.
   b) Gripanúmer.

Ekki er krafist einstaklingsmerkis á grísi og alifugla. Hafi grís fengið lyfjameðhöndlun skal viðkomandi grís auðkenndur við upphaf lyfjagjafar og skulu þær upplýsingar aðgengilegar eftirlitsaðila.

Heimilt er að nota eigin valnúmerakerfi til viðbótar forprentuðum upplýsingum.

Óheimilt er að nota númer sem þegar eru í notkun innan hjarðarinnar. Líða skulu 10 ár milli notkunar á sama einstaklingsnúmeri innan hjarðar.

7. gr.

Hjarðbók.

Umráðamaður búfjár er ábyrgur fyrir færslu upplýsinga um öll dýr hjarðarinnar, annaðhvort í gagnagrunn eða í skýrsluform, viðurkennt af yfirdýralækni, sem skráningaraðili lætur í té.

Eftirfarandi upplýsingar um nautgripi skal skrá:

1) Fæðingardag/fæðingarmánuð og ár.
2) Einstaklingsnúmer dýrs.
3) Valnúmer, ef um slíkt er að ræða.
4) Kyn og stofn dýrsins.
5) Einstaklingsnúmer móður og föður.
6) Dagsetningu slátrunar og ef dýrið ferst eða glatast.
7) Alla flutninga lífdýra til og frá hjörð, bæði varanlega og tímabundna og auk þess:
   a) Nafn, heimilsfang og eigenda- eða bæjarnúmer sendanda og móttakanda.
   b) Fjölda dýra sem flutt/seld eru,
   c) Dagsetning flutnings.
8) Móttekin plötumerki.

Eftirfarandi upplýsingar um lífdýr svína skal skrá í hjarðbók:

1) Einstaklingsnúmer.
2) Fæðingardag.
3) Einstaklingsnúmer móður og föður.
4) Valnúmer, ef um slíkt er að ræða.
5) Stofn.
6) Dagsetningu dauða eða slátrunar.
7) Alla lífdýraflutninga og grísaflutninga til og frá hjörð, bæði varanlega og tímabundna og auk þess:
   a) Nafn, heimilisfang og framleiðandanúmer sendanda og móttakanda.
   b) Fjölda dýra sem flutt/seld eru.
   c) Dagsetningu flutnings.

d) Nafn og kennitölu flutningsaðila.

Þegar nýtt dýr kemur inn í hjörð skal skrá einstaklingsnúmer dýrsins.

8. gr.

Heilsukort.

Umráðamaður búfjár er ábyrgur fyrir að sjúkdómar í búfé hans og meðhöndlun þeirra sé skráð, sem og fyrirbyggjandi aðgerðir. Upplýsingar skulu skráðar á eyðublöð sem yfirdýralæknir viðurkennir eða í tölvuskrár. Við flutning dýra milli hjarða skal afrit heilsukorts fylgja dýrinu til móttakanda.

9. gr.

Varðveisla hjarðbókar og heilsukorta.

Hjarðbækur og heilsukort skulu umráðamenn búfjár varðveita í a.m.k. 10 ár. Sama gildir þótt framleiðslu sé hætt.

Umráðamaður búfjár skal, að ósk héraðsdýralæknis, veita allar umbeðnar upplýsingar um uppruna, númer og eftir því sem við á, áfangastað þeirra dýra sem hann hefur átt, alið, selt á fæti eða slátrað.

10. gr.

Ábyrgð sláturhúsa.

Að slátrun lokinni tilkynnir umsjónarmaður sláturhúss skráningaraðila á tölvutæku formi númer dýrs eða dýra, fjölda, uppruna þeirra, auk nafns og heimilisfangs sláturhúss.

Afurðum sem fluttar eru frá sláturhúsi til frekari vinnslu og sölu (heilum skrokkum og skrokkhlutum) skal fylgja framleiðandanúmer og/eða hópnúmer dýrs eða eldishóps. Auk þess skal afurðum fylgja bæjar- eða eigendanúmer og einstaklingsnúmer dýrs, eftir því sem við á.

11. gr.

Óskráð dýr.

Komi í ljós að skráningu dýra í tiltekinni hjörð sé ábótavant skal stöðva allan flutning dýra frá hjörðinni þar til úr hefur verið bætt.

12. gr.

Grunur um smitsjúkdóm.

Vakni grunur um smitsjúkdóm í hjörð skal umráðamaður búfjár þegar í stað tilkynna það héraðsdýralækni, sbr. ákvæði 5. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og ákvæði reglugerðar nr. 665/2001 um viðbrögð við smitsjúkdómum.

13. gr.

Tölvuskráningarkerfi.

Vegna skráningar á upplýsingum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skal vera til staðar samræmt tölvuskráningarkerfi sem aðgengilegt er öllum sem ala dýr til slátrunar.

Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirumsjón með rekstri skráningarkerfisins en felur Bændasamtökum Íslands eða öðrum til þess bærum aðilum að hafa umsjón með skráningu upplýsinga í tölvuskráningarkerfið skv. ákvæðum reglugerðar þessarar.

Skylt er að boða nefndarfund óski tveir eða fleiri nefndarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fund í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á nefndarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók nefndarinnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send rektor.

Sé ráðinn forstöðumaður fyrir starfsemi nefndarinnar situr hann nefndarfundi með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

6. gr.

Verkefni nefndarinnar.

Nefndin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir um störf sín, setur starfseminni rannsóknarstefnu og veitir fé til einstakra rannsóknarverkefna. Þá ber nefndin ábyrgð á fjármálum nefndarinnar gagnvart háskólaráði og samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun. Nefndin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða starfsemina.

7. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn.

Heimilt er rektor, að fenginni tillögu nefndarinnar, að ráða forstöðumann fyrir starfsemi nefndarinnar. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf. Skal sá sem ráðinn er forstöðumaður hafa háskólapróf.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur nefndarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem nefndin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf, og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum, fer nefndin eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

8. gr.

Fjármál.

Tekjur erfðafræðinefndar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

a. fjárveitingar skv. ákvörðun háskólaráðs,
b. framlag skv. samstarfssamningum við Landspítala – háskólasjúkrahús og aðila utan Háskólans,
c. styrkir til einstakra verkefna,

d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi byggðar á gjaldskrá nefndarinnar sem háskólaráð hefur staðfest,
e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Reikningshald nefndarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri nefndarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur settar af háskólaráði þann 9. júní 1966 um erfðafræðinefnd Háskóla Íslands.

Háskóla Íslands, 2. júlí 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

Nr. 501 28. júní 2002

REGLUR

um Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Alþjóðamálastofnun er rannsóknar-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er við Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir undir háskólaráð og er meðal annars vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði alþjóðamála og smáríkjarannsókna. Innan stofnunarinnar starfar Rannsóknasetur um smáríki, sbr. 3. gr.

Utanríkisráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins taka þátt í stjórn stofnunarinnar samkvæmt sérstökum samstarfssamningi sem staðfestur er af háskólaráði. Heimilt er að veita öðrum samtökum í atvinnulífi og opinberum aðilum aðild að samstarfssamningnum.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Alþjóðamálastofnunar er:

a. að vinna þjónustuverkefni fyrir atvinnulíf og opinbera aðila,
b. að auka samstarf milli fræðimanna, atvinnulífs og opinberra aðila á sviði alþjóðamála og vera meðal annars leiðandi í rannsóknum á smáríkjum,
c. að vinna að rannsóknaverkefnum meðal annars í samstarfi við erlenda aðila,
d. að treysta samvinnu milli samstarfsaðila í þágu þverfaglegs náms, efla skilning á

þeim hagsmunum sem þverfaglegu námi tengjast og stuðla að auknum fjölda námskeiða um smáríki í grunn- og framhaldsnámi á háskólastigi,
e. að auka möguleika námsmanna og kennara til náms- og kennsluskipta,
f. að gangast fyrir símenntunarnámskeiðum, ráðstefnum, umræðufundum og fyrirlestrum um efni sem varða starfssvið stofnunarinnar og
g. að vinna að útgáfu rita um alþjóðamál með því að stofna ritrýnd tímarit á vefnum, meðal annars um smáríki.

3. gr.
Skipulag.

Rannsóknasetur um smáríki er faglega sjálfstæð eining sem starfar innan Alþjóðamálastofnunar.

Alþjóðamálastofnun getur ákveðið að setja á fót önnur rannsóknasetur á grundvelli verkefna stofnunarinnar, þar á meðal langtíma þjónustuverkefna, og að forstöðumaður sé ráðinn fyrir hverju setri. Sé forstöðumaður ráðinn til seturs er hann ábyrgur gagnvart stjórn stofnunarinnar í starfi sínu og annast daglegan rekstur í umboði hennar. Forstöðumaður hefur eftirlit með starfsmönnum setursins og fjármálum auk þess að gera rekstraráætlanir og stýra rannsóknarverkefnum.

4. gr.
Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 9. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

5. gr.
Stjórn.

Háskólaráð skipar stofnuninni ellefu manna stjórn til þriggja ára í senn. Fjórir stjórnarmanna eru skipaðir beint af háskólaráði án tilnefningar. Þrír stjórnarmanna eru skipaðir af háskólaráði samkvæmt tilnefningu aðila að samstarfssamningi um stofnunina sbr. 2. mgr. 1. gr. Fjórir stjórnarmanna eru skipaðir að fengnum tillögum þeirra sem aðild eiga að stofnuninni, sbr. 6. gr.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann úr þeim hópi sem háskólaráð skipar án tilnefningar og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skal velja þriggja til fimm manna framkvæmdastjórn undir forystu stjórnarformanns. Umboð framkvæmdastjórnar ræðst af ákvörðun stjórnar.

Sé ekki ráðinn forstöðumaður við stofnunina kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar, annast daglegan rekstur hennar og framkvæmd á ákvörðunum stjórnar.

6. gr.
Aðild.

Aðild að stofnuninni geta átt prófessorar, dósentar og lektorar (þ.m.t. erlendir sendikennarar) við Háskóla Íslands. Einnig aðrir sem stjórn veitir starfsaðstöðu, svo sem stundakennarar, gistikennarar, sérfræðingar, nýdoktorar og framhaldsnemar.

Auk þessa geta aðrir fræðimenn, innan eða utan Háskólans, átt aðild að stofnuninni.

Stjórnin veitir aðild að stofnuninni á grundvelli umsóknar eða tillögu. Þeir sem aðild eiga að stofnuninni taka þátt í tillögugerð um stjórnarmenn sbr. 1. mgr. 5. gr. en um frekari þátt þeirra í stjórnun stofnunarinnar skal kveðið í starfsreglum sem stjórnin setur.

7. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fund í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send samstarfsaðilum sem aðild eiga að stjórn.

Ef forstöðumaður er ráðinn til stofnunarinnar situr hann stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

8. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina, setur henni rannsóknarstefnu og veitir fé til einstakra rannsóknarverkefna. Þá ber stjórnin ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar gagnvart háskólaráði og samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin getur skipað starfshópa til að vinna að framgangi tiltekinna mála til lengri eða skemmri tíma. Sérstaka áherslu skal leggja á að fá einstaklinga utan stjórnar í starfshópana, einkum erlenda fræðimenn og aðra sem aðild eiga að stofnuninni. Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórn efnir til ársfundar. Ársfund skal að jafnaði halda á fyrsta ársfjórðungi, og leggja þar fram ársskýrslu, fjárhagsáætlun ársins og fjárhagsyfirlit síðasta árs. Ársfundur er jafnframt vettvangur umræðu um rekstur og starfsemi stofnunarinnar og um rannsóknastefnu. Ársfundinn sitja auk stjórnar og starfsmanna, þeir sem aðild eiga að stofnuninni sbr. 6. gr. sem og gestir.

9. gr.

Forstöðumaður og starfslið.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar.

Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

10. gr.

Fjármál.

Tekjur Alþjóðamálastofnunar eru eftirfarandi:

a. fjárveitingar skv. ákvörðun háskólaráðs,
b. framlag frá þeim sem aðild eiga að stjórn stofnunarinnar sbr. 2. mgr. 1. gr., enda verði gerðir sérstakir samningar þar um.
c. styrkir til einstakra verkefna,
d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
e. tekjur af útgáfustarfsemi,
f. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

11. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 212/1990 um Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, sbr. ákvæði til bráðabirgða (9) í reglum nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 28. júní 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

28. júní 2002 Nr. 502

REGLUR

um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.

1. gr.

Ákvörðun um fjöldatakmörkun.

Hjúkrunarfræðideild leggur fyrir háskólaráð, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur um fjölda stúdenta sem unnt er að taka til náms í hjúkrunarfræði. Skal beiðni frá deildinni, þar að lútandi, send háskólaráði fyrir lok nóvember. Háskólaráð afgreiðir tillögur hjúkrunarfræðideildar eigi síðar en í janúar.

Ef fjöldatakmörkun er ákveðin fer val stúdenta til náms fram í samræmi við eftirfarandi ákvæði um fyrirkomulag og niðurstöður samkeppnisprófa.

2. gr.

Fyrirkomulag samkeppnisprófa.

Prófað verður í öllum þeim námskeiðum, sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs. Stúdentar verða að taka öll prófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.

Þeim stúdentum, sem þreyta samkeppnispróf á haustmisseri 1. námsárs, er raðað eftir lækkandi heildareinkunn. Sá fjöldi stúdenta sem ákveðinn hefur verið sbr. 1. gr., þeirra stúdenta sem bestum árangri ná á samkeppnisprófum, fær rétt til áframhaldandi náms í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Ef tveir eða fleiri stúdentar eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormisseri 1. námsárs.

3. gr.

Vægi greina og fyrirgjöf.

Prófað verður úr fimm námskeiðum. Vægi þeirra er ákveðið af deildarfundi að fengnum tillögum námsnefndar. Vægi þeirra er sem hér segir:

Inngangur að hjúkrunarfræði I	20%
Félagsfræði I	20%
Heimspekileg forspjallsvísindi	20%

Efnafræði	20%
Líffærafræði	20%

Einkunn fyrir hvert námskeið er gefin með tveimur aukastöfum, frá 0,0-10,0. Þær einkunnir eru síðan aðlagaðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í numerus clausus fæst með því að leggja saman einkunnir úr einstökum námskeiðum, sem þannig hafa verið vegnar. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun stúdenta varðandi áframhaldandi nám.

Stefnt er að því að einkunnir úr samkeppnisprófi að loknu haustmisseri 1. námsárs hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands verði birtar fyrir 10. janúar.

4. gr.

Sjúkrapróf o.fl.

Sjúkrapróf verða haldin, ef nauðsyn krefur, svo fljótt sem auðið er.

Að öllu jöfnu er stúdentum ekki veitt námsleyfi á fyrsta námsári.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði, hefur háskólaráð sett með stoð í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 3. mgr. 127. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 28. júní 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

Nr. 503 2. júlí 2002

REGLUR

um breytingu á reglum um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

5. gr. reglna nr. 885/2001, um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands, sbr. 1. gr. reglna nr. 134/2002, breytist og verður svohljóðandi:

Framkvæmd og námsefni í inntökuprófi.

Undirbúningur fer fram af hálfu læknadeildar í samstarfi við kennara framhaldsskóla. Prófið tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próftímum hvorn daginn, eða 12 klst. alls.

Í stað hefðbundinna viðtala, sem víða tíðkast við inntöku nýnema, verður prófið að hluta til mat á almennri þekkingu, nálgun og úrlausn vandamála svo og spurningar um siðfræðileg álitaefni. Tveir tveggja tíma próftímar verða nýttir fyrir þennan hluta er gildir 30% af heild. Í þeim hluta er um að ræða krossapróf og stuttar ritgerðir. Þessi prófþáttur byggir ekki á ákveðnu námsefni.

Hinir próftímarnir fjórir verða fyrir krossapróf eingöngu (70% hluti) með tveimur mínútum að meðaltali fyrir hverja spurningu, eða samtals 240 spurningar.

Sá hluti miðast við námsefni framhaldsskóla, svo sem lýst er hér á eftir. Áfangar sem mælt er með til undirbúnings, er lýst í „Aðalnámskrá framhaldsskóla - almennum hluta, 1999“.

Í fyrsta sinn (árið 2003) verður einkum miðað við þá áfanga sem eru í kjörnum mála-, náttúrufræði- og félagsfræðibrauta. Áherslur einstakra greina, úr ráðlögðum áföngum geta síðar orðið mismunandi frá einu ári til annars.

Þeir áfangar sem lagðir eru til grundvallar fyrir prófið eru eftirfarandi:

a) Eðlisfræði, EÐL 103, 203
b) Efnafræði, EFN 103, 203, 303, 313
c) Enska, ENS 103, 203, 303, 403
d) Félagsfræði, FÉL 103
e) Íslenska, ÍSL 102, 202, 212, 303, 403, 503
f) Náttúruvísindi, NÁT 103, 113, 123, LÍF 103, LÍF 203
g) Saga, SAG 103, 203
h) Stærðfræði, STÆ 103, 203, 303, 403, 503
i) Tölfræði, STÆ 313
j) Sálarfræði, SÁL 103

Læknadeild tilnefnir umsjónarmenn með samningu prófsins og til að fara yfir prófúrlausnir. Háskólarektor skipar, að fengnum tillögum læknadeildar, prófdómara einn eða fleiri eftir atvikum.

Þar sem ekki er um að ræða krossapróf dæma umsjónarmenn annars vegar og prófdómari hins vegar úrlausnir og gefa sjálfstætt einkunn fyrir úrlausnir. Endanleg niðurstaða er meðaltal þeirra einkunna.

Lágmarkseinkunn er 5,0. Einkunnir verða reiknaðar með tveimur aukastöfum.

Próf verða síðar aðgengileg á netinu.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett að tillögu Félags íslenska framhaldsskóla, með stoð í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 3. mgr. 89. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 2. júlí 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

8. júlí 2002 Nr. 504

AUGLÝSING

um skipulagsbreytingu við Klettás í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 27. júní 2002 óverulega breytingu á deiliskipulagi við Klettás 7-11 í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ.

Í breytingunni felst að fjölgað verður um eina íbúð á lóðinni þ.e. í stað þriggja íbúða í raðhúsi verða nú fjórar við Klettás 7, 9, 11 og 11a.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 8. júlí 2002.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

REGLUR

um breytingu (10) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Fyrsta málsgrein 103. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Til B.A.-prófs er krafist minnst 90 eininga að viðbættum heimspekilegum forspjallsvísindum (3 einingar). Stúdent velur sér aðalgrein úr kennslugreinum þeim sem upp eru taldar í 2. mgr. 101. gr. og tekur í henni minnst 60 einingar. Einnig skal stúdent velja aukagrein úr sömu greinum og ljúka í henni 30 einingum. Stúdent er heimilt að ljúka 90 einingum námi í aðalgrein og sleppa aukagrein. Stúdent er einnig heimilt að ljúka 60 einingum námi í tveimur aðalgreinum, samtals 120 einingum, og skrifa B.A.-ritgerð í báðum greinum. Telst hann þá hafa lokið B.A.-prófi í tveimur greinum. Stúdent er heimilt með samþykki heimspekideildar að sækja aukagrein til annarra deilda. Ákveða má að hluti aðalgreinar eða aukagreinar sé valfrjáls námskeið. Heimilt er stúdent með leyfi skorar að sækja námskeið til annarra deilda. Minnst 5 einingar skulu felast í samningu lokaritgerðar.

2. gr.

Aftast í upptalningu kennslugreina í 1. mgr. 117. gr. kemur nýr liður (5) svohljóðandi:

Til M.Paed.-prófs í fræðigreinum deildarinnar. Prófgráðan M.Paed. er veitt fyrir 45 einingum náms og skulu 30 einingar teknar í raunvísindadeild og 15 einingar í félagsvísindadeild, samkvæmt nánari reglum sem raunvísindadeild setur og háskólaráð staðfestir.

3. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 28. júní 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

Nr. 506 26. júní 2002

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Fjarðabyggð.

Bakkagerði 1.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 8. maí 2002 samþykkt deiliskipulag nefnt Bakkagerði 1 í Fjarðabyggð. Um er að ræða íbúðarsvæði austan Oddnýjarhæðar og norðan Austurvegar á Reyðarfirði. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Heiðarvegur - Efstagerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 23. maí 2002 samþykkt deiliskipulag nefnt Heiðarvegur – Efstagerði í Fjarðabyggð. Um er að ræða íbúðarsvæði norðan Hæðargerðis á Reyðarfirði. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Stekkir 1.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 8. maí 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi nefnt Stekkir 1 í Fjarðabyggð. Um er að ræða íbúðarsvæði vestan Réttarholts á Reyðarfirði. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi feldur áður samþykktur skipulagsuppdráttur fyrir sama svæði frá 14. september 1993.

Fjarðabyggð, 26. júní 2002.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Guðmundur Björnsson bæjarstjóri.

2. júlí 2002 Nr. 507

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (V).

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 89/2001 frá 17. janúar 2001 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja skal gilda á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2001 frá 17. janúar 2001 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerðin (EB) nr. 89/2001 fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá félagsmálaráðuneytinu nr. 526/2002 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Í reglugerð fjármálaráðuneytisins nr. 523/2002 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 89/2001 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2001, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 23, 2. maí 2002, bls. 370-375, er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. júlí 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 89/2001

frá 17. janúar 2001

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja ([1]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1399/1999 ([2]), einkum 122. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tiltekin aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra hafa farið fram á að viðaukum við reglugerð (EBE) nr. 574/72 verði breytt.

2) Þessar breytingar eru til komnar vegna ákvarðana sem aðildarríkin, hlutaðeigandi aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra, sem bera ábyrgð á framkvæmd löggjafar um almannatryggingar samkvæmt lögum bandalagsins, hafa tekið.

3) Fengist hefur samhljóða álit framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 1. til 5. viðauka og 10. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 574/72 er breytt samkvæmt viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. janúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Anna DIAMANTOPOULOU

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 164, 30.6.1999, bls. 1.

VIÐAUKI

1. Ákvæðum 1. viðauka er breytt sem hér segir:

Þættinum „O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“ er breytt sem hér segir:

i) Eftirfarandi 1. liður b bætist við:

„1b. Commissioners of the Inland Revenue or their official representative (ríkisskattstjórar eða opinber fulltrúi þeirra), London.“

ii) Eftirfarandi komi í stað 5. liðar:

„5. Principal Secretary, Social Affairs (aðalritari félagsmála), Gíbraltar“.

iii) Eftirfarandi komi í stað 6. liðar:

„6. Chief Executive of the Gibraltar Health Authority (aðalframkvæmdastjóri heilbrigðismála á Gíbraltar)“.

2. Ákvæðum 2. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Þættinum „C. ÞÝSKALAND“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað 3. liðar:

„3. Ellitryggingar fyrir bændur:	Gesamtverband der landwirtschaftlichen Alterskassen (landssamtök ellitryggingasjóða landbúnaðarins), Kassel“

b) Þættinum „D. SPÁNN“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað 6. liðar:

„a) Vegna elli, andláts (einnig lífeyris barna sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra) og örorkulífeyris:	Dirección General de Costes de Personal y Pensiones Públicas (aðalskrifstofa starfsmannakostnaðar og lífeyris frá hinu opinbera) — Ministerio de Economía y Hacienda – (fjármála- og viðskiptaráðuneyti)
b) Vegna viðurkenningar bóta vegna mikillar örorku og bóta vegna fatlaðs barns á framfæri:	La Mutualidad General Judicial (gagnkvæmur bótatryggingasjóður á vegum dómstólanna), Madrid“

c) Þættinum „O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“ er breytt sem hér segir:

Í 2. lið komi eftirfarandi í stað þriðja undirliðar:

„— Gíbraltar: Principal Secretary, Social Affairs (aðalritari félagsmála), Gíbraltar“.

3. Ákvæðum 3. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Þættinum „C. ÞÝSKALAND“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað 4. liðar:

„4. Ellitryggingar fyrir bændur:	Gesamtverband der landwirtschaftlichen Alterskassen (landssamtök ellitryggingasjóða landbúnaðarins), Kassel“

b) Þættinum „J. HOLLAND“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað b-liðar 3. liðar:

„b) í samskiptum við Belgíu:	Bureau voor Belgische Zaken (deild almannatrygginga sem fer með málefni tengd Belgíu), Breda“

c) Þættinum „O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“ er breytt sem hér segir:

i) Í 1. lið komi eftirfarandi í stað annars undirliðar:

„— Gíbraltar: Gibraltar Health Authority (heilbrigðisyfirvöld), 17 Johnstone's Passage, Gibraltar“.

ii) Eftirfarandi komi í stað 2. liðar:

„2. Bætur í peningum (nema fjölskyldubætur):

— Stóra-Bretland:	Department of Social Security (almannatryggingaráðuneytið), Benefits Agency (bótadeild), Pensions and Overseas Benefits Directorate (skrifstofa lífeyrisgreiðslna og bóta handan hafsins), Newcastle upon Tyne NE98 1BA
— Norður-Írland:	Department of Health and Social Services (heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið), Northern Ireland Social Security Agency (almannatryggingastofnun Norður-Írlands), Network Support Branch (netstuðningsdeild), Overseas Benefits Unit (bótadeild handan hafsins), Castle Buildings, Belfast BT4 3SP
— Gíbraltar:	Department of Social Services (félagsmálaráðuneytið), 23 Mackintosh Square, Gibraltar“

iii) Í 3. lið komi eftirfarandi í stað þriðja undirliðar:

— Gíbraltar:	Department of Social Services (félagsmálaráðuneyti), 23 Mackintosh Square, Gibraltar“

4. Ákvæðum 4. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Þættinum „C. ÞÝSKALAND“ er breytt sem hér segir:

i) Eftirfarandi 5. liður a bætist við:

„5a. Lífeyrisgreiðslur opinberra starfsmanna:	Bundesversicherungsanstalt für Angestellte (tryggingastofnun skrifstofufólks), Berlín“

ii) Eftirfarandi komi í stað 6. liðar:

„6. Ellitryggingar fyrir bændur:	Gesamtverband der landwirtschaftlichen Alterskassen (landssamtök ellitryggingasjóða landbúnaðarins), Kassel“

b) Þættinum „D. SPÁNN“ er breytt sem hér segir:

Ákvæðum 7. liðar er breytt sem hér segir:

„a) Vegna elli, andláts (einnig lífeyris barna sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra) og örorkulífeyris:	Dirección General de Costes de Personal y Pensiones Públicas (aðalskrifstofa starfsmannakostnaðar og lífeyris frá hinu opinbera) — Ministerio de Economía y Hacienda – (fjármála- og viðskiptaráðuneyti)
b) Vegna viðurkenningar bóta vegna mikillar örorku og bóta vegna fatlaðs barns á framfæri:	La Mutualidad General Judicial (gagnkvæmur bótatryggingasjóður á vegum dómstólanna), Madrid“

c) Þættinum „J. HOLLAND“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað b-liðar 2. liðar:

„b) í samskiptum við Belgíu:	Bureau voor Belgische Zaken (deild almannatrygginga sem fer með málefni tengd Belgíu), Breda“

d) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“:

„Stóra-Bretland

a) iðgjöld og aðstoð við launþega sem starfa utan aðalstöðva	National Insurance Contributions Office of the Inland Revenue (tryggingaiðgjaldaskrifstofa ríkisskattstjóra), International Services (alþjóðadeild), Newcastle upon Tyne, NE98 1ZZ
b) aðrar fyrirspurnir:	Department of Social Security (almannatryggingaráðuneytið), Benefits Agency (bótadeild), Pensions and Overseas Benefits Directorate (skrifstofa lífeyrisgreiðslna og bóta handan hafsins), Newcastle upon Tyne NE98 1BA

Norður-Írland:	Department of Health and Social Services (heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið), Northern Ireland Social Security Agency (almannatryggingastofnun Norður-Írlands), Network Support Branch (netstuðningsdeild), Overseas Benefits Unit (bótadeild handan hafsins), Castle Buildings, Belfast BT4 3SP
Gíbraltar:	Department of Social Security (almannatryggingaráðuneytið), Benefits Agency (bótadeild), Pensions and Overseas Benefits Directorate (skrifstofa lífeyrisgreiðslna og bóta handan hafsins), Newcastle upon Tyne NE98 1BA

5. Ákvæðum 5. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar „20. DANMÖRK-ÍTALÍA“ komi eftirfarandi:

„a) Bréfaskipti frá 12. nóvember 1982 og 12. janúar 1983 er varða 3. mgr. 36. gr. reglugerðarinnar (gagnkvæm niðurfelling endurgreiðslna á kostnaði við aðstoð vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar samkvæmt skilmálum 1. kafla í III. bálki reglugerðarinnar, að c-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar undanskildum).

b) Samningur frá 18. nóvember 1998 um endurgreiðslu á kostnaði samkvæmt 36. og 63. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 (aðstoð samkvæmt tryggingu vegna veikinda, meðgöngu og fæðingar, vinnuslysa og atvinnusjúkdóma) og 105. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 (kostnaður vegna eftirlits og læknisskoðana).“

b) Í stað færslunnar „24. DANMÖRK-PORTÚGAL“ komi eftirfarandi:

„Samningur frá 17. apríl 1998 um niðurfellingu á hluta endurgreiðslna á kostnaði samkvæmt 36. og 63. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 (aðstoð samkvæmt tryggingu vegna veikinda, meðgöngu og fæðingar, vinnuslysa og atvinnusjúkdóma) og 105. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 (kostnaður vegna eftirlits og læknisskoðana).“

c) Í stað færslunnar „45. SPÁNN-HOLLAND“ komi eftirfarandi:

„Samningur frá 21. febrúar 2000 milli Hollands og Spánar um einföldun uppgjörs á gagnkvæmum kröfum vegna tryggingabóta vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar á grundvelli framkvæmdar ákvæða reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72.“

d) Í stað færslunnar „50. SPÁNN-BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“ komi eftirfarandi:

„Samningur frá 18. júní 1999 um endurgreiðslu kostnaðar vegna aðstoðar sem veitt er samkvæmt ákvæðum reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72.“

e) Eftirfarandi d- og e-liður bætast við færsluna „53. FRAKKLAND–ÍTALÍA“:

„d) Bréfaskipti frá 2. apríl 1997 og 20. október 1998 um breytingar á bréfaskiptum, sem um getur í b- og c-lið, um reglur við uppgjör á gagnkvæmum skuldum samkvæmt 93., 94., 95. og 96. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.

e) Samningur frá 28. júní 2000 um niðurfellingu á endurgreiðslu kostnaðar, sem um getur í 1. mgr. 105. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, vegna eftirlits og læknisskoðana sem farið var fram á samkvæmt 51. gr. framangreindrar reglugerðar.“

f) Í stað færslunnar „55. FRAKKLAND-HOLLAND“ komi eftirfarandi:

„a) Samningur frá 28. apríl 1997 um niðurfellingu á endurgreiðslu kostnaðar vegna eftirlits og læknisskoðana samkvæmt 105. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.

b) Samningur frá 29. september 1998 þar sem mælt er fyrir um sérstök skilyrði til að ákveða fjárhæðir sem endurgreiða á vegna aðstoðar samkvæmt skilmálum reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72.

c) Samningur frá 3. febrúar 1999 þar sem mælt er fyrir um sérstök skilyrði um meðhöndlun og uppgjör gagnkvæmra skulda vegna aðstoðar vegna veikinda samkvæmt skilmálum reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72.“

g) Í stað færslunnar „57. FRAKKLAND-PORTÚGAL“ komi eftirfarandi:

„Samningur frá 28. apríl 1999 þar sem mælt er fyrir um sérstakar, nákvæmar reglur um meðhöndlun og uppgjör gagnkvæmra krafna vegna læknishjálpar samkvæmt ákvæðum reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72.“

h) Í stað færslunnar „58. FRAKKLAND-BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“ komi eftirfarandi:

„a) Bréfaskipti frá 25. mars og 28. apríl 1997 um 2. mgr. 105. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar (um niðurfellingu á endurgreiðslu kostnaðar vegna eftirlits og læknisskoðana).

b) Samningur frá 8. desember 1998 um sérstakar aðferðir við að ákveða fjárhæðir sem endurgreiða á vegna aðstoðar samkvæmt ákvæðum reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72.“

i) Í stað færslunnar „63. GRIKKLAND-AUSTURRÍKI“ komi eftirfarandi:

„Samningur um niðurfellingu á endurgreiðslu kostnaðar vegna eftirlits og læknisskoðana sem kveðið er á um í 2. mgr. 105. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar í formi skriflegrar skýrslu sem er dagsett 29. apríl 1999.“

j) Í stað færslunnar „94. AUSTURRÍKI-PORTÚGAL“ komi eftirfarandi:

„Samningur frá 16. desember 1998 um endurgreiðslu vegna aðstoðar.“

6. Ákvæðum 10. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Þættinum „D. SPÁNN“ er breytt sem hér segir:

i) Eftirfarandi 8. liður bætist við:

„8. Sérstakt almannatryggingakerfi fyrir opinbera starfsmenn

Við beitingu 14. gr. e, 14. gr. f og 17. gr. reglugerðarinnar og 12. gr. b í framkvæmdar-reglugerðinni	Mutualidad General de Funcionarios Civiles del Estado, Servicios Centrales (gagnkvæmt almannatryggingakerfi fyrir ríkisstarfsmenn, þjónustumiðstöð), Madrid“

ii) Eftirfarandi 9. liður bætist við:

„9. Sérstakt almannatryggingakerfi fyrir yfirmenn í hernum

Við beitingu 14. gr. e, 14. gr. f og 17. gr. reglugerðarinnar og 12. gr. b í framkvæmdar-reglugerðinni	Instituto Social de las Fuerzas Armadas (almannatryggingastofnun hersins), Madrid“

iii) Eftirfarandi 10. liður bætist við:

„10. Sérstakt almannatryggingakerfi fyrir embættismenn réttarkerfisins

Við beitingu 14. gr. e, 14. gr. f og 17. gr. reglugerðarinnar og 12. gr. b í framkvæmdar-reglugerðinni	Mutualidad General Judicial (gagnkvæmur bótatryggingasjóður á vegum dómstólanna), Madrid“

b) Þættinum „J. HOLLAND“ er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað 2. liðar:

„2. Við beitingu 3. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglu-gerðarinnar að því er varðar aðstoðarfólk á vegum Evrópubandalaganna sem er ekki búsett í Hollandi (á aðeins við um aðstoð):	sjúkratryggingasjóður sem hlutaðeigandi einstak-lingur tilheyrir“

c) Þættinum „O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“ er breytt sem hér segir:

i) Eftirfarandi komi í stað 1. liðar:

„1. Við beitingu 14. gr. c, 14. gr. d (3. mgr.) og 17. gr. reglugerðarinnar og 6. gr. (1. mgr.), 11. gr. (1. mgr.), 11. gr. a (1. mgr.), 12. gr. a, 13. gr. (2. og 3. mgr.), 14. gr. (1., 2. og 3. mgr.), og 80. gr. (2. mgr.), 81. gr., 82. gr. (2. mgr.) og 109. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:

Stóra-Bretland:	National Insurance Contributions Office of the Inland Revenue (tryggingaiðgjaldaskrifstofa ríkis-skattstjóra), International Services (alþjóðadeild), Newcastle upon Tyne, NE98 1ZZ
Norður-Írland:	Department of Health and Social Services (heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið), Northern Ireland Social Security Agency (almannatrygg-ingastofnun Norður-Írlands), Network Support Branch (netstuðningsdeild), Overseas Benefits Unit (bótadeild handan hafsins), Castle Buildings, Belfast BT4 3SP

ii) Eftirfarandi komi í stað 2. liðar:

„2. Við beitingu 36. gr. og 63. gr. reglugerðarinnar og 8. gr., 38. gr. (1. mgr.), 70. gr. (1. mgr.), 91. gr. (2. mgr.), 102. gr. (2. mgr.), 110. gr. og 113. gr. (2. mgr.) framkvæmdarreglugerðarinnar:

Stóra-Bretland:	Department of Social Security (almannatryggingaráðuneytið), Benefits Agency (bótadeild), Pensions and Overseas Benefits Directorate (skrifstofa lífeyrisgreiðslna og bóta handan hafsins), Newcastle upon Tyne, NE98 1BA
Norður-Írland:	Department of Health and Social Services (heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið), Northern Ireland Social Security Agency (almannatryggingastofnun Norður-Írlands), Network Support Branch (netstuðningsdeild), Overseas Benefits Unit (bótadeild handan hafsins), Castle Buildings, Belfast BT4 3SP“

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 117/2001

frá 28. september 2001

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2001 frá 19. júní 2001 ([1]).

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 89/2001 frá 17. janúar 2001 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Vegna lagabreytinga á Íslandi er nauðsynlegt að breyta aðlögunartextanum í 2. lið VI. viðauka við samninginn.

([1]) Stjtíð. EB L 238, 6.9.2001, bls. 21 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 16.).
([2]) Stjtíð. EB L 14, 18.1.2001, bls. 16.)

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við á undan aðlögunartextanum:
„- **32001 R 0089:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 89/2001 frá 17. janúar 2001 (Stjtíð. EB L 14, 18.1.2001, bls. 16)".

2. Eftirfarandi komi í stað textans í þætti „P. ÍSLAND" í b-lið í aðlögunartextanum:
„1. Veikindi, meðganga og fæðing:

a) Veikindi
Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík

b) Meðganga og fæðing:
Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík

2. Örorku-, elli- og dánarbætur (lífeyrir):

a) Lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar:
Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík

b) Lífeyrir samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða:

Lífeyrissjóður sem viðkomandi aðili greiddi iðgjöld til.

Samskiptastofnun fyrir lífeyrissjóðina er Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík.

3. Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma:

a) Aðstoð og lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar
Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík.

b) Lífeyrir samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða:

Lífeyrissjóður sem viðkomandi aðili greiddi iðgjöld til.

Samskiptastofnun fyrir lífeyrissjóðina er Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík.

4. Atvinnuleysisbætur:

Vinnumálastofnun, Reykjavík.

5. Fjölskyldubætur:

a) Fjölskyldubætur að undanskildum barnabótum:
Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík

b) Barnabætur og barnabótaauki:
Ríkisskattstjóri, Reykjavík".

3. Eftirfarandi komi í stað textans í 2. hluta (atvinnuleysisbætur) í þætti „P. ÍSLAND" í c-lið í aðlögunartextanum:

„Atvinnuleysisbætur:
Vinnumálastofnun, Reykjavík“.

4. Eftirfarandi komi í stað textans í 2. hluta (atvinnuleysisbætur) í þætti „P. ÍSLAND“ í f-lið í aðlögunartextanum:

„Atvinnuleysisbætur:
Vinnumálastofnun, Reykjavík“.

5. Eftirfarandi komi í stað texta fyrstu málsgreinar 1. hluta í þætti „P. ÍSLAND“ í m-lið í aðlögunartextanum:

„Vegna beitingar d-liðar 2. mgr. 13. gr., a-liðar 1. mgr. 14. gr., b-liðar 2. mgr. 14. gr., a-liðar 1. mgr. í gr. 14a, 2. mgr. í gr. 14a, 4. mgr. í gr. 14a, 1. mgr. í gr. 14b, 2. mgr. í gr. 14b, 4. mgr. í gr. 14b, a-liðar í gr. 14c og gr.14e í reglugerðinni og 11. gr., gr. 11a, a-liðar 2. mgr. í gr. 12a, c-liðar 5. mgr. í gr. 12a, a-liðar 7. mgr. í gr. 12a og gr. 12b í framkvæmdarreglugerðinni:“

6. Eftirfarandi komi í stað texta annarrar málsgreinar 4. hluta í þætti „P. ÍSLAND“ í m-lið í aðlögunartextanum:
„Vinnumálastofnun, Reykjavík“.

2. gr.

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 89/2001 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. september 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Seltjarnarneskaupstaðar.

I. KAFLI
Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar er skipuð 7 bæjarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Seltjarnarneskaupstaðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Seltjarnarneskaupstaðar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bæjarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.

II. KAFLI
Um fundarsköp bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, annan og fjórða miðvikudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Mánuðina janúar, júlí, ágúst og desember skal þó aðeins vera einn reglulegur fundur þriðja miðvikudag hvers mánaðar.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og

forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá bæjarstjórnarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri bæjarstjórnarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum bæjarfélagsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti bæjarstjórnar ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarstjórnarmönnum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bæjarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu bæjarfélagsins, skrifstofu bæjarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórnin ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti bæjarstjórnar nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni skal hann víkja sæti og kjör forseta bæjarstjórnar fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri tveggja varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórninni.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórnin ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur bæjarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti bæjarstjórnar úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti bæjarstjórnar sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti bæjarstjórnar vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta bæjarstjórnar þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

